

ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐU 2013

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra	3 - 5
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Helstu niðurstöður	7
Rekstrarreikningur samstæðunnar	8
Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar	9
Efnahagsreikningur samstæðunnar	10
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar	11
Sjóðstremisýfirlit samstæðunnar	12-13
Skýringar með ársreikningi samstæðunnar	14-93
Viðauki óendurskoðað	94

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka fyrir árið 2013 samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf. og dótturfélaga hans, en saman er vísað til þeirra sem „bankinn“.

Starfsemi og eignarhald

Bankinn rekur sögu sína allt aftur til ársins 1884 og veitir alhliða bankaþjónustu til heimila, fyrirtækja og fagfjárfesta. Íslandsbanki er eitt af stærstu fjármálafyrirtækjum á Íslandi með heildareignir á uppgjörstigi sem nema 866 milljörðum króna. Bankinn hefur 20-40% markaðshlutdeild á öllum sviðum innanlandsmarkaðar og starfrækir skilvirkt útibúanet á Íslandi. Íslandsbanki byggir á langri hefð lánveitinga til atvinnulífsins á Íslandi og hefur þróað sérþekkingu í völdum atvinnugreinum; ferðamannaíðnaði, sjávarútvegi, starfsemi sveitarfélaga, orkuvinnslu og útgerð þjónustuskipa á grunnsævi.

Bankinn skiptist í sex meginstarfshætti: viðskiptabankasvið, fyrirtækjasvið, markaði, eignastýringu, fjárfstýringu og umsýslu eignarhluta. Á uppgjörstigi störfuðu 1.201 einstaklingar við bankann. Þar af störfuðu 988 hjá móðurfélaginu.

Eigendur Íslandsbanka eru tveir; ISB Holding ehf., sem á 95% hlutfjár bankans og Ríkissjóður Íslands sem á 5% í gegnum Bankasýslu ríkisins. ISB Holding ehf. er í 100% eigu GLB Holding ehf., dótturfélags Glitnis hf.

Á hluthafafundi í september 2013 var ákveðið að fjölga stjórnarmönnum úr sjö í níu og þar með að bæta við tveimur nýjum stjórnarmönnum. Þessi ákvörðun var tekin í samræmi við lög sem kveða á um að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn þess sé ekki lægra en 40%. Tveir stjórnarmenn eru skipaðir af Bankasýslu ríkisins og hinir sjö af ISB Holding ehf.

Áhættustýring

Viðskipti bankans fela í sér margvíslega áhættu. Áhættustýring er lykilþáttur í rekstri bankans og óaðskiljanlegur hluti af starfsemi hans. Stjórn bankans ber ábyrgð á að innviðir áhættustýringar í bankanum séu fullnægjandi til að greina, meta og stýra áhættu. Stjórn bankans skilgreinir áhættuvilja bankans sem er miðlað í stefnuskjölum bankans um áhættustýringu. Fjallað er um áhættustýringu bankans í skýringum 60-84.

Reikningstímabilið

Íslandsbanka vegnaði vel árið 2013. Nauðsynlegri endurskipulagningu lánasafnsins sem var yfirtekið árið 2008 er að mestu leyti lokið og dregið hefur úr óvissu í tengslum við lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Frá stofnun bankans hafa 35.500 einstaklingar og 4.100 fyrirtæki fengið afskriftir, skuldaeftirgjöf eða skuldaleiðréttingu af einhverju tagi sem nemur alls 543 milljörðum króna. Ennfremur hefur eftirspurn eftir nýjum lánum til heimila og fyrirtækja haldið áfram að aukast.

VÍB, eignastýring bankans, hefur haldið áfram að treysta stöðu sína sem leiðandi aðili á sínum markaði. VÍB hlaut verðlaun ársins 2013 fyrir fjárfestingarstýringu hjá breska fjármálatímaritinu World Finance sem besta fyrirtæki á sviði fjárfestingarstýringar á Íslandi. Þetta er mikilvæg viðurkenning fyrir VÍB sem hefur sett sér það markmið að veita faglega og vandaða þjónustu og halda gagnleg námskeið bæði fyrir stóra fjárfesta og almenning.

VÍB og Íslandssjóðir stofnuðu Akur, nýtt einkarekið fjárfestingarfélag, sem mun verða virkur eigandi að hlutum í óskráðum fyrirtækjum. Nýja félagið mun búa yfir um það bil 7 milljarða króna fjárfestingargetu. Akur mun einbeita sér að fjárfestingum í félögum sem hafa frekari vaxtarmöguleika og félögum sem eiga góða möguleika á skráningu á næstunni.

Í janúar 2014 undirritaði VÍB dreifingarsamning við stærsta eignastýringafyrirtæki heims, BlackRock, sem rekur starfsemi í 30 löndum. Með samstarfinu eykst enn sú mikla fjölbreytni afurða og þjónustu sem VÍB veitir á sviði eignastýringar á erlendum mörkuðum.

Fjármálamarkaðirnir eru að rétta úr kútnum og bankinn hefur haldið áfram að gegna forystuhlutverki við umsjón með skuldabréfaútboðum og skráningu í Kauphöll Íslands. Árið 2013 hafði bankinn umsjón með skráningu eins stærsta rekstraraðila bensinstöðva á landinu, N1 hf., og vinnur nú að skráningu annarra íslenskra fyrirtækja, þar á meðal tryggingsfyrirtækisins Sjóvá Almennar hf. Bankinn var með mestu veltu á hlutabréfamarkaði árið 2013, eða 27,8% markaðshlutdeild, og var með næstmestu veltu á markaðinum fyrir verðbréf með fastri ávöxtun árið 2013, eða 21,0% hlutdeild.

Bankinn hélt áfram að þróa útibúastarfsemi sína og á árinu 2013 voru þrjú útibú sameinuð í nýtt nútímalegt útibú sem þjónar austurborg Reykjavíkur.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Bankinn fylgdi áfram þeirri stefnu að auka fjölbreytni fjármögnunar með því að gefa út sértryggt skuldabréf og hefur alls gefið út sértryggt skuldabréf fyrir 23,3 milljarða króna. Bankinn var fyrsti bankinn á Íslandi frá 2008 til að gefa út sértryggt skuldabréf og hefur þegar fest sig í sessi sem stærsti útgefandinn á þeim markaði. Bankinn var einnig fyrsti bankinn til að skrá viðskiptabréf í Kauphöll Íslands í febrúar 2013 og hefur gefið út bréf að verðmæti 8,5 milljarða íslenskra króna til þessa.

Í desember 2013 gaf Íslandsbanki út sitt fyrsta alþjóðlega skuldabréf. Rúmlega 40 fjárfestar frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi skráðu sig fyrir útgáfunni sem var skráð í írsku kauphöllinni. Skuldabréfið að fjárhæð 250 milljónir bandaríkjadala var gefið út samkvæmt útgáfuramma Íslandsbanka vegna skuldabréfaútgáfu í erlendri mynt sem gerir bankanum kleift að gefa út skuldabréf í fjölmörgum gjaldmiðlum með föstum eða fljóttandi vöxtum. Þátttaka alþjóðlegra fjárfesta er ánægjuleg vísbending um tiltrú gagnvart þeirri stefnu sem íslenskt efnahagslíf hefur nú tekið.

Fjármálatímaritið Euromoney veitti Íslandsbanka verðlaun sem besta bankanum á Íslandi. Tímaritið byggir val sitt á ýmsum þáttum svo sem arðsemi eigin fjár, vexti efnahagsreiknings og sterku eiginfjár- og innláns hlutfalli.

Framtíðarhorfur

Frá því að Íslandsbanki var stofnaður árið 2008 hefur bankinn lagt megináherslu á að endurskipuleggja lán til einstaklinga og fyrirtækja og þar með að skapa sjálfbæran grundvöll fyrir framtíðarstarfsemi bankans. Á sama tíma hefur bankinn lagt verulega fjármuni í að bæta innri ferli og stjórnunarhætti á grundvelli endurskoðaðs regluverks. Frá árinu 2010 hefur bankinn gegnt lykilhlutverki við endurreisn fjármálamarkaðarins á Íslandi, leitað leiða til að auka fjölbreytni fjármögnunar fyrir bankann og stuðlað að kostnaðarhagkvæmni eftir samrunann við BYR, einn af stærstu sparisjóðunum á Íslandi.

Í árslok 2013 er endurskipulagningu lána að mestu leyti lokið, fjármálamarkaðir eru farnir að rétta úr kútnum og efnahagsumhverfið á Íslandi er almennt að batna. Grunnstarfsemi bankans er traust og hlutfall lausafjár og eiginfjár er afar sterkt. Með þessu er bankinn vel í stakk búinn til að leysa viðfangsefni framtíðarinnar.

Enn eru margvíslegar hindranir á veginum. Hæst ber þar gjaldeyrishöftin á Íslandi sem munu líklega hægja á vexti til lengri tíma lítið, þótt þau stuðli að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði á meðan aðstæður eru tvísýnar. Það mikla erlenda fjármagn sem nú er bundið í íslenskum krónum er það sem helst stendur í vegi fyrir því að hægt sé að hefja afnám gjaldeyrishaftanna. Stjórnvöld hafa hvorki gefið út skýra tímaáætlun um afnám gjaldeyrishaftanna, né hafa þau kunnert gengisstefnu sem taka mundi gildi í kjölfarið.

Stjórnarhættir Íslandsbanka

Góðir stjórnarhættir stuðla að bættum vinnubrögðum og samskiptum sem eykur traust milli hluthafa, stjórnar, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila. Eitt af meginmarkmiðum stjórnar Íslandsbanka er stöðug þróun og styrking stjórnarhátta bankans þannig að þeir fylgi bestu framkvæmd í stjórnarháttum á fjármálamarkaði á hverjum tíma.

Stjórnskipulag bankans samanstendur af bankastjóra og stjórn, sem í sitja níu einstaklingar og tveir til vara. Stjórn bankans fer með æðsta vald í málefnum hans milli hluthafafunda. Undirnefndir stjórnar eru fjórar og eru þær allar skipaðar stjórnarmönnum: endurskoðunarnefnd stjórnar; áhættunefnd stjórnar; stefnumótunarnefnd stjórnar; og nefnd stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál.

Stjórn ber ábyrgð á mótun stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti.

Bankastjóri er ábyrgur fyrir daglegum rekstri bankans í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Það er einnig hlutverk bankastjóra að tryggja að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar framkvæmdastjórn bankans, sem samanstendur af átta einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum. Framkvæmdastjórn skilgreinir stefnu bankans varðandi rekstraráhættu á samstæðugrundvelli.

Stjórn fylgist með framkvæmd stefnu bankans, hefur eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu og áhættustýringar.

Innri endurskoðun bankans starfar óháð öðrum deildum. Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og stýrir deildinni samkvæmt umboði frá henni. Innri endurskoðandi ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Íslandsbanka og skal hafa eftirlit með því hvort ferli bankans við áhættustýringu, eftirlit og stjórnarhætti séu fullnægjandi.

Regluvörður er skipaður af bankastjóra en skipun hans staðfest af stjórn og sækir regluvörður umboð sitt frá stjórn bankans. Hlutverk reglugarðar er að fylgjast með og meta, með reglubundnum hætti, ráðstafanir Íslandsbanka í tengslum við verðbréfiðskipti, og að þær séu ávallt í samræmi við viðeigandi lög. Regluvörður er jafnframt ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Það regluverk sem lýtur að stjórnarháttum og bankinn vinnur samkvæmt samanstandur af þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði ásamt öðrum lögum og reglum, þ.á.m. þeim reglum sem stafa frá Fjármálaeftirlitinu (FME) og NASDAQ OMX Iceland hf. Þetta eru m.a. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samkeppnislög nr. 44/2005 sem eru aðgengileg á vef Alþingis (www.althingi.is).

Íslandsbanki fylgir Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út í fjórðu útgáfu í mars 2012 og eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands (hér eftir nefndar leiðbeiningarnar). Stjórnarhættir bankans eru í samræmi við leiðbeiningarnar að undanskildum tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.2., 2.5., 2.10., 5.1., 5.C.1., 6.1. og 6.2 í leiðbeiningunum.

Stjórnarháttum Íslandsbanka og skyldum atriðum er lýst nánar, ásamt umræðu um frávik frá leiðbeiningunum, í stjórnarháttayfirlýsingu bankans í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn.

Yfirlit reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2013 er gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Hagnaður af starfsemi bankans fyrir árið 2013 nam 23.069 milljónum króna sem samsvarar 14,7% arðsemi eigin fjár. Bankastjórnin leggur til að 40% af hagnaði ársins 2013 verði greiddur í arð til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar. Bankastjórnin mun hugsanlega kalla til aukahluthafafundar seinna á árinu þar sem tillaga um útgreiðslu arðs yrði lögð fyrir. Eigið fé samkvæmt ársreikningi samstæðunnar nam 167.318 milljónum króna í árslok. Eiginfjárlutfall bankans sem reiknað er út á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki var 28,4%. Bankastjórnin vísar til skýringar 83 til frekari upplýsingar um eiginfjárbörf bankans. Heildareignir bankans voru 866.009 milljónir króna í árslok 2013.

Bankastjórnin vill vekja sérstaka athygli á þeirri áhættu sem tengist pólitísku og lagalegu umhverfi á Íslandi þar sem gjaldeyrishöft eru enn í gildi. Í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2013 hefur bankinn tekið tillit til þeirrar óvissu sem tengist dómum. Bankastjórnin veur jafnframt athygli á því að eiginfjárstaða bankans er afar sterk og bankinn er því vel í stakk búinn til að takast á við þá áhættu og þau úrlausnarefni sem framundan eru. Bankastjórnin vísar í skýringar 4 og 58 varðandi helstu áhættu og óvissu sem bankinn þarf að takast á við.

Samkvæmt okkar bestu vitund gefur ársreikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu bankans og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2013. Hann lýsir einnig megin áhættu- og óvissuþáttum sem bankinn stendur frammi fyrir.

Stjórn og bankastjóri Íslandsbanka hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. febrúar 2014

Stjórn:

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður

John E. Mack, varaformaður

Árni Tómasson

Daniel Levin

Helga Valfells

María E. Ingvadóttir

Marianne Økland

Neil Graeme Brown

Þórunna Jónsdóttir

Bankastjóri:

Birna Einarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandsbanka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandsbanka hf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning samstæðunnar, yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar, efnahagsreikning samstæðunnar, yfirlit um breytingu á eigin fé samstæðunnar, yfirlit um sjóðstreymi samstæðunnar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda viðeigandi innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé í megin atriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Einnig að tryggja að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Staðfesting á skýrslu og áritun stjórnar og bankastjóra

Í samræmi við ákvæði 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, staðfestum við að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu og áritun stjórnar og bankastjóra sem fylgir ársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 19. febrúar 2014.




Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Gunnar Þorvarðarson
Endurskoðandi

Helstu niðurstöður 2013

Fjárhæðir á þessari blaðsíðu eru í milljörðum króna



Rekstrarreikningur samstæðunnar fyrir árið 2013

	Skýringar	2013	2012
Vaxtatekjur	12	54.333	59.419
Vaxtagjöld	12	(25.903)	(26.479)
Hreinar vaxtatekjur		28.430	32.940
Þóknatekjur	13	16.695	14.812
Þóknagjöld	13	(6.262)	(5.353)
Hreinar þóknatekjur		10.433	9.459
Hreinar fjármunatekjur	14-16	4.612	1.517
Hreinn gengismunur	17	(2.423)	2.737
Áhrif hlutdeildarféлага	35	3	-
Aðrar rekstrartekjur	18	1.542	996
Aðrar rekstrartekjur		3.734	5.250
Rekstrartekjur samtals		42.597	47.649
Rekstrarkostnaður	19-23	(25.551)	(24.589)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	40	-	(425)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta		(1.016)	(1.055)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki		(2.321)	(858)
Rekstrargjöld samtals		(28.888)	(26.927)
Hagnaður fyrir virðisrýrnun og virðisbreytingu útlána		13.709	20.722
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	24	16.299	5.710
Hagnaður fyrir skatta		30.008	26.432
Tekjuskattur	26	(7.866)	(6.253)
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi		22.142	20.179
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádragnum tekjuskatti	25	927	3.239
Hagnaður ársins		23.069	23.418

Skýringar á blaðsíðum 15 til 93 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar fyrir árið 2013

	Skýringar	2013	2012
Hagnaður ársins		23.069	23.418
Önnur heildarafkoma			
Þýðingarmunur vegna erlendrar starfsemi	54	(363)	173
Önnur heildarafkoma ársins (eftir skatta)		(363)	173
Samtals heildarafkoma ársins		22.706	23.591
Hagnaður ársins tilheyrir:			
Hluthöfum Íslandsbanka hf.		22.977	23.438
Hlutdeild minnihluta		92	(20)
Hagnaður ársins		23.069	23.418
Skipting heildarafkomu:			
Hluthöfum Íslandsbanka hf.		22.614	23.611
Hlutdeild minnihluta		92	(20)
Heildarafkoma ársins		22.706	23.591
Hagnaður á hlut:			
Af hagnaði ársins	27	2,30	2,34
Þynntur hagnaður á hlut:			
Af hagnaði ársins	27	2,30	2,34

Skýringar á blaðsíðum 15 til 93 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2013

	Skýringar	31.12.2013	31.12.2012
Eignir			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	28	111.779	85.500
Afleiðusamningar	30	843	127
Skuldabréf og skuldagerningar	8	75.186	64.035
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	8	9.208	10.445
Útlán til lánastofnana	31	44.078	54.043
Útlán til viðskiptavina	32-33	554.741	557.857
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	35-36	1.563	503
Varanlegir rekstrarfjármunir	39	8.772	5.579
Óefnislegar eignir	40	299	261
Skatteign	48-51	1.275	864
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	41	47.106	39.046
Aðrar eignir	42	11.159	5.115
Eignir samtals		866.009	823.375
Skuldir			
Afleiðusamningar og skortstöður	30	11.176	18.435
Innlán Seðlabanka Íslands	43	63	54
Innlán lánastofnana	43	29.626	38.218
Innlán viðskiptavina	44-45	489.331	471.156
Lántaka	46	89.193	66.571
Víkjandi lán	47	21.890	23.450
Skattskuldir	48-51	10.806	2.052
Tekjuskattsskuldbinding	48-51	20	20
Skuldir vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi	41	9.456	6.805
Aðrar skuldir	52	37.130	48.954
Skuldir samtals		698.691	675.715
Eigið fé			
Hlutfé	53	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	53	55.000	55.000
Annað eigið fé	54	2.471	2.834
Óráðstafað eigið fé		98.548	78.571
Eigið fé hluthafa Íslandsbanka hf.		166.019	146.405
Hlutdeild minnihluta		1.299	1.255
Eigið fé samtals		167.318	147.660
Skuldir og eigið fé samtals		866.009	823.375

Skýringar á blaðsíðum 15 til 93 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar fyrir árið 2013

Skýringar	Eigið fé hluthafa				Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
	Hlutafé	Hlutafjár	Yfirverðs-reikningur	Annað eigið fé			
Eigið fé 31. desember 2011	10.000	55.000	2.661	55.133	122.794	909	123.703
Þýðingarmunur	54		173		173		173
Hreinar tekjur færðar beint á eigið fé	-	-	173	-	173	-	173
Hagnaður ársins				23.438	23.438	(20)	23.418
Heildarafkoma ársins	-	-	173	23.438	23.611	(20)	23.591
Keyptur minnihluti í dótturfélögum				-	-	366	366
Eigið fé 31. desember 2012	53	10.000	55.000	2.834	78.571	1.255	147.660
Þýðingarmunur	54		(363)		(363)		(363)
Hrein gjöld færð beint á eigið fé	-	-	(363)	-	(363)	-	(363)
Hagnaður ársins				22.977	22.977	92	23.069
Heildarafkoma ársins	-	-	(363)	22.977	22.614	92	22.706
Greiddur arður				(3.000)	(3.000)	-	(3.000)
Breyting á hlutdeild minnihluta				-	-	(148)	(148)
Keyptur minnihluti í dótturfélögum						100	100
Eigið fé 31. desember 2013	53	10.000	55.000	2.471	98.548	1.299	167.318

Skýringar á blaðsíðum 15 til 93 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir árið 2013

	Skýringar	2013	2012
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		23.069	23.418
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:			
Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé og aðrar leiðréttingar.....		(2.902)	(2.396)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(9.038)	17.896
Greiddur tekjuskattur		(2.000)	(6.144)
Handbært fé frá rekstri		9.129	32.774
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum		(37)	533
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		1.241	178
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	39	(858)	(1.381)
Keyptar óefnislegar eignir	40	(164)	(126)
Fjárfestingarhreyfingar		182	(796)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Útgefin skráð skuldabréf		35.535	9.120
Afborganir langtímalána		(15.715)	(6.919)
Greiddur arður		(3.000)	-
Fjármögnunarhreyfingar		16.820	2.201
Hækkun á handbæru fé og ígildis þess		26.131	34.179
Áhrif gengisbreytinga		(508)	60
Handbært fé og ígildis þess í ársbyrjun		112.810	78.571
Handbært fé og ígildis þess í árslok		138.433	112.810
Sundurliðun handbærs fjár og ígildis þess:			
Handbært fé	28	2.472	2.008
Óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands	28	105.704	74.340
Bankareikningar	31	30.257	36.462
Samtals handbært fé og ígildi handbærs fjár		138.433	112.810

Sjóðstreymisyfirlit bankans er gert samkvæmt óbeinni aðferð. Yfirlitið byggir á hreinum hagnaði eftir skatta fyrir árið og sýnir sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum og breytingar á handbæru fé og ígildi þess. Handbært fé og ígildi þess felur í sér auðseljanlegar eignir sem hægt er að skipta í reiðufé og sem bera óverulega áhættu af virðisbreytingum. Handbært fé og ígildi þess eru óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á innlánsstofnanir.

Innborgaðar vaxtatekjur árið 2013 námu 47.781 milljónum króna (2012: 41.470 milljónum króna) og greiddir vextir námu 23.515 milljónum króna (2012: 25.560 milljónum króna). Vextir teljast greiddir þegar þeir hafa verið lagðir inn á reikning viðskiptavinarins og eru til ráðstöfunar.

Skýringar á blaðsíðum 15 til 93 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar fyrir árið 2013

Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé:

	2013	2012
Afskriftir og niðurfærsla	979	903
Afskriftir óefnislegra eigna og virðisrýrnun viðskiptavildar	126	425
(Hagnaður) tap hlutdeildarféлага	(3)	5
Verðbætur og gengismunur vegna lántöku	2.802	2.775
Virðisbreyting útlána	8.378	19.029
Endurmat vænts sjóðstreymis útlána	(24.677)	(24.739)
Gengismunur	2.423	(3.304)
(Söluhagnaður) tap varanlegra rekstrarfjármuna	(456)	180
Virðisbreyting af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(1.734)	(1.542)
Hreinn hagnaður af fastafjármunum og aflagðri starfsemi	(927)	(3.239)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	2.321	858
Tekjuskattur	7.866	6.253
Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé og aðrar leiðréttingar	(2.902)	(2.396)

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Bindiskylda við Seðlabanka Íslands	5.549	(2.782)
Útlán til lánastofnana	(2.133)	2.955
Útlán til viðskiptavina	701	18.482
Veltufjáreignir	(6.679)	(2.202)
Aðrar eignir	(6.013)	1.975
Eignir og skuldir fastafjármuna og aflagðrar starfsemi	2.080	5.237
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	(8.159)	(24.892)
Innlán viðskiptavina	25.333	2.022
Veltufjárskuldir	(2.528)	2.645
Afleiðusamningar	(5.447)	2.629
Aðrar skuldir	(11.742)	11.827
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(9.038)	17.896

Hreyfingar sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi árið 2013

Eftirfarandi fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar bankans á árinu 2013 eru ekki í sjóðstreymisýfirliti:

a) Bankinn endurflokkaði eignarhlut í Atorku að fjárhæð 1 milljarður króna sem fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, í stað eignarhluta og eiginfjárgerninga. Þetta hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.

b) Bankinn seldi hluta af eignarhlut sínum í hlutdeildarfélagi sem flokkað var sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi sem leiddi til þess að áhrif bankans yfir félaginu minnkuðu umtalsvert. Þau hlutabréf sem voru eftir að fjárhæð 1 milljarður króna voru endurflokkuð í hlutabréf og eiginfjárgerningar, í stað fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi. Hreyfingin hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.

c) Bankinn yfirtók fjögur dótturfélög EFF 1 ehf., EFF 2 ehf., EFF 4 ehf. og Fergin ehf. árið 2013 vegna þessa voru 9,9 milljarðar króna endurflokkaðir frá útlánnum til viðskiptavina, þar af fóru 4,2 milljarðar yfir í varanlega rekstrarfjármuni og 5,7 milljarðar króna yfir í fastafjármuni til sölu og aflagðrar starfsemi. Hreyfingin hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.

Hreyfingar sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi árið 2012

Eftirfarandi fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar bankans á árinu 2012 eru ekki í sjóðstreymisýfirliti:

a) Bankinn færði breytingar á gangvirði að fjárhæð 1,5 milljarðar króna árið 2012 sem hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.

Skýringar á blaðsíðum 15 til 93 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Skýringar	Bls.	Skýringar	Bls.
Reikningsskilaaðferðir		Skýringar með efnahagsreikningi (framhald)	
1	15	41	41
2	15	42	41
3	15	43	42
4	15	44-45	42
Sameining félaga		46	42
5	18	47	43
Starfsþættir		48-51	43
6	19	52	45
Skýringar með rekstrarreikningi		53-54	45
7	21	Aðrar skýringar	
12	28	22	31
13	28	29	34
14	29	37	38
15	29	38	38
16	29	55	46
	29	56	46
17	29	57	46
18	30	58	47
19	30	59	49
20-21	30	Áhættustýring	
23	32	60-61	50
24	32	62-69	51
25	32	70	60
	32	71	63
26	33	72-76	63
27	33	77-78	67
Skýringar með efnahagsreikningi		79-80	69
8	22	81	69
9-10	24	82	69
11	27	84	71
28	33	Eiginfjárstýring	
	34	83	70
30	34	83	70
31	35	Reikningsskilareglur	
32-33	35	85	72
34	36	86	72
35-36	37	87	73
39	39		
40	40		

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

Íslandsbanki hf. er skráð hlutafélag með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar bankans eru á Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2013 var gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis og samanstandur af Íslandsbanka hf. (móðurfélaginu) og dótturfélögum þess, saman er vísað til þeirra sem „bankans“. Samanburðarupplýsingar vísa til ársins 2012.

Bankinn var stofnaður 8. október 2008 og hóf starfsemi þann 15. október 2008 þegar bankinn yfirtók eignir og skuldbindingar sem tengdust innanlandsstarfsemi Glitnis hf.

Eigendur Íslandsbanka eru tveir; ISB Holding ehf., sem á 95% hlutfjár bankans og Ríkissjóður Íslands sem á 5%. ISB Holding ehf. er í eigu GLB Holding ehf., dótturfélags Glitnis hf. Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með eignum Ríkissjóðs Íslands í fjármála fyrirtækjum og heyrir undir fjármálaráðherra.

Bankinn veitir víðtæka fjármálaþjónustu svo sem viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, verðbréfaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og eignafjármögnun. Starfsemi bankans fer fyrst og fremst fram á íslenskum markaði.

2. Grundvöllur reikningsskila

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Fjallað er um nýja reikningsskilastaðla IFRS og breytingar á stöðlum í skýringum 87.34-87.37.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og samþykktur af stjórn og bankastjóra Íslandsbanka hf. þann 19. febrúar 2014. Sé munur á enskri útgáfu og íslenskri þýðingu þá gildir enska útgáfan.

Yfirstjórn bankans hefur lagt mat á getu bankans til áframhaldandi rekstrarhæfis og er viss um að bankinn búi yfir því bolmagni sem hann þarf til áframhaldandi reksturs í fyrirsjáanlegri framtíð. Því eru reikningsskilin gerð miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Íslandsbanka hf. Allar fjárhæðir í íslenskum krónum hafa verið jafnaðar að næstu milljón, nema annað sé tekið fram.

4. Mat og ályktanir við gerð reikningsskila

Gerð reikningsskilanna, sem er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem áhrif hafa á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda sem fram koma í samstæðureikningsskilunum.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir við viðkomandi kringumstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega og áhrif þeirra færð á því tímabili sem breytingin er gerð sem og á síðari tímabilum sem breytingin hefur áhrif á.

Stjórnendur bankans bera undir endurskoðunarnefnd þróun, val og birtingu mikilvægra reikningsskilaaðferða og beitingu þeirra og þær forsendur sem liggja til grundvallar við mat á stærri óvissuþáttum. Fjallað er hér á eftir um forsendur og mat á óvissuþáttum sem umtalsverð hætta er á að leiði til verulegra leiðréttinga á næsta fjárhagsári og um gagnrýnið mat við beitingu reikningsskilaaðferða sem mest áhrif hafa á þær fjárhæðir sem færðar eru í ársreikningi samstæðunnar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

4. (framhald)

a) Óvissa vegna dóma, hæstaréttardómar og rannsókn eftirlitsaðila

Tvö dómsmál hafa verið höfðuð, annars vegar gegn bankanum, og hins vegar gegn Landsbankanum (LÍ) þar sem véfengt er lögmati þess að binda höfuðstól veðláns við vísitölu neysluverðs. Slík vísitölubinding hefur verið viðtekin venja í lánaviðskiptum í að minnsta kosti 30 ár. Aðferðin við að reikna út vísitöluna hefur þó breyst í árunna rás og var síðasta breytingin innleidd árið 1995. Möguleg áhrif á bankann hafa ekki verið metin, en augljóslega mundi öll lækun vísitölubindingar hafa áhrif á bankann og aðra húsnæðislánveitendur á Íslandi.

Hæstaréttardómar á árunum 2010 til 2013 hafa haft umtalsverð áhrif á bankann. Veigamestur þeirra er dómur þar sem Hæstiréttur Íslands úrskurðaði í júní 2010 um að óheimilt væri að tengja höfuðstól í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla. Bankinn lýsti því yfir að hann mundi endurútreikna ólögmet gengistryggð lán, útstandandi sem og uppgreidd lán, í samræmi við þau fyrirmæli sem gefin eru í dómsúrskurðinum. Þetta ferli er á lokastigum. Dómsúrskurðirnir í heild hafa verulega dregið úr óvissunni um það hvaða erlend gjaldeyrslán eru ólögleg og hvernig beri að endurútreikna þau. Óvissa sem enn er til staðar er einkum bundin við tvö dómsmál þar sem lokaúrskurði á málnum er vænst á fjórða ársfjórðungi 2014.

Samkeppniseftirlitið („SE“) hefur hafið rannsókn vegna meintra brota bankans á samkeppnislögum og kunna veruleg viðurlög að koma til álit. Efni rannsóknarinnar er ennþá trúnaðarmál. Bankinn hefur kynnt athugasemdir sínar við andmælskjalið og mun vinna áfram með SE að lausn málsins.

Bankinn hefur fært skuldbindingu í ársreikningi 2013 vegna dómsmála og mögulegra viðurlaga sjá skýringu 52. Fjallað er nánar um dóma Hæstaréttar í skýringu 58.

b) Virðisrýrnun útlána sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði

Óvissa var fyrir hendi hvað varðar þær breytur og forsendur sem gefnar voru við mat á eignum sem yfirteknar voru frá Glitni hf. með miklum afslætti árið 2008 og frá Byr hf. árið 2011. Stjórnendur bankans byggðu verðmat sitt á varfærnu mati á virði trygginga og áhættuálagi, þeirra eigin þekkingu á viðskiptavinum og markaðinum, og opinberum þjóðhagsspám.

Þættir sem geta haft áhrif á endurheimtanlegt virði útlána eru meðal annars þjóðhagfræðilegar kennistærðir svo sem atvinnuleysi, verðbólga og launahækkunir sem og aðgerðir stjórnvalda til að lækka greiðslubyrði lána og lagasetningar sem lengja innheimtuferlið eða auka skattheimtu og þátttöku viðskiptavina í skuldaaðlögun.

Þann 31. desember 2013 voru enn nokkrir óvissuþættir til staðar í tengslum við upphaflegt verðmat þeirra útlána sem yfirteknar voru með miklum afslætti sem og í tengslum við efnahagsumhverfið. Engu að síður eru stjórnendur bankans þess fullvissir að eiginfjárgrunnur bankans sé nægjanlega öflugur til að mæta eðlilegum frávikum frá þeim forsendum sem gefnar voru.

Stjórnendur endurskoða útlánasafn bankans ársfjórðungslega með hliðsjón af því hvort hlutlæg gögn gefi til kynna virðisrýrnun. Þegar ákveðið er hvort tap vegna virðisrýrnunar skuli fært í rekstrarreikningi, leggja stjórnendur bankans mat á það hvort fyrir hendi séu einhver hlutlæg gögn sem gefa vísbendingu um mælanlega lækun á væntu framtíðargreiðsluflæði frá útlánnum. Þetta geta verið hlutlæg gögn sem benda til þess að neikvæðar breytingar hafi orðið á greiðslugetu hóps lántakenda, eða erfiðleikar í efnahagsumhverfi heima eða erlendis sem standa í samhengi við vanskil á eignum þeirra.

Stjórnendur byggja mat sitt á lánnum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðargreiðsluflæði. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á væntu framtíðargreiðsluflæði eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli vænts taps og raunverulegs taps. Fjallað er með ítarlegri hætti um virðisrýrnun lána í skýringu 87.28.

c) Virðisrýrnun á gengishagnaði vegna lána sem yfirtekin voru með miklum afslætti

Frá stofnun bankans hefur erlendum lánnum sem voru yfirtekin með miklum afslætti verið skipt upp í erlend lán til lántakenda með tekjuflæði í erlendum gjaldmiðli og erlend lán til lántakenda með tekjuflæði í íslenskum krónum. Gengishagnaður (tap) af erlendum lánnum með tekjuflæði í íslenskum krónum er fært sem hreinn gengismunur. Þar sem bankinn gerir ekki ráð fyrir að endurheimta gengishagnað tengdan þessum lánnum, er hann færður strax sem virðisrýrnun undir liðnum virðisrýrnun og virðisbreyting útlána.

Í árslok 2013 hafði flestum lánnum í erlendum gjaldmiðlum til lántakenda með tekjuflæði í íslenskum krónum verið breytt yfir í lán í íslenskum krónum eða þau endurskilgreind sem erlend lán til lántakenda með tekjuflæði í erlendum gjaldmiðli. Erlendum lánnum verður því ekki lengur skipt upp miðað við tekjuflæði og virðisrýrnun gengishagnaðar þar af leiðandi ekki lengur viðeigandi.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

4. (framhald)

d) Ákvörðun gangvirðis fjáreigna og fjárskulda

Bankinn ákvarðar gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru skráðar á virkum mörkuðum með því að beita verðmatsaðferðum eins og þeim sem er lýst í skýringu 87.5, 9-10 um reikningsskilaaðferðir. Að því marki sem hægt er, styðjast verðmatslíkön eingöngu við þekkt gögn. Þegar á hinn bóginn er um að ræða fjármálagerninga sem sjaldan er átt viðskipti með og gagnsæi í verðmyndun er lítið, þá er gangvirði ekki eins hlutlægt og krefst mats út frá seljanleika, samþjöppun á markaði, óvissu á markaðsþáttum, verðályktunum og annarri áhættu sem hefur áhrif á tiltekinn fjármálagerning eins og t.d. útlánaáhættu (bæði eigin og mótaðila).

e) Beiting aðferðar virkra vaxta

Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu vænts greiðsluflæðis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlaðir bankinn greiðsluflæði með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

f) Endurskipulagning og greiðsluúrræði

Endurskipulagning skulda viðskiptavina hefur verið eitt af meginverkefnum bankans frá október 2008. Þetta hefur verið krefjandi verkefni þar sem svo stór hluti viðskiptavinanna þurfti á skuldaaflögun að halda. Bankinn hefur boðið fram fjölmörg úrræði til að létta skuldabyrði og gripið til ráðstafana og lagt fram fjármuni til endurskipulagningar. Þetta hefur verið gert án þess að bankinn hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna þess að lánasafnið var yfirtekið með miklum afslætti. Lagaleg ágreiningsefni, pólitískar aðstæður og efnahagslífið almennt hafa ennfremur átt sinn þátt í að skapa óvissu og flækja úrlausnir. Stjórnendur bankans hafa verið upplýstir reglulega um framvindu endurskipulagningarinnar og skuldaaflögunarinnar.

Nánar er fjallað um skuldaaflögun og endurskipulagningu skulda viðskiptavina í skýringu 67 og í Áhættuskýrslu Íslandsbanka sem er gefin út samhliða ársskýrslunni.

g) Lausafjárstaða

Bankinn stýrir lausafjárstöðu sinni með því að tryggja að hann hafi nægjanlegt safn lausafjármuna á móti skuldbindingum. Innri takmörk á lausafjárstöðu gera ráð fyrir að lausafjármunir nægi fyrir öllum skuldbindingum sem gjaldfalla innan næstu 12 mánaða, jafnvel þegar markaðsaðstæður eru erfiðar.

Vænt þróun lausafjárstöðu bankans byggir á greiningu á sögulegri hegðun og öðrum einkennum skuldagrunnsins. Þróun lausafjárstöðu er útskýrð nánar í skýringu 70 um lausafjárahættu. Við gerð taflanna er lagt mat á það hvort eignir geti talist til lausafjár og hvenær vænta megi að innlán verði innleyst.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Sameining félaga

5. Kaup á rekstrareiningum

5.1 Kaup á dótturfélögum

a) Greining á starfseminni

Þann 24. janúar 2013 keypti bankinn 100% hlut í fasteignafélögunum EFF 1 ehf. og EFF 2 ehf. EFF 1 ehf. sameinaðist fasteignafélagi bankans D-1 ehf. þann 1. apríl 2013.

b) Greining á keyptum eignum og skuldum

Gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna og skulda við kaupin á EFF 1 ehf. og EFF 2 ehf. er eftirfarandi:

	EFF 1 ehf.	EFF 2 ehf.
	Gangvirði á kaupdegi	Gangvirði á kaupdegi
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.452	648
Aðrar eignir	63	-
Eignir	3.515	648
Lántaka	3.515	648
Skuldir	3.515	648

Hreinar aðgreinanlegar eignir og skuldir

- -

c) Greining á kostnaði vegna sameiningarinnar

Kostnaðurinn vegna kaupanna var óverulegur og engin viðskiptavild myndaðist við viðskiptin.

5.2 Kaup á dótturfélögum sem eingöngu eru ætluð til sölu

Þann 24. janúar 2013 keypti bankinn 100% hlut í fasteignafélaginu EFF 4 ehf. Félagið telst vera aflögð starfsemi í samræmi við IFRS 5 og hefur því verið flokkað undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi.

Þann 20. desember 2013 keypti bankinn 80% hlut í eignarhaldsfélaginu Fergin ehf. sem keypti bifreiðaskoðunarfélagið Frumherja hf. í lok árs. Félögin teljast vera aflögð starfsemi í samræmi við IFRS 5 og hafa því verið flokkuð undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Starfsþættir

6. Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti bankans sem býður fram þjónustu og vörur sem fela í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Viðskipti á milli starfsþátta eru samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum og skilyrðum bankans. Enginn einn viðskiptavinur skapar 10% eða meira af samanlögðum tekjum bankans.

Reikningsskilaaðferðir aðgreindra starfsþátta eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir bankans. Tilgreindur hagnaður starfsþáttarins er sá hagnaður sem kynntur er stjórnendum bankans og bankastjórn í þeim tilgangi að ráðstafa auðlindum og árangursmeta starfsþætti.

Bankanum er skipt niður í sex meginstarfsþætti, byggt á vöruframboði og þjónustu:

- a) Viðskiptabankasvið rekur 19 útibú og eignafjármögnun undir heitinu Ergo. Útibúin þjónusta einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki. Að auki starfrækir viðskiptabankasvið Kreditkort, sem er sérstök greiðslukortadeild, þjónustuver og miðlæga greiðslumiðstöð.
- b) Fyrirtækjasvið býður alhliða fjármálaþjónustu til stærri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga landsins ásamt því að sinna stærri fjármögnunarverkefnum. Sviðið hefur á að skipa sérfræðingum í öllum helstu geirum íslensks atvinnulífs og byggir á áralangri reynslu bankans í þjónustu við grunnatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og orku, en jafnframt er sérstök áhersla lögð á ört vaxandi greinar eins og verslun og þjónustu tengdri ferðaþjónustu.
- Bankinn hefur mótað sér skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands og heyrir það undir Fyrirtækjasvið. Einna helst er horft til lánveitinga í Norður Atlantshafi í sjávarútvegi, til fyrirtækja í þjónustu við olíu- og gasiðnað og orkutengdri starfsemi.
- c) Markaðir sjá um miðlun verðbréfa, erlends gjaldeyris og afleiða ásamt umsjón peningamarkaðsútlána og millibankþjónustu. Sviðið býður þar að auki fjölbreytta þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar innanlands.
- d) Eignastýring býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu á sviði eignastýringar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Einingunni eignastýringu tilheyrir VÍB sem býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu á sviði eignastýringar og Íslandssjóðir, sem er rekstarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.
- e) Fjárstýring hefur umsjón með stýringu lausafjáráhættu, gengisáhættu og vaxtaáhættu eins og reglur kveða á um og innan þeirra innri marka sem bankastjórnin setur. Fjárstýring hefur einnig umsjón með fjármögnunarstarfsemi bankans og stýringu innri verðlagningar.
- f) Umsýsla eignarhluta heldur utan um fjárfestingar svo sem hlutafjáreign í fjárfestingarbók og dótturfyrirtækjum, en þar hafa mesta þýðingu:
- Miðengi ehf., eignaumsýslufyrirtæki sem heldur utan um fyrirtæki sem bankinn hefur fullnustað í kjölfar greiðslufalla, endurskipulagningar skulda og gjaldþrota viðskiptavina.
 - Borgun hf., færsluhirðing.
 - HTO ehf. (Höfðatorg), fasteignafélag (selt 2014).
 - Allianz Ísland hf., umboðsaðili fyrir þýska tryggingafélagið Allianz og eignarhaldsfélag þess Hringur eignarhaldsfélag ehf.
- g) Stoðeiningar bankans eru skrifstofa bankastjóra, mannauðssvið, áhættustýring og lánaeftirlit, lögfræðisvið, fjármálasvið og rekstrar- og upplýsingatæknisvið.

Á næstu blaðsíðu er yfirlit um rekstur bankans með sundurliðun eftir starfsþáttum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

6. (framhald)

Yfirlit um starfsþætti samstæðunnar

Árið 2013

Rekstur	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Fjárstýring	Dótturfélög og eignarhlutir	Stoðeiningar og jöfnunar færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur (gjöld)	20.674	4.294	541	781	4.647	(572)	(1.935)	28.430
Hreinar þóknatekjur (gjöld)	3.468	163	1.723	1.814	(222)	3.241	246	10.433
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	51	(95)	478	103	(2.389)	4.615	971	3.734
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	24.193	4.362	2.742	2.698	2.036	7.284	(718)	42.597
Rekstrarkostnaður	(7.889)	(623)	(1.016)	(931)	(278)	(3.269)	(11.545)	(25.551)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	-	-	-	-	-	-	-	-
Framlag í Tryggingarsjóð	(886)	(8)	(0)	(75)	(47)	-	-	(1.016)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirt.	-	-	-	-	(2.321)	-	-	(2.321)
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	5.559	9.951	2	1.158	(51)	78	(398)	16.299
Hagnaður (tap) fyrir kostn.dr. og skatta	20.977	13.682	1.728	2.850	(661)	4.093	(12.661)	30.008
Rekstrartekjur (gjöld) starfsþáttar frá ytri viðskiptavinum	31.558	21.779	2.691	1.071	(6.078)	8.435	(559)	58.896
Rekstrartekjur (gjöld) starfsþáttar frá öðrum starfsþáttum	(1.806)	(7.466)	53	2.785	8.063	(1.072)	(557)	0

31. desember 2013

Eignir starfsþáttar	395.292	182.184	261	2.823	223.219	120.815	(58.585)	866.009
Skuldir starfsþáttar	395.236	8.986	215	50.542	219.283	63.797	(39.368)	698.691

Árið 2012

Rekstur	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Fjárstýring	Dótturfélög og eignarhlutir	Stoðeiningar og jöfnunar færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur (gjöld)	21.334	6.821	254	1.080	5.065	(243)	(1.371)	32.940
Hreinar þóknatekjur (gjöld)	3.393	112	1.865	1.574	(203)	2.549	169	9.459
Önnur rekstrar(gjöld) tekjur	(376)	(144)	665	64	1.522	2.740	779	5.250
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	24.351	6.789	2.785	2.718	6.384	5.046	(423)	47.649
Rekstrarkostnaður	(7.056)	(561)	(1.108)	(959)	(186)	(2.747)	(11.972)	(24.589)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	-	-	-	(135)	-	-	(290)	(425)
Framlag í Tryggingarsjóð	(913)	(0)	(0)	(74)	(68)	-	-	(1.055)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirt.	-	-	-	-	(858)	-	-	(858)
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	(1.444)	5.375	0	966	(0)	537	276	5.710
Hagnaður (tap) fyrir kostn.dr. og skatta	14.938	11.603	1.677	2.516	5.272	2.836	(12.409)	26.432
Rekstrartekjur (gjöld) starfsþáttar frá ytri viðskiptavinum	25.674	20.341	2.597	1.396	(3.084)	5.583	852	53.359
Rekstrar(gjöld) tekjur starfsþáttar frá öðrum starfsþáttum	(2.767)	(8.177)	187	2.288	9.468	0	(999)	0

31. desember 2012

Eignir starfsþáttar	379.450	199.948	954	5.808	195.005	101.945	(59.735)	823.375
Skuldir starfsþáttar	398.628	5.777	500	44.770	213.107	57.453	(44.520)	675.715

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Ársfjórðungsfirlit

7. Starfsemi eftir ársfjórðungum:

2013	Fjórði árs- fjórðungur*	Þriðji árs- fjórðungur*	Annar árs- fjórðungur*	Fyrsti árs- fjórðungur*	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	6.547	7.365	7.045	7.473	28.430
Hreinar þóknunatekjur	2.849	2.462	2.670	2.452	10.433
Hreinar fjármunatekjur	2.747	315	669	881	4.612
Hreinn gengismunur	(1.117)	409	(152)	(1.563)	(2.423)
Áhrif hlutdeildarféлага	-	-	-	3	3
Aðrar rekstrartekjur	100	314	716	412	1.542
Rekstrarkostnaður	(7.928)	(5.208)	(6.179)	(6.236)	(25.551)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	-	-	-	-	-
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(262)	(252)	(256)	(246)	(1.016)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(2.113)	(76)	(65)	(67)	(2.321)
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	7.894	555	4.857	2.993	16.299
Hagnaður fyrir skatta	8.717	5.884	9.305	6.102	30.008
Tekjuskattur	(2.501)	(1.570)	(2.347)	(1.448)	(7.866)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6.216	4.314	6.958	4.654	22.142
Hagnaður (tap) tímabilsins af aflagðri starfsemi	1.456	(125)	(335)	(69)	927
Hagnaður tímabilsins	7.672	4.189	6.623	4.585	23.069

*Afkoma fyrstu sex mánuði ársins var könnuð af endurskoðendum bankans en milliuppgjör voru ekki endurskoðuð.

2012	Fjórði árs- fjórðungur*	Þriðji árs- fjórðungur*	Annar árs- fjórðungur*	Fyrsti árs- fjórðungur*	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	8.560	7.785	7.585	9.010	32.940
Hreinar þóknunatekjur	2.755	2.278	2.324	2.102	9.459
Hreinar fjármunatekjur	199	213	191	914	1.517
Hreinn gengismunur	1.507	491	(452)	1.191	2.737
Áhrif hlutdeildarféлага	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	181	226	294	295	996
Rekstrarkostnaður	(6.701)	(5.271)	(6.395)	(6.222)	(24.589)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	(425)	-	-	-	(425)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(257)	(272)	(201)	(325)	(1.055)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(227)	(224)	(200)	(207)	(858)
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	3.507	404	3.464	(1.665)	5.710
Hagnaður fyrir skatta	9.099	5.630	6.610	5.093	26.432
Tekjuskattur	(1.790)	(1.465)	(1.546)	(1.452)	(6.253)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	7.309	4.165	5.064	3.641	20.179
(Tap) hagnaður tímabilsins af aflagðri starfsemi	(112)	432	954	1.965	3.239
Hagnaður tímabilsins	7.197	4.597	6.018	5.606	23.418

*Afkoma fyrstu sex mánuði ársins var könnuð af endurskoðendum bankans en milliuppgjör voru ekki endurskoðuð.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Fjáreignir og fjárskuldir

8. Eftirfarandi töflur sýna bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í samræmi við flokkun þeirra samkvæmt IAS 39 Fjármálagæringar skráning og mat:

31. desember 2013

	Skýringar	Veltufjár- eignir og skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Útlán	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Samtals
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	28	-	-	111.779	-	111.779
<i>Útlán</i>						
Útlán til lánastofnana	31	-	-	44.078	-	44.078
Samkvæmt fyrri löggjöf bar bankanum að veita sjóðnum ábyrgðaryfirlýsingu sem heimilt var að ganga að ef eignir sjóðsins dygðu ekki fyrir tilskyldri lágmarksfjárhæð. Í samræmi við þetta gaf bankinn út ábyrgðaryfirlýsingu árið 2010 um framtíðarskuldbindingar sem námu 3.724 milljónum króna. Bankinn viðurkenndi ekki skuldbindingu í yfirlýsingu sinni um fjárhagsstöðu vegna þessarar yfirlýsingar sem er nú álitin ógild. Í breyttu lögnum er ekki kveðið á um að gefa þurfi út slíka ábyrgðaryfirlýsingu. Þó ríkir áfram nokkur óvissa um gildi hennar í tengslum við töp sem urðu á tímabilinu frá október 2008 til júní 2012.

Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga

56. Framtíðargreiðslur vegna rekstrarleigusamninga sundurliðast þannig eftir gjalddaga:

	31.12.2013	31.12.2012
Allt að 1 ári	199	559
1 - 5 ár	828	2.618
Síðar en 5 ár	365	4.933
Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga	1.392	8.110

Bankinn leigir fjölmargar húseignir undir útibú og skrifstofur samkvæmt rekstrarleigu. Dæmigerður leigutími er 20 ár með framlengingarákvæði. Í sumum tilfellum er leigan byggð á vísitölu neysluverðs og breytist í samræmi við hana.

Lækkunin milli ára stafar af kaupum bankans á tveimur dótturfyrirtækjum, fasteignafélagunum EFF1 ehf. og EFF2 ehf., af fyrrverandi hlutdeildarfélagi.

Eignir í vörslu

57. Eignir í vörslu:

	31.12.2013	31.12.2012
Eignir í vörslu	754.166	762.568

Eignum í vörslu er ekki stýrt af bankanum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Óvissuþættir

58. Hugsanleg málaferli gagnvart bankanum

Nokkrir fyrrverandi viðskiptavinir einkabankaþjónustu Glitnis hf. (Glitnir) hafa hótad málshöfðun gegn bankanum í því augnamiði að krefjast skaðabóta vegna meintra mistaka fyrrverandi starfsmanna Glitnis. Nokkrir þeirra hafa þegar höfðað mál gegn bankanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Bankinn hefur ekki fallist á að hann beri ábyrgð og mun mótmæla málshöfðunum á þeim grundvelli að kröfurnar tengist atburðum sem áttu sér stað fyrir stofnun bankans og framsal eigna og skuldbindinga, þær geti því ekki á nokkurn hátt talist vera á ábyrgð bankans. Héraðsdómur hefur nú úrskurðað bankanum í vil í einu þessara mála og tekur fram að bankinn geti ekki borið ábyrgð á mistökum sem gerð eru af fyrrverandi starfsmanni Glitnis. Dómnum var ekki áfrýjað. Bankinn hefur áætlað að heildarfjárhæð skaðabóta sem nú er krafist af viðskiptavinum Glitnis nemi um 5,5 milljörðum íslenskra króna.

Samkomulag um skuldajöfnun

Þegar tiltekna eignir og skuldir voru framseldar til bankans frá Glitni úrskurðaði Fjármálaeftirlitið að viðskiptavinir myndu, við slitameðferð Glitnis, viðhalda rétti sínum til þess að krefjast skuldajöfnunar eigna og skulda í eigu Glitnis fyrir yfirtöku bankans.

Bankinn gerði samkomulag við Glitni um að Glitnir myndi bæta bankanum það tap sem kæmi til vegna skuldajöfnunar. Kröfurnar sem um ræðir eru forgangskröfur í eignir Glitnis í slitameðferð og því er ólíklegt að skuldajöfnunin muni hafa áhrif á innra virði eða afkomu bankans.

Í kjölfar yfirtöku bankans á Byr hf. kann bankinn einnig að vera í þeirri stöðu að þurfa að virða réttindi viðskiptavina til að krefjast skuldajöfnunar eigna og skulda í eigu Byrs sparisjóðs fyrir stofnun Byrs hf. sem bankinn tók síðar yfir. Samningar, sambærilegir við samkomulagið milli bankans og Glitnis, hafa verið gerðir milli Byrs sparisjóðs og bankans.

Ráðstöfun veðréttinda, ábyrgða og sambærilegra réttinda

Þegar tiltekna eignir og skuldbindingar voru framseldar til bankans frá Glitni, úrskurðaði Fjármálaeftirlitið að bankinn myndi taka yfir öll réttindi sem tryggja efnidir skuldbindinga lánþega Glitnis, þar með talið veðréttindi, ábyrgðir og önnur sambærileg réttindi í tengslum við kröfur bankans.

Bankinn ætti hins vegar að vera ábyrgur gagnvart Glitni fyrir ákveðnum veðum viðskiptavina sinna eftir því sem við á, vegna krafna og afleiðna sem ekki voru framseldar til bankans. Bankinn hefur í samræmi við þessa ákvörðun framselt Glitni tiltekna tryggingarskuldbindingar viðskiptavina. Einn viðskiptavinur höfðaði mál gegn bankanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og véfengdi ákvörðun bankans um að framselja peningamarkaðsinnstæðu sína til Glitnis, sem bankinn skilgreindi í góðri trú, sem tryggingu fyrir framvirkum gjaldeyrissamningi. Krafan nam um það bil 450 milljónum króna. Héraðsdómur dæmdi bankanum í vil og Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð eftir áfrýjun. Ráðstöfun trygginga verður hér eftir samkvæmt samkomulagi við Glitni þar sem Glitnir tryggir skaðleysi bankans af mögulegum kröfum sem kunna að koma upp síðar í tengslum við framsal slíkra réttinda.

Verðtryggð lán

Tvö dómsmál hafa verið höfðuð, annars vegar gegn bankanum, og hins vegar gegn Landsbankanum (LÍ) þar sem véfengt er lögmæti þess að binda höfuðstól veðláns við vísitölu neysluverðs. Slík vísitölubinding hefur verið viðtekin venja í lánaviðskiptum í að minnsta kosti 30 ár. Aðferðin við að reikna út vísitöluna hefur þó breyst í árunum síðustu og var síðasta breytingin innleidd árið 1995.

Mál á hendur bankanum byggist á því að vísitölubinding sé í andstöðu við tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Tilskipunin bannar ekki bindingu við vísitölu neysluverðs, svo framarlega sem neytandinn sé nægilega vel upplýstur um aðferðina sem liggur mismunandi verði til grundvallar. Því er í málinu á hendur bankanum vísitölubinding ekki véfengd sem slík, heldur aðeins það sambengi þar sem henni er beitt. Það mun ekki hafa áhrif á stærri fyrirtæki í hópi viðskiptavina. Þar sem með tilskipuninni er ekki krafist fullrar samræmingar, var hún ekki tekin upp á Íslandi í heild. Þess í stað voru gerðar breytingar á gildandi samningalögum með því að bæta við fjórum tölulíðum í 36. grein laganna. Í þessu samhengi féllst Hæstiréttur á tilmæli stefnanda um að leita álits EFTA-dómstólsins um hvaða ályktanir megi draga af muninum á tilskipuninni og innlendra löggjöf. Álitsins er að vænta á öðrum fjórðungi 2014. Álit EFTA-dómstólsins er ekki bindandi fyrir íslenska dómstóla.

Möguleg áhrif á bankann hafa ekki verið metin, en augljóslega mundi öll lækkun vísitölubindingar hafa áhrif á bankann og aðra húsnæðislánveitendur á Íslandi.

Mál á hendur Landsbanka Íslands byggðist á þeirri röksemd að binding við vísitölu neysluverðs geri veðlán að flóknum fjármálagerningi eins og hann er skilgreindur í lögum um verðbrefaviðskipti nr. 108/2007 (MiFid-tilskipuninni) og þar með sé hún ótæk fyrir almenna viðskiptavini. Hæstiréttur hefur þó nýlega fallist á fyrrgreind tilmæli um að leita álits EFTA-dómstólsins um fjölmörg atriði sem tengjast framkvæmd bæði tilskipunarinnar um neytendalán (90/88/EBE) og um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Rétturinn vék einnig að MiFID-röksemdinni og lýsti því yfir að ekki væri hægt að flokka lánsamninginn sem afleiðu. Því hafa dómstólarnir að meira og minna leyti vísað á bug hinni upphaflegu röksemd, sem gerir málið mjög svipað því sem höfðað hefur verið á hendur bankanum.

Erlend lán

Hæstaréttardómar á árunum 2010 til 2013 hafa haft umtalsverð áhrif á bankann. Veigamestur þeirra er dómur þar sem Hæstiréttur Íslands úrskurðaði í júní 2010 um að óheimilt væri að tengja höfuðstól í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla. Lán sem féllu undir þennan dóm gátu þar af leiðandi ekki borið Libor-vexti.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

58. (framhald)

Áhrif þessara dómsúrskurða og leiðréttinga í kjölfarið á endurútreikningum ólögmetra gengistryggðra lána endurspeglast í verðmæti lánanna í samstæðureikningsskilum bankans. Sú fjárhæð sem viðskiptavinir eiga útstandandi vegna uppgreiddra lána endurspeglast í varúðarframlögum bankans, sjá skýringu 52.

Dómsúrskurðirnir í heild hafa verulega dregið úr óvissunni um það hvaða erlend gjaldeyrislán eru ólögleg og hvernig beri að endurútreikna þau. Bankinn hefur lýst því yfir að hann muni endurútreikna ólögmet gengistryggð lán, útstandandi sem og uppgreidd lán, í samræmi við þau fyrirmæli sem gefin eru í dómsúrskurðunum. Þetta ferli er á lokastigum. Úrskurðirnir byggjast þó á því að bankinn sé ráðandi aðili með sérþekkingu í sambandi samningsaðila. Annar úrskurður kveður á um að fyrri úrskurðir eigi ekki endilega við um aðrar fjármálastofnanir eða stór fyrirtæki sem mótaðila, sérstaklega ef þau stunda viðskipti að hluta erlendis eða eiga reglulega viðskipti með samningum í erlendum gjaldmiðlum. Ennfremur dæmdi Hæstiréttur banka í vil í máli þar sem viðskiptavinur borgaði ekki afborganir með reglubundnum hætti og brá verulega út af upphaflegri greiðsluáætlun. Af þessum sökum endurskoðaði bankinn flokkun sína á því hvaða lán skyldu endurútreiknuð. Niðurstaðan leiddi aðeins til óverulegrar breytingar frá fyrri flokkun.

Sú óvissa sem ennþá ríkir felst fyrst og fremst í tveimur dómsmálum þar sem sækjendur véfengja lögmæti þriggja lánasamninga Glitnis/Íslandsbanka við fyrirtæki. Þótt slíkir samningar séu ekki margir, eru nokkrir þeirra þeir fjármálagerningar sem bera hæstu fjárhæðirnar. Fordæmisgildið er því verulegt (um það bil 3-5 milljarðar króna í dómsmálunum tveimur). Bankinn heldur því fram að samningarnir séu ólíkir þeim samningum sem áður var úrskurðað um hvað varðar aðferðina við að greiða út lánið. Ef samningurinn kveður á um að skuldari geti með skýrum hætti óskað eftir greiðslu í hvaða gjaldmiðli sem er og samningnum er framfylgt á þann hátt, er hægt að setja hámarksfjárhæð samningsins fram í krónum án þess að það komi í veg fyrir að samningurinn hafi gildi sem gengislán. Dóma í málnum er vænst á fjórða ársfjórðungi 2014.

Uppgjör vegna yfirtöku á Byr árið 2011

Bankinn yfirtók Byr (fyrirverandi sparisjóð) árið 2011 af skilanevnd sparisjóðsins („Nefndinni“) og efnahags- og viðskiptaráðuneyti Íslands („Ráðuneytinu“). Samkvæmt viðtekinni venju áskildi bankinn sér rétt til að endurmeta virði eigna sem sem yfirteknar höfðu verið og krefjast í kjölfarið endurgreiðslu ef eignirnar stóðust ekki væntingar. Krafa var sett fram á hendur Nefndinni í júní 2013 sem nam 6.943 milljónum króna auk vaxta. Krafa er lögð inn sem forgangskrafa, samkvæmt 110. grein laga nr. 21/1991, sem jafna skal upp gagnvart skuldabréfi sem bankinn gaf út til Byr að fjárhæð 5.834 milljónir króna (á gjaldþaga í nóvember 2014 og 2015). Nefndin hafnaði kröfunni með bréfi dagsettu 30. september. Ákveðið var á fundi kröfuhafa í desember 2013 að Nefndin skyldi vísa deilunni til Héraðsdóms Reykjavíkur. Formleg krafa að fjárhæð 911 milljónir króna auk vaxta var sett fram á hendur Ráðuneytinu 24. september. Krafa gagnvart Ráðuneytinu verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun febrúar 2014. Ennfremur hefur verið lögð inn beiðni um dómsskipaða matsmenn vegna formlegs mats á kröfu bankans hjá Héraðsdómnum. Engar mögulegar tekjur sem tengjast þessari kröfu hafa enn verið færðar í reikningsskil bankans.

Formleg rannsókn Samkeppniseftirlitsins vegna meints brots Íslandsbanka á samkeppnislögum

Samkeppniseftirlitið („SE“) hefur hafið rannsókn vegna meintra brota bankans á samkeppnislögum. Efni rannsóknarinnar er ennþá trúnaðarmál.

SE hefur óskað eftir og fengið upplýsingar frá Íslandsbanka og hefur, í kjölfar endurskoðunar sinnar, sent bankanum andmælaskjal. Staðhæft er að bankinn hafi brotið 10., 11. og 12. grein samkeppnislaga, þ.e. laga nr. 44/2005, og 53. og 54. grein EES-samningsins. SE álitur að brotin séu viðtæk, að þau hafi staðið yfir um allan stig og að þau varði mikilvæga markaði. Andmælaskjalið er eitt stig í meðferð málsins og felur ekki í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Bankinn hefur kynnt athugasemdir sínar við andmælaskjalið og mun vinna áfram með SE að lausn málsins. Ef niðurstöður SE reynast endanlegar, kunna veruleg viðurlög að koma til álita, samkvæmt 37. grein samkeppnislaganna. Bankinn hefur tekið frá viðeigandi varúðarframlag fyrir viðurlög SE vegna hinna meintu brota á samkeppnislögum.

Formleg beiðni um upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna meintrar ólögmetrar ríkisaðstoðar til Íslandsbanka hf.

22. október 2013 fór Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority, „ESA“), í kjölfar kvörtunar frá 23. september 2013, formlega fram á upplýsingar um meinta ólögmetra ríkisaðstoð til Íslandsbanka hf. gegnum langtímafjármögnun á hagstæðum vöxtum af hálfu Seðlabanka Íslands.

Íslensk stjórnvöld eru beðin um að senda allar upplýsingar og viðeigandi athugasemdir til ESA til að hægt sé að ákvarða hvort ráðstafanirnar sem kvartað er yfir feli í sér ríkisaðstoð eða ekki í skilningi 61. greinar EES-samningsins eða heyri undir undantekningu samkvæmt grein 61(2) eða (3) í EES-samningnum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

58. (framhald)

Íslensk stjórnvöld og bankinn hafa sent allar viðkomandi upplýsingar og athugasemdir sínar samkvæmt beiðni ESA. Báðir aðilar staðhæfa að ráðstafanirnar, sem kvörtunin snýst um, geti ekki talist ríkisaðstoð í skilningi greinar 61(1) í EES-samningnum, þar sem umrædd fjármögnun var veitt á vöxtum sem verða að teljast markaðsvextir á þeim tíma og voru raunar hagstæðir Seðlabankanum. Ef ESA fellst ekki á það, hljóta þó ráðstafanirnar að teljast ríkisaðstoð sem samræmist framkvæmd EES-samningsins samkvæmt grein 61(3) (b) í EES-samningnum.

Möguleg áhrif á bankann, ef ESA kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar feli í sér ólöglega ríkisaðstoð, hafa ekki verið metin. Enn hefur enginn tímarammi verið gefinn upp um það hvenær íslensk stjórnvöld geta vænst úrskurðar ESA.

Atburðir eftir reikningskiladag

59. 10. janúar 2014 undirritaði bankinn sölusamning vegna sölu á 100% eignarhlut sínum í Bláfugli ehf. Salan er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og stefnt er að því að ljúka henni á fyrsta ársfjórðungi 2014.

7. febrúar 2014 undirritaði bankinn sölusamning vegna sölu á 100% eignarhlut sínum í HTO ehf. (Höfðatorgi). Salan er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og þess er vænst að henni ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2014.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Áhættustýring

60. Stjórnarhættir og áhættustýring

Viðskipti bankans með fjármálagerninga fela í sér margvíslega áhættu. Áhættustýring er lykilþáttur í rekstri bankans og óaðskiljanlegur hluti af starfsemi hans.

Stjórnskipulag Íslandsbanka er tvískipt þar sem stjórn bankans ber ábyrgð á eftirliti með því að starfsemi og skipulag bankans sé í samræmi við innri og ytri reglur en bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri.

Stjórn bankans ber ábyrgð á að innviðir áhættustýringar í bankanum séu fullnægjandi. Stjórn skilgreinir áhættuvilja bankans og er hann útfærður nánar í stefnuskjölum um áhættustýringu sem samþykkt eru af stjórn.

Bankastjóri ber ábyrgð á því að þróa og viðhalda fullnægjandi og skilvirkri áhættustýringu og innra eftirliti hjá Íslandsbanka. Að auki skipar bankastjóri framkvæmdastjórn, þar með talið framkvæmdastjóra áhættustýringar, áhættunefnd, efnahagsnefnd og fjárfestingarráð.

Innri endurskoðun leggur sjálfstætt mat á og staðfestir að innra eftirlit og áhættustýring séu fullnægjandi, skilvirk og í samræmi við reglur bankans. Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn bankans og hefur, samkvæmt því, sjálfstæða stöðu í skipuriti bankans. Innri endurskoðandi ber ábyrgð á innri endurskoðun bankans.

Regluvarsla bankans ber ábyrgð á eftirliti með að bankinn viðhaldi stefnuskjölum og verkferlum sem tryggja að stjórn og starfsmenn bankans hlíti lögum, reglum og innri stefnuskjölum. Regluvarsla ber einnig ábyrgð á eftirliti með því að starfsemi bankans sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og hefðir fjármálamarkaða.

Framkvæmdastjóri áhættustýringar situr í framkvæmdastjórn og ber ábyrgð á skipan áhættustýringar innan bankans. Hann er í forsvari fyrir áhættustýringarsvið bankans og ber ábyrgð á því að skilgreina dagleg verkefni sviðsins og að meta hvort fagkunnátta sé fullnægjandi innan þess. Að auki er framkvæmdastjóri áhættustýringar ábyrgur fyrir því að skipuleggja áhættustýringu innan bankans og að tryggja að skipulag og úrræði bankans til að stýra áhættu séu viðunandi. Ábyrgðin nær einnig til áhættustýringar í útibúum og dótturfélögum.

Áhættustýring ber ábyrgð á að þróa umgjörð og viðhalda stefnuskjölum í tengslum við áhættustýringu og innra eftirlit. Áhættustýring ber ábyrgð á að setja hæfnisstaðla, fræða starfsfólk um stefnuskjöl og reglur bankans og að veita yfirmönnum viðskiptaeyninga stuðning í samræmi við sérþekkingu sína.

Áhættustýring veitir ráðgjöf varðandi áhættu og áhættumat og ber ábyrgð á þróun og viðhaldi áhættumatslíkana bankans sem og öðrum umbótum sem tengjast áhættustýringu og innra eftirliti innan bankans.

Áhættustýring sér um skýrslugjöf um áhættuþætti og stöðu áhættumælikvarða til innri og ytri hagsmunaaðila og tryggir viðeigandi viðbrögð við brotum á áhættumörkum.

Áhættustýring er óháð öðrum starfseiningum bankans. Tilvist sérstakrar áhættustýringardeildar leysir stjórnendur bankans ekki undan þeirri ábyrgð að stýra áhættu sem tengist starfseiningum þeirra.

61. Nefndir um áhættustýringu

Framkvæmdastjórn, áhættunefnd, efnahagsnefnd og fjárfestingarráð bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans. Skipan nefnda er ákveðin af bankastjóra en erindisbréf þeirra og vinnureglur eru samþykktar af stjórn.

Framkvæmdastjórn bankans útfærir stefnu bankans varðandi rekstraráhættu og leggur til samþykktar í stjórn bankans í formi stefnuskjals um rekstraráhættu. Stefna um rekstraráhættu fjallar um hvernig rekstraráhætta er skilgreind, metin og mæld, hvernig eftirliti er háttað og hvernig rekstraráhætta er takmörkuð. Þar að auki hefur framkvæmdastjórn eftirlit með orðsporsáhættu, viðskiptaáhættu og stefnumótunaráhættu.

Áhættunefnd fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaáhættu þar með talið samþjöppunaráhættu vegna útlána. Áhættunefnd hefur yfirumsjón með stefnuskjali bankans um útlánaáhættu og öðrum reglum og ferlum sem tengjast útlánaáhættu. Áhættunefnd getur deilt valdheimildum til undirnefnda auk þess sem nefndin ákvarðar útlánaheimildir einstakra starfsmanna.

Áhættunefnd og sérhver undirnefnd hennar taka afstöðu til einstakra lánamála sem varða útlán eða mótaðilaáhættu í samræmi við heimildir þeirra. Ákvörðunum um áhættuskuldbindingar umfram heimildir hverrar nefndar er vísað til nefndar sem er ofar í skipuritinu. Lánveitingar sem eru umfram heimildir áhættunefndar eru bornar undir stjórn.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

61. (framhald)

Áhættunefnd ber einnig ábyrgð á að samþykkja vörur og þjónustu samkvæmt formlegu vörusamþykktarferli innan bankans.

Efnahagsnefnd hefur umsjón og eftirlit með annarri fjárhagslegri áhættu, þ.e. markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og vaxtaáhættu í fjárfestingarbók. Efnahagsnefnd setur viðmið fyrir þessa áhættuþætti, útfærir stefnu bankans varðandi markaðsáhættu og lausafjáraáhættu og leggur fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur einnig yfirumsjón með ráðstöfun eigin fjár og innri verðlagningu.

Fjárfestingarráð tekur ákvarðanir um kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og aðrar tegundir fjárfestinga, t.d. í fjárfestingarsjóðum og fasteignum.

Útlánaáhætta

62. Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á tapi fyrir bankann ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar.

Í þessu felst hættan á að viðskiptavinur lendi í greiðsluþroti, að endurheimtur verði minni en vænst er, landfræðileg áhætta, uppgjörsáhætta og áhætta vegna samþjöppunar í lánasafni.

Samþjöppunaráhætta er heiti á þeirri áhættu sem skapast þegar sameiginlegir áhættuþættir einkenna marga viðskiptavinum bankans, svo sem atvinnugrein, efnahagslíf, landfræðileg staðsetning, tegund fjármálagerna eða vegna innbyrðis tengsla mótaðila. Stórar áhættuskuldbindingar til einstakra aðila eða til hóps tengdra viðskiptavina þar sem greiðsluþrot eins eykur verulega líkur á greiðsluþroti annarra aðila í hópnunum eru meðhöndlaðar sem samþjöppunaráhætta.

Útlánaáhætta skapast fyrst og fremst vegna útlána bankans og fyringreiðslu til viðskiptavina og lánastofnana en einnig vegna innstæðna hjá Seðlabanka Íslands og liða utan efnahagsreiknings eins og ábyrgða, lánsloforða og afleiðusamninga.

Íslandsbanki hefur markað sér stefnu varðandi útlánaáhættu og komið á fót ferli til þess að mæla áhættuna og stýra henni. Markmið útlánaáhættustýringar bankans er að ná jafnvægi milli áhættu og arðsemi og lágmarka neikvæð áhrif útlánaáhættu á fjárhagslega afkomu bankans.

Grunnurinn að öllum ákvörðunum í lánamálum hvílir á nákvæmri greiningu á fjárhagsstöðu mótaðila, greiningu á núverandi greiðsluflæði og mati á framtíðargreiðsluflæði ásamt almennri getu lántaka til þess að endurgreiða skuldbindingar sínar. Bankinn stýrir útlánaáhættu með því að setja mörk sem miðast við einstaka lántakendur, hópa lántakenda, lönd og atvinnugreinar. Bankinn mælir útlánaáhættu fyrir hvern mótaðila eða hóp tengdra viðskiptavina í samræmi við innri og ytri viðmið um tengda aðila.

Bankinn beitir margvíslegum reglum og verklagi til að draga úr útlánaáhættu. Hefðbundna leiðin er að taka veð í eignum lántakanda. Helstu tegundir trygginga fyrir lánunum eru fasteignir, farartæki, tæki, skip og verðbréf. Þegar það á við er öðrum ráðum beitt til að draga úr útlánaáhættu.

63. Hámarksútlánaáhætta

Bæði eignir sem koma fram á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags skapa útlánaáhættu fyrir bankann. Hámark útlánaáhættu vegna eigna sem fram koma á efnahagsreikningi er mælt með því að líta á bókfært virði eignanna áður en virðisrýrnun á áhættuflokka hefur verið dregin frá, sjá skýringu 33. Hámark útlánaáhættu vegna skuldbindinga utan efnahags er mælt með því að líta til hámarksfjárhæðar sem bankinn er skuldbundinn til að lána sé eftir því óskað, eða greiða vegna ábyrgða, að fráregnum varúðarfærslum vegna þeirra. Hámarksútlánaáhætta vegna afleiðusamnings er reiknuð út með því að bæta framtíðar útlánaáhættu við markaðsvirði samningsins eins og lýst er í viðauka III tilskipunar Evrópuþingsins nr. 2006/48/EB (Basel II).

Útlánaáhætta er greind eftir atvinnugreinum. Bankinn notar innri atvinnugreinaflokkun sem er byggð á ISAT2008 atvinnugreinaflokkuninni en hún er byggð á flokkunarviðmiðum European NACE Rev. 2.

Útlánaáhætta bankans, áður en tekið hefur verið mið af tryggingum eða öðrum þáttum sem draga úr útlánaáhættu, er sem hér segir:

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Útlánaáætta

63. Hámarksútlánaáætta:

Hámarksútlánaáætta 31.12.2013

	Ein- staklingar	Ríkis- stofnanir	Verslun og þjónusta	Byggingar- iðnaður	Orku- iðnaður	Fjármála- starfsemi	Iðnaður og flutningar	Fjárfestingar- félög	Opinberir aðilar og félagasamtök	Fasteigna- félög	Sjávar- útvegur	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	111.779	-	-	-	-	-	-	-	-	-	111.779
Afleiðusamningar	10	1.036	53	-	520	434	131	43	-	4	137	2.368
Skuldabréf og skuldagerningar	-	67.268	-	-	58	6.326	-	967	116	451	-	75.186
Útlán til lánastofnana	-	-	-	-	-	44.078	-	-	-	-	-	44.078
Útlán til viðskiptavina	255.044	-	81.522	18.640	3.614	34	46.433	10.306	6.894	66.647	69.289	558.423
Yfirdráttarlán	14.885	-	9.862	4.109	1	20	4.000	290	1.746	2.208	2.318	39.439
Greiðslukort	16.008	-	1.265	154	4	14	369	28	140	51	47	18.080
Húsnæðislán	176.421	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	176.421
Eignaleigusamningar	9.586	-	14.244	2.451	8	-	5.227	213	304	1.475	228	33.736
Önnur lánsform	38.144	-	56.151	11.926	3.601	-	36.837	9.775	4.704	62.913	66.696	290.747
Liðir utan efnahags:												
Fjárhagslegar ábyrgðir	1.299	-	2.559	2.343	-	1.500	1.298	24	11	48	492	9.574
Óáðregnar lánalínur	-	-	392	879	9.069	-	3.880	-	-	4.995	186	19.401
Ónýttar yfirdráttarheimildir	9.646	-	5.634	1.013	202	1.102	2.125	195	1.704	726	1.324	23.671
Ónýttar greiðslukortaheimildir	22.594	-	3.267	408	12	91	800	124	887	160	144	28.487
Samtals	288.593	180.083	93.427	23.283	13.475	53.565	54.667	11.659	9.612	73.031	71.572	872.967

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

63. (framhald)

Hámarksútlánaáhætta 31.12.2012

	Ein- staklingar	Ríkis- stofnanir	Verslun og þjónusta	Byggingar- iðnaður	Orku- iðnaður	Fjármála- starfsemi	Iðnaður og flutningar	Fjárfestingar- félög	Opinberir aðilar og félagasamtök	Fasteigna- félög	Sjávar- útvegur	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	85.500	-	-	-	-	-	-	-	-	-	85.500
Afleiðusamningar	8	132	51	30	-	1.292	12	70	-	8	36	1.639
Skuldabréf og skuldagerningar	-	58.141	316	-	-	2.174	-	2.162	19	1.223	-	64.035
Útlán til lánastofnana	-	-	-	-	-	54.043	-	-	-	-	-	54.043
Útlán til viðskiptavina	244.426	-	68.805	16.465	4.942	254	43.660	16.023	10.934	72.941	81.145	559.595
Yfirdráttarlán	14.871	-	6.487	2.705	3	94	3.508	418	1.756	1.616	1.898	33.356
Greiðslukort	15.825	-	1.243	138	2	26	333	34	182	45	41	17.869
Húsnæðislán	164.416	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	164.416
Eignaleigusamningar	9.763	-	14.187	2.266	14	13	4.181	176	408	1.492	413	32.913
Önnur lánsform	39.551	-	46.888	11.356	4.923	121	35.638	15.395	8.588	69.788	78.793	311.041
Liðir utan efnahags:												
Fjárhagslegar ábyrgðir	1.307	-	2.242	1.858	4	1.001	873	360	55	152	519	8.371
Óádretnar lánalínur	-	-	3.308	422	5.436	-	2.798	1	-	-	833	12.798
Ónýttar yfirdráttarheimildir	9.502	-	4.330	1.141	229	1.318	3.117	279	1.146	471	879	22.412
Ónýttar greiðslukortheimildir	21.893	10	2.990	426	17	93	796	123	1.096	154	112	27.710
Samtals	277.136	143.783	82.042	20.342	10.628	60.175	51.256	19.018	13.250	74.949	83.524	836.103

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

64. Útlánaáætta tryggð með veði

Tryggingar og aðrar útlánavarnir eru mismunandi eftir tegundum lántaka og lánsforma. Lán til lánastofnana eru venjulega ótryggð. Helsta trygging fyrir lánveitingum til einstaklinga er veð í íbúðarhúsnæði. Þegar um fyrirtæki er að ræða tekur bankinn veð í fasteignum, fiskiskipum, reiðufé og verðbréfum sem og öðrum eignum þar á meðal viðskiptakröfum, birgðum, farartækjum og tækjum. Lán til ríkisstofnana og sveitarfélaga eru oftar en ekki ótryggð. Afleiðusamningar eru almennt gerðir samkvæmt ISDA rammasamningi með CSA-viðauka eða samsvarandi skilmálum með handveði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum.

Bankinn notar í sumum tilfellum ábyrgðir til að draga úr útlánaáættu, en þar sem ábyrgðir lækka ekki hámarksútlánaáættu heldur flytja hana frá einum mótaðila til annars eru þær ekki taldar hafa fjárhagsleg áhrif hér. Kvaðir í lánasamningum eru einnig mikilvægar en lækka ekki hámarksútlánaáættu.

Mat á tryggingum byggir á markaðsverði, opinberu mati Fasteignamats ríkisins eða áliti sérfræðinga bankans, eftir því hvað er tiltækt hverju sinni. Þegar um er að ræða fiskiskip eru aflaheimildir þess taldar með í matinu á fjárhagslegum áhrifum trygginga. Tryggingum er úthlutað samkvæmt fjárhæðum lánakrafna, ekki bókfærðu virði, og eru metnar án áhrifa tryggingaþekju umfram lánsfjárhæð. Þetta þýðir að ef virði trygginga tiltekinna lána er hærra en fjárhæð kröfu, er mismunurinn undanskilinn til að endurspeglar raunverulega áhættu bankans gagnvart útlánaáættu.

Mat á tryggingum sem bankinn hefur til að vega á móti útlánaáættu er sýnt að neðan:

31. desember 2013

	Fasteignir	Fiskiskip	Handbært fé og verðbréf	Bifreiðar og tæki	Aðrar tryggingar	Útlánaáætta tryggð með veði
Afleiðusamningar.....	-	-	1.820	-	-	1.820
Útlán til viðskiptavina:	321.247	59.488	6.895	31.053	14.603	433.286
Einstaklingar	202.593	26	1.410	8.791	5	212.825
Verslun og þjónusta	30.764	217	1.098	12.998	5.193	50.270
Byggingariðnaður	8.912	143	84	3.961	1.418	14.518
Orkuiðnaður	3.242	-	87	-	122	3.451
Fjármálastarfsemi.....	4	-	-	-	-	4
Iðnaður og flutningar.....	18.161	-	98	4.682	5.029	27.970
Fjárfestingarfélag.....	4.108	-	2.783	44	55	6.990
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	1.438	3	3	223	-	1.667
Fasteignafélög	47.377	25	445	155	21	48.023
Sjávarútvegur	4.648	59.074	887	199	2.760	67.568
Samtals	321.247	59.488	8.715	31.053	14.603	435.106

31. desember 2012

	Fasteignir	Fiskiskip	Handbært fé og verðbréf	Bifreiðar og tæki	Aðrar tryggingar	Útlánaáætta tryggð með veði
Afleiðusamningar.....	-	-	640	-	-	640
Útlán til viðskiptavina:	314.242	68.349	15.682	17.790	14.231	430.294
Einstaklingar	197.187	89	2.918	8.145	-	208.339
Verslun og þjónusta	27.477	-	913	8.471	3.083	39.944
Byggingariðnaður	7.622	186	121	287	3.662	11.878
Orkuiðnaður	2.601	-	6	3	146	2.756
Fjármálastarfsemi.....	69	-	8	11	-	88
Iðnaður og flutningar.....	13.036	-	724	674	5.793	20.227
Fjárfestingarfélag.....	3.493	-	10.150	17	397	14.057
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	3.645	-	10	59	194	3.908
Fasteignafélög	54.596	139	233	76	-	55.044
Sjávarútvegur	4.516	67.935	599	47	956	74.053
Samtals	314.242	68.349	16.322	17.790	14.231	430.934

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

65. Útlánagæði fjáreigna

Lán teljast virðisrýrð ef bankinn væntir þess að endurgreiðslur þeirra verði ekki í samræmi við skilmála lánsins og ef fjárhagsleg endurskipulagning lánþega er talin líkleg til að leiða til þess að hluti af útláninu tapist. Í flestum tilvikum mun fjárhagsleg endurskipulagning ekki leiða til taps fyrir bankann vegna þess að eftirstöðvar lána eru að jafnaði hærri en bókfært virði lánsins þar sem lánasafnið var keypt með miklum afslætti.

Lán teljast einnig virðisrýrð ef bankinn færir virðisrýrnun til að vega á móti gengishreyfingum. Sú virðisrýrnun gefur samt sem áður ekki til kynna tap bankans af kaupvirði lána.

Bókfært heildarvirði allra útlána sem gefa tilefni til virðisrýrnunar er sýnt í töflunni yfir virðisrýrð lán, jafnvel þótt hluti fjárhæðarinnar sé tryggður með veði. Virðisrýrnun á áhættuflokka hefur ekki verið dregin frá bókfærða virðinu hér.

31. desember 2013	Hvorki í vanskilum né sérstaklega virðisrýrð	Í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð	Sérstaklega virðisrýrð	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands.....	111.779	-	-	111.779
Afleiðusamningar.....	2.368	-	-	2.368
Skuldabréf og skuldagerningar.....	75.186	-	-	75.186
Útlán til lánastofnana	44.078	-	-	44.078
Útlán til viðskiptavina:	496.705	34.618	27.100	558.423
Einstaklingar	222.791	23.944	8.309	255.044
Verslun og þjónusta	71.177	3.759	6.586	81.522
Byggingariðnaður	16.780	1.005	855	18.640
Orkuiðnaður	3.614	-	-	3.614
Fjármálastarfsemi.....	34	-	-	34
Iðnaður og flutningar.....	43.175	1.318	1.940	46.433
Fjárfestingarfélög.....	9.293	506	507	10.306
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	6.818	52	24	6.894
Fasteignafélög	58.694	2.356	5.597	66.647
Sjávarútvegur	64.329	1.678	3.282	69.289
Samtals	730.116	34.618	27.100	791.834

31. desember 2012	Hvorki í vanskilum né sérstaklega virðisrýrð	Í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð	Sérstaklega virðisrýrð	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands.....	85.500	-	-	85.500
Afleiðusamningar.....	1.639	-	-	1.639
Skuldabréf og skuldagerningar.....	64.035	-	-	64.035
Útlán til lánastofnana	54.043	-	-	54.043
Útlán til viðskiptavina:	469.435	42.205	47.955	559.595
Einstaklingar	206.255	29.714	8.457	244.426
Verslun og þjónusta	55.908	3.330	9.567	68.805
Byggingariðnaður	13.411	1.717	1.337	16.465
Orkuiðnaður	4.941	-	1	4.942
Fjármálastarfsemi.....	197	16	41	254
Iðnaður og flutningar.....	39.531	1.454	2.675	43.660
Fjárfestingarfélög.....	11.736	631	3.656	16.023
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	10.425	101	408	10.934
Fasteignafélög	51.351	4.598	16.992	72.941
Sjávarútvegur	75.680	644	4.821	81.145
Samtals	674.652	42.205	47.955	764.812

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66. Lán sem eru hvorki í vanskilum né virðisrýrð

Bankinn notar eigin líkön til að meta vanefndarlikur viðskiptavina. Líkönin úthluta hverjum viðskiptavini einum af tíu áhættuflokkum. Áhættuflokkur 10 er fyrir viðskiptavini í vanefndum en áhættuflokkar 1-9 eru fyrir viðskiptavini sem eru ekki í vanefndum.

Áhættumat stærri fyrirtækja er byggt á fjárhagsupplýsingum fyrirtækisins ásamt mati bankans á stjórnendum þess, markaðsstöðu og atvinnugrein. Fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki með heildarlán frá bankanum innan við 150 milljónir króna notar bankinn tölfræðileg áhættumatslíkön. Þessi líkön styðjast við upplýsingar um greiðslusögu viðskiptavinar, skuldsetningu, innlán og lýðfræðilegar breytur til að meta líkindi þess að viðskiptavinir lendi í vanefndum á næstu 12 mánuðum.

Taflan hér að neðan gerir grein fyrir lánnum sem eru hvorki í vanskilum né sérstaklega virðisrýrð eftir áhættuflokkum viðskiptavina. Flokkar 1-4 tákna litla áhættu, flokkar 5-6 miðlungsáhættu, flokkar 7-8 meiri áhættu, flokkur 9 mikla áhættu og áhættuflokkur 10 stendur fyrir viðskiptavini sem eru í vanefndum.

Athugið að sami viðskiptavinur getur verið með eitt lán í meira en 90 daga vanskilum en annað lán sem á sama tíma er í skilum. Þar sem áhættuflokkur er úthlutað á viðskiptavini en ekki lán fyrir lán eru einhver lán í töflunni að neðan til viðskiptavina í áhættuflokki 10 þótt lánin sjálf séu í skilum.

	Áhættu- flokkur 1-4	Áhættu- flokkur 5-6	Áhættu- flokkur 7-8	Áhættu- flokkur 9	Áhættu- flokkur 10	Samtals
31. desember 2013						
Útlán til viðskiptavina:						
Einstaklingar	8.502	78.311	83.314	44.952	7.712	222.791
Verslun og þjónusta	14.674	21.170	27.751	4.789	2.793	71.177
Byggingariðnaður	-	4.279	10.863	1.037	601	16.780
Orkuiðnaður	2.150	1.445	19	0	-	3.614
Fjármálastarfsemi.....	6	1	19	8	-	34
Iðnaður og flutningar.....	13.910	16.432	8.796	3.627	410	43.175
Fjárfestingarfélög.....	837	3.220	3.654	1.440	142	9.293
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	1.756	3.060	1.804	195	3	6.818
Fasteignafélög	127	35.019	11.140	4.315	8.093	58.694
Sjávarútvegur	21.363	29.347	11.719	561	1.339	64.329
Samtals	63.325	192.284	159.079	60.924	21.093	496.705

	Áhættu- flokkur 1-4	Áhættu- flokkur 5-6	Áhættu- flokkur 7-8	Áhættu- flokkur 9	Áhættu- flokkur 10	Samtals
31. desember 2012						
Útlán til viðskiptavina:						
Einstaklingar	8.215	71.069	66.147	49.650	11.174	206.255
Verslun og þjónusta	3.737	14.624	21.225	10.326	5.996	55.908
Byggingariðnaður	-	1.511	9.062	2.117	721	13.411
Orkuiðnaður	2	2.882	24	2.033	-	4.941
Fjármálastarfsemi.....	5	16	99	77	-	197
Iðnaður og flutningar.....	10.494	18.062	7.432	2.937	606	39.531
Fjárfestingarfélög.....	661	7.092	1.358	1.812	813	11.736
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	639	4.994	2.000	2.774	18	10.425
Fasteignafélög	4.443	15.369	10.643	4.553	16.343	51.351
Sjávarútvegur	31.949	34.605	5.638	705	2.783	75.680
Samtals	60.145	170.224	123.628	76.984	38.454	469.435

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

67. Endurskipulagning og greiðsluúrræði

Fjárhagsleg endurskipulagning á skuldum viðskiptavina hefur verið eitt af meginverkefnum bankans frá október 2008. Þetta hefur verið krefjandi verkefni þar sem stór hluti viðskiptavina hefur þurft á greiðsluúrræðum að halda. Lagaleg álitamál, stjórn málaáhætta og efnahagssumhverfið hafa aukið flækjustigið og óvissu í þessum málum. Bankinn hefur brugðist við með að fela tilteknum starfsmönnum og deildum að takast á við vandann. Stjórnendur bankans eru vel upplýstir um framgang endurskipulagningarinnar.

Bankinn hefur á undanförunum árum boðið viðskiptavinum sínum ýmis endurskipulagningarúrræði. Má þar nefna höfuðstólslækkun og endurútreikning gengistryggðra lána, greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga og fyrirtæki, 110% leið húsnæðislána, afskriftir og sérsniðnar lausnir í flóknum málum þar sem almennar lausnir duga ekki til.

Önnur greiðsluúrræði sem bankinn getur boðið eru meðal annars tímabundin hlé á greiðslum, lenging lána, viðlagning vanskila við höfuðstól og undanþága vegna kvaðabrota. Í mörgum tilfellum eru þessi úrræði undanfarar formlegs endurskipulagningarferlis.

Hér fyrir neðan má sjá bókfært virði lána til viðskiptavina sem eru hvorki í vanskilum né virðisrýrð.

	31.12.2013
Lán sem luku endurskipulagningu árið 2013	6.046
Lán þar sem greiðsluúrræði voru veitt árið 2013	7.174
Önnur lán sem eru hvorki í vanskilum né virðisrýrð	483.485
Lán til viðskiptavina sem eru hvorki í vanskilum né virðisrýrð	496.705

Samanburðartölur eru ekki til.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

68. Lán í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð

Lán teljast vera í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð ef sammingsbundnar vaxta- eða höfuðstólsgreiðslur eru gjaldfallnar, en bankinn telur að ekki sé tilefni til sérstakrar virðisrýrnunar. Ástæðan er venjulega sú að líklegt er talið að sammingsbundnar greiðslur verði inntar af hendi eða að þau lán verði endurskipulögð án taps fyrir bankann vegna afsláttar eða fullnægjandi trygginga.

Fjárhæðir sem hér eru tilgreindar sýna heildareftirstöðvar lána sem eru í vanskilum án virðisrýrnunar en ekki aðeins gjaldfallnar greiðslur. Þó að greiðslur af lánnum hafi ekki skilað sér í allt að þrjú daga þá eru þau lán ekki talin í vanskilum hér og er því sleppt. Lán í vanskilum sem ekki hafa verið sérstaklega virðisrýrð eru sem hér segir:

31. desember 2013	Vanskil 4-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil yfir 90 daga	Vanskil útlána
Útlán til viðskiptavina:					
Einstaklingar	8.615	4.181	786	10.362	23.944
Verslun og þjónusta	1.349	1.000	335	1.075	3.759
Byggingariðnaður	330	279	24	372	1.005
Orkuiðnaður	-	-	-	-	-
Fjármálastarfsemi.....	-	-	-	-	-
Iðnaður og flutningar.....	375	203	45	695	1.318
Fjárfestingarfélag.....	181	35	137	153	506
Opinberir aðilar og félagasamtök	38	6	1	7	52
Fasteignafélög	1.040	460	109	747	2.356
Sjávarútvegur	790	107	78	703	1.678
Samtals	12.718	6.271	1.515	14.114	34.618

31. desember 2012	Vanskil 4-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil yfir 90 daga	Vanskil útlána
Útlán til viðskiptavina:					
Einstaklingar	8.567	4.652	1.107	15.388	29.714
Verslun og þjónusta	1.023	502	101	1.704	3.330
Byggingariðnaður	323	82	97	1.215	1.717
Orkuiðnaður	-	-	-	-	-
Fjármálastarfsemi.....	1	1	1	13	16
Iðnaður og flutningar.....	299	269	72	814	1.454
Fjárfestingarfélag.....	73	30	38	490	631
Opinberir aðilar og félagasamtök	42	19	-	40	101
Fasteignafélög	580	1.528	133	2.357	4.598
Sjávarútvegur	45	30	34	535	644
Samtals	10.953	7.113	1.583	22.556	42.205

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

69. Stórar áhættuskuldbindingar

Þegar heildaráhættuskuldbindingar hóps tengdra viðskiptavina gagnvart bankanum nema 10% eða meira af eiginfjárgrunni bankans er um stóra áhættuskuldbindingu að ræða. Eins og reglur FME 625/2013 kveða á um eru allir fjármálagerningar, bæði þeir sem fram koma á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags taldir með þegar fjárhæðir stórra áhættuskuldbindinga eru metnar. Bankinn notar aðferð til að skilgreina tengsl milli viðskiptavina sem endurspeglar túlkun bankans á a-lið 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem hópar tengdra viðskiptavina eru skilgreindir.

Stærð áhættuskuldbindinga er mæld bæði fyrir og eftir frádráttarliði skv. reglum FME. Á uppgjörstími fór engin áhættuskuldbinding yfir 10% af eiginfjárgrunni eftir frádráttarliði. Sér í lagi er engin stór áhættuskuldbinding umfram 25% af eiginfjárgrunni sem er hámarkið sem kveðið er á um í lögunum.

Töflurnar hér að neðan sýna stórar áhættuskuldbindingar sem hlutfall af eiginfjárgrunni bankans, með og án leyfilegs frádrags. Númer hóps getur breyst milli uppgjörstímabila, t.d. er hópur 1 mögulega ekki sami hópur í báðum töflum.

	31.12.2013	
Hópar tengdra viðskiptamanna	Brúttó	Nettó
Áhættuskuldbinding 1	78%	0%

	31.12.2012	
Hópar tengdra viðskiptamanna	Brúttó	Nettó
Áhættuskuldbinding 1	53%	0%
Áhættuskuldbinding 2	15%	15%

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Lausafjánhætta

70. Bankinn skilgreinir lausafjánhættu sem áhættuna af því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða fyrirhugaðan vöxt, eða geta einungis gert það gegn kjörum sem eru umtalsvert hærri en gengur og gerist á markaði á hverjum tíma.

Stýring lausafjánhættu

Bankinn er að stærstum hluta fjármagnaður í gegnum innlán viðskiptavina. Fjárstýring bankans ber ábyrgð á fjármögnun bankans og lausafjánhættu. Dagleg umsýsla lausafjár bankans er í höndum millibankamarkaða.

Áhættustýring og lánaeftirlit mælir og hefur eftirlit með lausafjárstöðu bankans og gefur um hana skýrslur til viðeigandi aðila.

Stefna bankans um stýringu lausafjánhættu gerir ráð fyrir að laust fé bankans skuli á hverjum tíma duga til að mæta skuldbindingum næstu 12 mánaða.

Töflurnar hér að neðan sýna samningsbundnar vaxta- og höfuðstólsgreiðslur vegna fjárhagslegra skuldbindinga bankans. Samtölur fyrir hverja tegund skuldbindinga eru því hærri en samsvarandi tölur á efnahagsreikningi bankans. Greiðslufleði skuldbindinga sem ekki er fyrirfram ákveðið, t.d. vegna breytilegra vaxta, verðtryggingar eða gengistryggingar, er áætlað út frá spá um þróun undirliggjandi þátta.

Fyrir samningsbundnar skuldbindingar eru fjárhæðir brotnar niður á tímabil eftir því hvenær samningsbundnar höfuðstólsgreiðslur og áætlaðar greiðslur á vöxtum falla til. Óbundnar innstæður og aðrar skuldbindingar sem ekki hafa samningsbundinn gjalddaga eru flokkaðar miðað við að viðskiptavinur krefji bankann um greiðslu við fyrsta tækifæri.

Í töflunni hér að neðan er upphæð útlána til viðskiptavina hærri en í ársreikningnum þar sem hér er ekki tekið tillit til virðisrýrnunar á áhættuflokka lánanna. Töflur sem sýna greiðslufleði eigna telja eingöngu höfuðstólsgreiðslur en hins vegar telur greiðslufleði skulda bæði höfuðstól og vexti.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2013

Fjárskuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldtagi	Samtals
Skortstöður	9.462	-	-	-	-	-	9.462
Innlán frá Seðlabanka Íslands	63	-	-	-	-	-	63
Innlán lánastofnana	26.804	2.457	413	-	-	-	29.674
Innlán viðskiptavina	346.352	47.265	52.685	29.918	29.429	-	505.649
Lántaka	2	6.765	15.988	52.993	28.397	-	104.145
Vikjandi lán	-	-	749	6.869	24.919	-	32.537
Aðrar fjárhagslegar skuldbindingar	33.576	4.874	9.196	-	74	-	47.720
Fjárskuldir samtals	416.259	61.361	79.031	89.780	82.819	-	729.250

Skuldbindingar utan efnahags sýna samningsbundnar skuldbindingar bankans gagnvart viðskiptavinum, annað hvort vegna loforða um lánveitingar eða vegna ábyrgða sem veittar hafa verið þriðja aðila. Fjárhæðirnar eru hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að bankinn gæti lækkað yfirdráttarheimildir og greiðslukortarheimildir áður en þær verða fullnýttar. Þessar skuldbindingar tilheyra fyrsta gjalddagatímabilinu þar sem bankinn gæti, í hverju tilfalli fyrir sig, verið krafinn um að mæta þeim samningsbundnu skuldbindingum strax.

Liðir utan efnahags	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldtagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir	9.574	-	-	-	-	-	9.574
Óáðregnar lánalínur	19.401	-	-	-	-	-	19.401
Ónýttar yfirdráttarheimildir	23.671	-	-	-	-	-	23.671
Ónýttar greiðslukortarheimildir	28.487	-	-	-	-	-	28.487
Samtals	81.133	-	-	-	-	-	81.133

Heildarskuldbindingar aðrar en afleiður og

liðir utan efnahags	497.392	61.361	79.031	89.780	82.819	-	810.383
---------------------------	---------	--------	--------	--------	--------	---	---------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

70. (framhald)

Taflan hér að neðan sýnir greiðslufæði þeirra afleiðuskuldbindinga bankans sem hafa neikvætt markaðsvirði í árslok 2013. Afleiðusamningar með jákvætt markaðsvirði í árslok 2013 eru sundurliðaðir sérstaklega. Fyrir afleiður sem gerðar eru upp án nettunar er greiðslufæði fyrir báða leggina sýnt þar sem ekki er hægt að beita skuldajöfnun við uppgjör.

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	3.865	8.742	65.955	-	-	78.562
Útstreymi	-	(3.906)	(8.321)	(71.328)	-	-	(83.555)
Samtals	-	(41)	421	(5.373)	-	-	(4.993)
Afleiður gerðar upp nettó	-	(195)	-	-	-	-	(195)
Samtals	-	(236)	421	(5.373)	-	-	(5.188)

Flokkun eigna eftir gjalddaga byggir á samningsbundnum gjalddaga. Fyrir lán sem voru tekin yfir með miklum afslætti við stofnun bankans og hafa ekki enn verið endurskipulögð þá er samningsbundin greiðsla lækkuð til samræmis við bókfært virði kröfunnar. Fyrir skuldabréf og skuldagerninga í fjárfestingarbók er flokkun eftir gjalddögum byggð á samningsbundnum gjalddögum, en þegar um skuldabréf og skuldagerninga í veltubók er að ræða er byggt á þeim tíma sem áætlað er að þurfi til að selja eignina.

Fjáreignir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	12.695	99.084	-	-	-	-	111.779
Skuldabréf og skuldagerningar	5.503	35.250	67	26	31.805	2.535	75.186
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	46	-	9	344	-	8.986	9.385
Útlán til lánastofnana	29.420	14.497	161	-	-	-	44.078
Útlán til viðskiptavina	932	75.481	42.852	150.591	289.067	-	558.923
Aðrar fjáreignir	7.102	1.541	102	1.658	-	3.169	13.572
Fjáreignir samtals	55.698	225.853	43.191	152.619	320.872	14.690	812.923

Afleiður - eignir

Afleiður gerðar upp brúttó	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Innstreymi	-	4.793	3.732	10.508	2.523	-	21.556
Útstreymi	-	(4.605)	(3.584)	(10.265)	(2.813)	-	(21.267)
Samtals	-	188	148	243	(290)	-	289
Afleiður gerðar upp nettó	-	58	-	-	-	-	58
Samtals	-	246	148	243	(290)	-	347

Töflurnar hér að neðan sýna samanburðartölur fyrir eignir og skuldir miðað við árslok 2012.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2012

Fjárskuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Skortstöður	11.991	-	-	-	-	-	11.991
Innlán frá Seðlabanka Íslands	54	-	-	-	-	-	54
Innlán lánastofnana	29.726	8.119	401	-	-	-	38.246
Innlán viðskiptavina	338.464	46.390	41.059	27.590	23.969	-	477.472
Lántaka	8	2.449	7.304	44.288	23.085	983	78.117
Víkjandi lán	-	236	523	6.337	28.919	-	36.015
Aðrar fjárhagslegar skuldbindingar	42.190	5.957	2.154	-	291	-	50.592
Fjárskuldir samtals	422.433	63.151	51.441	78.215	76.264	983	692.487

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

70. (framhald)	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Liðir utan efnahags							
Fjárhagslegar ábyrgðir	8.371	-	-	-	-	-	8.371
Óáðregnar lánalínur	12.798	-	-	-	-	-	12.798
Ónýttar yfirdráttarheimildir	22.412	-	-	-	-	-	22.412
Ónýttar greiðslukortarheimildir	27.710	-	-	-	-	-	27.710
Samtals	71.291	-	-	-	-	-	71.291

Samtals fjárskuldir aðrar en afleiður og liðir utan efnahags

493.724 63.151 51.441 78.215 76.264 983 763.778

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	6.074	1.872	75.987	25.000	-	108.933
Útstreymi	-	(5.849)	(1.944)	(93.004)	(25.080)	-	(125.877)
Samtals	-	225	(72)	(17.017)	(80)	-	(16.944)
Afleiður gerðar upp nettó	-	(115)	-	-	-	-	(115)
Samtals	-	110	(72)	(17.017)	(80)	-	(17.059)

Fjáreignir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	27.380	58.120	-	-	-	-	85.500
Skuldabréf og skuldagerningar	1.281	26.730	-	-	31.120	4.904	64.035
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	-	-	13	326	-	10.106	10.445
Útlán til lánastofnana	34.665	19.227	151	-	-	-	54.043
Útlán til viðskiptavina	578	70.346	50.267	149.005	289.399	-	559.595
Aðrar fjáreignir	1.640	1.007	209	1.201	-	1.998	6.055
Fjáreignir samtals	65.544	175.430	50.640	150.532	320.519	17.008	779.673

Afleiður - eignir

Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	1.805	909	8.284	-	-	10.998
Útstreymi	-	(1.755)	(860)	(8.189)	-	-	(10.804)
Samtals	-	50	49	95	-	-	194
Afleiður gerðar upp nettó	-	61	-	-	-	-	61
Samtals	-	111	49	95	-	-	255

Liður í því að stýra lausafjánhættu bankans felst í því að eiga safn auðseljanlegra eigna til þess að mæta óvæntu útstreymi fjármagns eða tímabundnum takmörkunum í aðgengi að nýrri fjármögnun. Þessar eignir lúta ströngum skilyrðum varðandi útlánaáættu, seljanleika og næmi fyrir verðsveiflum á markaði. Taflan hér að neðan sýnir heildarfjárhæð og samsetningu lausafjársafnsins í árslok 2013 og 2012.

Lausafjárstaða	31.12.2013	31.12.2012
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	111.779	85.500
Óveðsett verðbréf sem eru hæf sem veð í viðskiptum við Seðlabanka Íslands	20.873	12.704
Erlend ríkisskuldabréf	34.618	26.730
Skammtímastöður við lánastofnanir	41.192	49.264
Varasjóður lausafjár	208.462	174.198

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Markaðsáhætta

71. Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, hlutabréfaverði, hrávöruverði og gengi gjaldmiðla, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga bankans og þar með afkomu hans og eigið fé.

Stýring markaðsáhattu

Vilji bankans til að taka markaðsáhattu er ákvarðaður af stjórn bankans. Efnahagsnefnd ákveður mörk fyrir einstök eignasöfn og einstaka fjármálagerninga í samræmi við stefnu bankans um stýringu markaðsáhattu sem samþykkt er af stjórn. Áhættustýring ber ábyrgð á eftirliti með markaðsáhattu og gefur viðeigandi aðilum skýrslur þar um með tilliti til þeirra áhættumarka sem ákveðin hafa verið. Markmið markaðsáhættustýringar er að stýra markaðsáhattu bankans þannig að hún sé innan fyrirframskilgreindra og ásættanlegra marka.

Bankinn gerir greinarmun á markaðsáhattu í veltubók annars vegar og fjárfestingarbók hins vegar. Markaðsáhætta í veltubók er aðallega til komin af opnum stöðum í hlutabréfum, skuldabréfum og erlendum gjaldmiðlum. Eignir og skuldbindingar í veltubók eru bókfærðar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar endurspeglast strax í rekstrarreikningi. Markaðsáhætta í fjárfestingarbók stafar einkum af misræmi í vaxtaskilmálum og myntsamsetningu eigna og skulda. Skýr mörk eru sett varðandi slíkt misræmi bæði með innri reglum bankans og í lögum og reglugerðum og er framkvæmdastjórn gerð grein fyrir þessu misræmi í innri skýrslum.

Vaxtaáhætta

72. Vaxtaáhætta er skilgreind sem þau neikvæðu áhrif sem óhagstæðar hreyfingar á vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu bankans.

Bankinn beitir næmismælingum eins og punktvirði til þess að mæla og stýra vaxtaáhættu bankans. Punktvirði segir til um hvernig gangvirði undirliggjandi stöðu breytist ef vaxtaferlar hliðrast upp um 0,01 prósentustig (einn punkt).

73. Vaxtaáhætta í veltubók

Veltubók fjárfestir aðallega í ríkisskuldabréfum og íbúðabréfum en þau eru með ríkisábyrgð. Þessar stöðutökur geta falið í sér skortstöður.

Ríkisskuldabréf eru annaðhvort verðtryggð eða óverðtryggð og með allt að 9 ára binditíma. Íbúðabréf eru hins vegar verðtryggð og með allt að 13 ára binditíma. Allar skuldabréfastöður eru takmarkaðar með punktvirðismörkum sem gilda jafnt innan dags og í dagslok. Að auki setur bankinn mörk á gnóttstöður og skortstöður í hverjum skuldabréfaflokki. Áhættustýring hefur eftirlit með mörkum veltubókar og eru öll markabrot tilkynnt til efnahagsnefndar bankans.

Hafa ber í huga að heildarvirði gnótt- og skortstaðna í töflunni hér að neðan þarf ekki nauðsynlega að stemma við samsvarandi tölur í skýringu 8. Ástæðan er sú að í skýringu 8 er sýnd samtala hreinnar stöðu allra skuldabréfa en taflan hér að neðan sýnir samtölu áður en hrein staða í hverju bréfi er reiknuð. Að auki eru varnir afleiðusamninga undanskildar hér.

Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, gnóttstaða	31.12.2013			31.12.2012		
	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði	Markaðsvirði	Binditími	Punktvirði
Verðtryggð	3.282	7,41	(2,43)	1.589	11,01	(1,75)
Óverðtryggð	35.848	0,32	(1,13)	26.933	0,18	(0,50)
Samtals	39.130	0,91	(3,56)	28.522	0,79	(2,25)

Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, skortstaða	31.12.2013			31.12.2012		
	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði	Markaðsvirði	Binditími	Punktvirði
Verðtryggð	291	6,39	0,19	521	10,65	0,55
Óverðtryggð	2.878	2,23	0,64	1.592	2,21	0,35
Samtals	3.169	2,61	0,83	2.113	4,29	0,90

Hrein staða veltubókar skuldabréfa	35.961	0,76	(2,73)	26.409	0,50	(1,35)
---	---------------	-------------	---------------	---------------	-------------	---------------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

73. (framhald)

Í lausafjár safni bankans er umtalsvert magn erlendra ríkisvíxla og er stærsti hluti þeirra gefinn út af ríkjum með lánshæfiseinkunnina Aa1 en stefnan er að lágmarkslánshæfiseinkunn útgefendanna sé Aa3 samkvæmt langtímalánshæfismati frá Moody's. Bankinn fjárfestir í þessum vixlum til að ávaxta laust fé og eru þeir auðseljanlegir. Binditími víxlanna er allt að 6 mánuðir og var punktvirði þeirra -0,9 milljónir króna í árslok 2013 (31. desember 2012: -0,4 milljónir króna).

Erlend ríkisskuldabréf	31.12.2013		31.12.2012	
	Markaðsvirði	Punktvirði	Markaðsvirði	Punktvirði
Útgáfuríki				
Danmörk	1.063	(0,02)	-	-
Frakkland	1.585	(0,01)	5.094	(0,04)
Þýskaland	4.755	(0,09)	2.547	(0,05)
Holland	2.377	(0,02)	7.641	(0,13)
Noregur	3.760	(0,13)	1.149	(0,02)
Svíþjóð	5.375	(0,13)	-	-
Bretland	1.902	(0,02)	-	-
Bandaríkin	14.433	(0,44)	10.298	(0,17)
Samtals	35.250	(0,86)	26.729	(0,41)

74. Vaxtanæmi í veltubók

Til að greina næmi veltubókar fyrir vaxtabreytingum gerir bankinn ráð fyrir að bæði verðtryggðir og óverðtryggðir innlendir vextir breytist um 100 punkta en að vextir í erlendri mynt breytist minna í samræmi við minna flókt. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif raunhæfar breytingar á vöxtum hafa á eigið fé bankans og rekstrarreikning að öllu öðru óbreyttu.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldageringum í veltubók	31.12.2013		31.12.2012		
	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	Hagnaður eða (tap)			
Mynt		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
ISK, verðtryggt	100	243	(243)	120	(120)
ISK, óverðtryggt	100	28	(28)	(27)	27
CHF	40	-	-	-	-
EUR	20	2	(2)	4	(4)
GBP	40	1	(1)	-	-
JPY	20	-	-	-	-
USD	40	18	(18)	7	(7)
Aðrar myntir samtals	40	-	-	1	(1)
Samtals		292	(292)	105	(105)

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

75. Vaxtaáætla í fjárfestingarbók

Vaxtaáætla í fjárfestingarbók er afleiðing af kjarnastarfsemi bankans. Þessi vaxtaáætla er aðallega í tengslum við hættu á tapi vegna sveiflna í framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerninga vegna vaxtabreytinga en það endurspeglar þá staðreynd að eignir og skuldir bankans hafa mismunandi gjalddaga og eru verðlagðar miðað við mismunandi vaxtastig.

Bankinn á í flokki ríkisskuldabréfa, sem metin eru á gangvirði, að fjárhæð 30,8 milljarðar króna í árslok 2013 (2012: 30,9 milljarðar króna). Bréfin eru á vöxtum sem breytast mánaðarlega og er vaxtaáættan því tiltölulega lítil.

Bankinn notar hefðbundna mælikvarða til að meta vaxtanæmi fjáreigna, fjárskulda og tekna.

Í töflunni hér að neðan er fjárhæð útlána til viðskiptavina ekki sú sama og í ársreikningnum þar sem hér er ekki tekið tillit til virðisrýrnunar á áhættuflokka lánanna. Lán með sértæka virðisrýrnun hafa verið sett í flokkinn „0-3 mánuðir“ þar sem þau bera enga vexti nema ef til vill eftir endurskipulagningu.

Vaxtaendurskoðunartímabil í fjárfestingarbók miðað við 31. desember 2013:

Eignir	3-12		1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
	0-3 mánuðir	mánuðir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	111.779	-	-	-	-	-	111.779
Skuldabréf og skuldagerningar	31.302	632	20	1.275	154	493	33.876
Útlán til lánastofnana	43.917	161	-	-	-	-	44.078
Útlán til viðskiptavina	397.719	46.565	57.552	38.803	1.586	12.516	554.741
Eignir samtals	584.717	47.358	57.572	40.078	1.740	13.009	744.474
Liðir utan efnahags	19.191	30.980	1.001	4.733	-	-	55.905
Skuldir							
Skortstöður	2.439	399	-	832	-	-	3.670
Innlán Seðlabanka Íslands	63	-	-	-	-	-	63
Innlán lánastofnana	29.225	401	-	-	-	-	29.626
Innlán viðskiptavina	476.312	2.944	-	2.885	7.190	-	489.331
Lántaka	20.518	4.369	2.450	45.263	7.208	9.386	89.194
Vikjandi lán	21.890	-	-	-	-	-	21.890
Skuldir samtals	550.447	8.113	2.450	48.980	14.398	9.386	633.774
Liðir utan efnahags	20.046	23.638	5.338	8.195	-	-	57.217
Hreinn vaxtajöfnuður							
31. desember 2013	33.415	46.587	50.785	(12.364)	(12.658)	3.623	109.388

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

75. (framhald)

Vaxtaendurskoðunartímabil í fjárfestingarbók miðað við 31. desember 2012:

Eignir	3-12		1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
	0-3 mánuðir	mánuðir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	83.493	-	-	-	-	-	83.493
Skuldabréf og skuldagerningar	33.424	795	403	382	575	58	35.637
Útlán til lánastofnana	53.891	151	-	-	-	-	54.042
Útlán til viðskiptavina	422.980	48.961	27.250	46.196	1.314	12.893	559.594
Eignir samtals	593.788	49.907	27.653	46.578	1.889	12.951	732.766
Liðir utan efnahags	47.982	29.259	-	-	113	-	77.354
Skuldir							
Skortstöður	-	3.226	1.140	850	-	-	5.216
Innlán Seðlabanka Íslands	54	-	-	-	-	-	54
Innlán lánastofnana	37.837	381	-	-	-	-	38.218
Innlán viðskiptavina	459.233	1.657	888	2.743	6.635	-	471.156
Lántaka	7.420	-	-	6.018	48.193	4.940	66.571
Vikjandi lán	23.450	-	-	-	-	-	23.450
Skuldir samtals	527.994	5.264	2.028	9.611	54.828	4.940	604.665
Liðir utan efnahags	52.896	9.479	10.552	9.753	-	-	82.680
Hreinn vaxtjöfnuður							
31. desember 2012	60.880	64.423	15.073	27.214	(52.826)	8.011	122.775

76. Vaxtanæmi í fjárfestingarbók

Til að greina næmi fjárfestingarbókar fyrir vaxtabreytingum gerir bankinn ráð fyrir að óverðtryggðir innlendir vextir breytist um 100 punkta. Gert er ráð fyrir minni breytingum á erlendum vöxtum á sama hátt og í næmisgreiningunni í veltubókinni. Þá er gert ráð fyrir að verðtryggðir innlendir vextir breytist minna en óverðtryggðir innlendir vextir þar sem þeir eru miðsæknari. Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif þessar vaxtabreytingar hefðu á gangvirði fjárfestingarbókar bankans.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldagerningum í fjárfestingarbók	31.12.2013		31.12.2012		
	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	Hagnaður eða (tap)			
		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
Mynt					
ISK, verðtryggt	40	113	(113)	228	
ISK, óverðtryggt	100	206	(206)	301	
CHF	40	(2)	2	(2)	
EUR	20	(6)	6	(3)	
GBP	40	1	(1)	1	
JPY	20	1	(1)	4	
USD	40	14	(14)	4	
Aðrar myntir samtals	40	(4)	4	(1)	
Samtals		323	(323)	532	

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Gjaldeyrissáhetta

77. Gjaldeyrissáhetta er áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna gengissveiflna í erlendum gjaldmiðlum, vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum eða vegna misræmis í samsetningu eigna eða skulda í erlendum myntum.

Greiningin á gjaldeyrissáhettni hér að neðan byggir á samningsbundnum gjaldmiðli sérhvers undirliggjandi efnahagsliðar. Lán í erlendri mynt til viðskiptavina með fjárflæði í íslenskum krónum eru ekki lengur talin með hér. Að auki eru liðir utan efnahagsreiknings, sem bera gjaldeyrissáhettu, taldir með í heildargjaldeyrissjöfnuði bankans. Fjárhæðir liða utan efnahagsreiknings endurspeglar nafnverðsfjárhæðir afleiðna og stundarsamninga. Töflurnar hér að neðan sýna gjaldeyrissáhettu bankans 31. desember 2013 og 31. desember 2012 eftir samningsmyntum og liðum utan efnahags. Þá eru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi undanskilin.

Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2013

Fjáreignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	326	194	108	29	10	252	919
Skuldabréf og skuldagerningar	8.757	14.779	1.902	-	-	10.206	35.644
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	377	261	11	1	-	-	650
Útlán til lánastofnana	5.494	18.566	817	2.967	267	13.869	41.980
Útlán til viðskiptavina	56.060	10.813	4.661	6.486	6.834	4.665	89.519
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	-	-	-	-	-	-	-
Aðrar eignir	4.261	1.801	152	-	33	66	6.313
Fjáreignir samtals	75.275	46.414	7.651	9.483	7.144	29.058	175.025

Fjárskuldir

Innlán lánastofnana	189	504	-	-	13	-	706
Innlán viðskiptavina	38.627	28.978	5.153	1.419	876	9.483	84.536
Lántaka	-	-	-	-	-	8.937	8.937
Vikjandi lán	21.890	-	-	-	-	-	21.890
Aðrar skuldir	1.911	5.839	875	2	33	156	8.816
Fjárskuldir samtals	62.617	35.321	6.028	1.421	922	18.576	124.885

Brúttógjaldeyrissjöfnuður á efnahag	12.658	11.093	1.623	8.062	6.222	10.482	50.140
---	--------	--------	-------	-------	-------	--------	--------

Liðir utan efnahags

Eignir utan efnahags	12.838	17.024	533	-	519	613	31.527
Skuldir utan efnahags	17.022	24.558	437	7.582	4.651	3.689	57.939
Hreinn gjaldeyrissjöfnuður utan efnahags	(4.184)	(7.534)	96	(7.582)	(4.132)	(3.076)	(26.412)

Hreinn gjaldeyrissjöfnuður

31. desember 2013	8.474	3.559	1.719	480	2.090	7.406	23.728
-------------------------	-------	-------	-------	-----	-------	-------	--------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

77. (framhald)

Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2012

Fjáreignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	355	187	101	30	11	248	932
Skuldabréf og skuldagæringar	15.283	10.686	-	-	-	1.149	27.118
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	491	255	16	2	-	-	764
Útlán til lánastofnana	13.721	17.758	683	2.166	2.836	9.235	46.399
Útlán til viðskiptavina	60.309	17.674	5.314	8.590	10.808	1.729	104.424
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	21	348	-	-	-	-	369
Aðrar eignir	358	1.096	138	-	4	30	1.626
Fjáreignir samtals	90.538	48.004	6.252	10.788	13.659	12.391	181.632

Fjárskuldir

Innlán lánastofnana	44	5	-	-	-	-	49
Innlán viðskiptavina	28.752	26.484	3.960	1.025	720	5.937	66.878
Lántaka	-	-	-	-	-	128	128
Víkjandi lán	23.450	-	-	-	-	-	23.450
Aðrar skuldir	1.521	4.088	669	1	16	166	6.461
Fjárskuldir samtals	53.767	30.577	4.629	1.026	736	6.231	96.966

Brúttógjalddeyrisjöfnuður á efnahag	36.771	17.427	1.623	9.762	12.923	6.160	84.666
---	--------	--------	-------	-------	--------	-------	--------

Liðir utan efnahags

Eignir utan efnahags	3.862	12.786	445	-	1.800	464	19.357
Skuldir utan efnahags	24.610	26.826	722	9.818	13.394	795	76.165
Hreinn gjalddeyrisjöfnuður utan efnahags	(20.748)	(14.040)	(277)	(9.818)	(11.594)	(331)	(56.808)

Hreinn gjalddeyrisjöfnuður

31. desember 2012	16.023	3.387	1.346	(56)	1.329	5.829	27.858
-------------------------	--------	-------	-------	-------	-------	-------	--------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

78. Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu

Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif veiking eða styrking hvers gjaldmiðils hefur á gjaldeyrisjöfnuð bankans að því gefnu að öðrum áhættuþáttum sé haldið óbreyttum. Breytingin sem sýnd er tekur mið af því að í mesta lagi 1% líkur séu á því að áhrif breytingar verði meiri en taflan gefur til kynna á hverju 10 daga tímabili og er miðað við gengishreyfingar síðustu 365 daga. Notuð er óhagstæð hreyfing í hverjum gjaldmiðli til að meta áhrif á rekstur og eigið fé bankans.

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu 31. desember 2013

Gjaldmiðill (breyting)	Áhrif breytingar
EUR (6%)	(508)
USD (5%)	(178)
CHF (5%)	(24)
GBP (5%)	(86)
JPY (9%)	(188)
Aðrar (6%)	(444)
Samtals	(1.428)

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu 31. desember 2012

Gjaldmiðill (breyting)	Áhrif breytingar
EUR (4%)	(641)
USD (5%)	(169)
CHF (4%)	(2)
GBP (4%)	(54)
JPY (5%)	(66)
Aðrar (4%)	(233)
Samtals	(1.165)

Hlutafjáraháetta

79. Hlutafjáraháetta í veltubók bankans er til komin af flæðiviðskiptum og viðskiptavakt með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands. Mörk eru sett á heildarmarkaðsvirði bæði eignasafna og einstakra félaga í því augnamiði að draga úr hlutafjáraháettu og samþjöppunarháettu í eignum bankans. Hlutabréf og eiginfjárgæringar í fjárfestingarbók eru annaðhvort metin á gangvirði í rekstrarreikningi eða teljast vera fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi.

80. Næmisgreining á hlutafjáraháettu

Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif raunhæfar breytingar á verðmæti hlutabréfa í eigu bankans gætu haft á eigið fé hans og hreinar fjármunatekjur. Gert er ráð fyrir 20% breytingu á verði eigna í veltubók og 40% breytingu á verði eigna í fjárfestingarbók.

Næmisgreining á hlutafjáraháettu

Eignasafn	Breyting á verðmæti	31.12.2013				31.12.2012	
		Hagnaður eða (tap)					
		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp		
Veltubók	20%	(233)	233	(333)	333		
Fjárfestingarbók	40%	(2.792)	2.792	(4.341)	4.341		
Samtals		(3.025)	3.025	(4.674)	4.674		

Afleiðusamningar

81. Bankinn notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Bankinn ber tiltölulega litla óþéna áhættu vegna viðskipta viðskiptavina þar sem hann hefur tekið veð vegna hugsanlegs taps. Aðrir afleiðusamningar bankans vegna tilfallandi viðskipta nema óverulegum fjárhæðum.

Verðbólguáhættu

82. Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Virði þessara eigna og skulda breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma og allar breytingar á neysluverðsvísitölunni hafa áhrif á afkomu bankans. Hinn 31. desember 2013 var heildarvirði verðtryggðra eigna 6,4 milljörðum króna meira en heildarvirði verðtryggðra skulda (31. desember 2012: 1,3 milljörðum króna meira). Þannig leiðir 1% hækkun á vísitölunni til 64 milljóna króna nettóhækkunar á efnahagsreikningi bankans og 1% lækkun leiðir til samsvarandi lækkunar þegar aðrir áhættuþættir eru óbreyttir.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Eiginfjárstýring

83. Áhætta og eiginfjárgrunnur

Heildareiginfjárlutfall bankans, reiknað samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki, var 28,4% og hlutfall eiginfjárbáttar A var 25,1% í árslok 2013.

Líkt og kveðið er á um í Basel II-reglunum hefur stjórn bankans sett markmið um lágmarkseiginfjárlutfall fyrir bankann. Núverandi lágmark er 18% af áhættugrunni og byggist á innra mati bankans á eiginfjárbörf að teknu tilliti til ábendinga Fjármálaeftirlitsins í gegnum könnunar-og matsferli síðasta árs. Eiginfjármarkmiðinu er ætlað að styðja við viðskiptaáætlun bankans að teknu tilliti til þeirrar óvissu sem ríkir um innleiðingu Basel III-reglnanna hér á landi og annarra óvissuþátta í rekstrarumhverfi bankans. Ólíkt lögbundinni 8% eiginfjárkröfu má búast við að eiginfjármarkmið bankans taki breytingum eftir því sem rekstur bankans og ytra umhverfi breytast. Fari eiginfjárlutfall bankans undir eiginfjármarkmið kallar það ekki sjálfkrafa á inngrip eftirlitsaðila en slík lækkun á eiginfjárlutfalli getur hins vegar leitt til takmarkana á arðgreiðslum eða afkomutengdum greiðslum til starfsmanna.

Bankinn notar staðalaðferð til að reikna eiginfjárbörf vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu. Eiginfjárbörf vegna rekstraráhættu er reiknuð með grundvallaraðferð.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn bankans, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall þann 31. desember 2013 og 31. desember 2012

	2013	2012
Eiginfjárbáttur A		
Hlutfé	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur	55.000	55.000
Annað eigið fé	2.471	2.834
Óráðstafað eigið fé	98.548	78.571
Hlutdeild minnihluta	1.299	1.255
Skatteign	(1.275)	(864)
Óefnislegar eignir	(299)	(261)
Aðrir lögbundnir frádráttarliðir	(159)	(321)
Eiginfjárbáttur A	165.585	146.214
Eiginfjárbáttur B		
Aðrir lögbundnir frádráttarliðir	(160)	(322)
Vikjandi lán	21.890	23.450
Eiginfjárgrunnur samtals	187.315	169.342
Áhættugrunnur		
- Vegna útlánaáhættu	551.938	549.535
- Vegna markaðsáhættu	28.849	33.940
Markaðsáhætta, veltubók	5.105	6.006
Gjaldeyrisáhætta	23.744	27.934
- Vegna rekstraráhætta	78.970	81.214
Áhættugrunnur samtals	659.757	664.689
Eiginfjárlutföll		
Eiginfjárlutfall A	25,1%	22,0%
Eiginfjárlutfall	28,4%	25,5%

Í 86. grein laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 er kveðið á um aðgerðir vegna ónógs eiginfjár fjármálfyrirtækis. Hafi stjórn eða framkvæmdastjórn fjármálfyrirtækis ástæðu til að ætla að eiginfjárgrunnur þess sé undir lögbundu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálfyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eiginfjárgrunn til að uppfylla lögbundið lágmark. Séu úrræði fjármálfyrirtækisins ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur án þess að til viðeigandi aðgerða sé gripið skal afturkalla starfsleyfi fjármálfyrirtækisins.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Rekstraráhætta

84. Bankinn styðst við skilgreiningu á rekstraráhættu í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/48/EB, þar sem rekstraráhætta er skilgreind sem „hættan á tapi sem er afleiðing af ófullnægjandi innri verkferlum, misbresti á að verkferlum sé fylgt, starfsmönnum og kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi“. Bankinn skilgreinir lagalega áhættu, hlítindahættu og orðsporsáhættu sem hluta af rekstraráhættu.

Stjórn bankans hefur samþykkt Rekstraráhættustefnu sem gildir fyrir bankann og dótturfélög hans. Í stefnunni er umgjörð rekstraráhættustýringar í bankanum skilgreind. Umgjörðinni er lýst nánar í nokkrum undirskjölum, svo sem Stefnu um samfelldan rekstur, Öryggisstefnu og Áætlun um samskiptamál í áfallastjórnun, sem öll hafa verið samþykkt af framkvæmdastjórn bankans.

Samkvæmt Rekstraráhættustefnu ber framkvæmdastjórn ábyrgð á umgjörð um rekstraráhættu og ber Áhættueftirlit, sem er hluti af Áhættustýringu, ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar innan bankans.

Bankinn notar grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach) tilskipunar um eiginfjárkröfur til að reikna út lágmarks eiginfjárkröfur Stoðar 1 vegna rekstraráhættu, í samræmi við reglur FME nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálfyrirtækja.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Reikningskilareglur

85. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum eftirfarandi eignum og skuldum sem færðar eru á gangvirði: skuldabréf og skuldagerningar, hlutabréf og eiginfjárgæringar, skortstöður í skráðum skuldabréfum og afleiðusamningum.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi eru færð á bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist.

86. Breytingar á framsetningu

Bankinn hefur breytt framsetningu sinni í rekstrarreikningi samstæðunnar sem hér segir:

- a) • Liðurinn Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána, sem áður var settur fram sem Virðisbreyting útlána og krafna, hefur verið færður niður frá því að vera undir Hreinar vaxtatekjur til þess að vera undir liðnum Hagnaður fyrir virðisrýrnun og virðisbreytingu útlána. Heildarrekkstrartekjur breyttust úr 53.359 milljónum króna í 47.649 milljónir króna.
- Liðurinn Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki hefur verið færður frá því að vera undir Tekjuskatti til þess að vera hluti af Rekstrarkostnaði

Sambærilegar tölur hafa verið leiðréttar til samræmis.

- b) Samanburðartölum í rekstrarreikningi og í skýringu 12, Hreinar vaxtatekjur, skýringu 14, Hreinar fjármunatekjur og skýringu 17, Hreinn gengismunur, hefur verið breytt vegna breyttrar aðferðarfræði. Skýringu 12 úr (184) milljónum króna yfir í 1.521 milljónir króna fyrir veltufjáreignir, skýringu 14 úr 841 milljón yfir í (297) milljónir fyrir hreinan hagnað (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum og skýringu 17 úr 967 milljónum yfir í 400 milljónir fyrir veltufjáreignir. Þetta hefur einnig áhrif á skýringu 6 Starfsþættir, skýringu 7 Ársfjórðungsyfirlit og skýringu 15 Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum.

- c) Í kjölfar þess að lokið er endurskipulagningu stórs hluta lánasafnsins sem var yfirtekið frá Glitni og Byr vinnur bankinn nú að því að breyta framsetningu framlags til virðisrýrnunar útlána. Henni er nú skipt í þrjá flokka, virðisrýrnun metin sértækt, metin á söfn og virðisrýrnun á áhættuflokka, og er sett fram í samræmi við það í ársreikningi samstæðunnar 2013. Í árslok 2013 var eftirstandandi jöfnuður framlags til virðisrýrnunar lánasafna metin á söfn færður til lækkunar rekstrarreiknings í liðnum Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána og er jöfnuðurinn í árslok þá núll eins og fram kemur í skýringu 34.

Árið 2014 mun bankinn færa framlag til virðisrýrnunar útlána í tveimur flokkum, sértæku og metin á áhættuflokka, þar sem sértækt framlag nær yfir virðisrýrnun metin sértækt og framlag vegna mats á áhættuflokkum nær yfir áætlað tap vegna virðisrýrnunar sem orðið hefur en ekki hefur verið greind á reikningstímabilinu fyrir flokk lána sem hafa svipaða útlánaáhættu.

- d) Sambærilegar upplýsingar í skýringu 77 Gjaldeyrisáhættu hefur verið breytt þar sem bankinn færir ekki lengur leiðréttan gjaldeyrisjöfnuð fyrir lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem hafa tekjur í íslenskum krónum þegar fenginn er fram hreinn gjaldeyrisjöfnuður. Þetta er í samræmi við breytingar á skýrslugjöf samkvæmt reglum.

- e) IFRS 13 Mat á gangvirði

Bankinn hefur tekið upp IFRS 13 „Mat á gangvirði“ þar sem kveðið er á um að stuðst sé við leiðbeiningar af aðeins einu tagi við mat á gangvirði samkvæmt IFRS og kynnt eru ný og aukin skilyrði um upplýsingagjöf. Upplýsingar um mat á gangvirði eru veittar í skýringum 9-10.

- f) IFRS 7 Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf, jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Bankinn hefur tekið upp endurskoðaðan IFRS 7 „Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf, jöfnun fjáreigna og fjárskulda“ sem gerir kröfur um að greint sé ítarlega frá nýjum upplýsingum vegna beitingar félags á framfylgjanlegu fyrirkomulagi um jöfnun á fjárhagsstöðu. Upplýsingar um jöfnun eru veittar í skýringu 11.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. Helstu reikningsskilaaðferðir

Neðangreindum reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti af öllum félögum bankans á öll tímabil sem fjallað er um í þessum ársreikningi.

Hér fyrir neðan er efnisyfirlit skýringa á helstu reikningsskilaaðferðum sem fjallað er um á næstu blaðsíðum.

Efnisyfirlit	Bls.
1 Grundvöllur samstæðu	74
2 Erlendir gjaldmiðlar	76
3 Fjáreignir	76
4 Fjárskuldir	77
5 Ákvörðun um gangvirði fjáreigna og fjárskulda	78
6 Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda	79
7 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	80
8 Afleiðusamningar	80
9 Hlutdeildarfélög	80
10 Leigusamningar	81
11 Fjárfestingareignir	81
12 Varanlegir rekstrarfjármunir	81
13 Óefnislegar eignir	82
14 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	82
15 Fjárhagslegar ábyrgðir	83
16 Lánsloforð	83
17 Skuldbindingar	83
18 Starfskjör	84
19 Hlutfé	84
20 Handbært fé og ígildi þess	84
21 Vaxtatekjur og vaxtagjöld	84
22 Hreinar þóknatekjur (gjöld)	85
23 Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	85
24 Hreinn gengismunur	86
25 Rekstrarkostnaður	86
26 Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	86
27 Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	86
28 Virðisrýrnun	87
29 Tekjuskattur	89
30 Aflögð starfsemi	89
31 Jöfnun tekna og gjalda	89
32 Hagnaður á hlut	90
33 Starfsþættir	90
34 Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem höfðu áhrif á samstæðureikning bankans	90
35 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir bankann þann 1. janúar 2013 en höfðu engin áhrif á samstæðureikning bankans	90
36 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem bankinn hefur innleitt fyrir gildistöku þeirra	90
37 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem taka gildi fyrir bankann fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar sem ekki hafa verið innleiddir af bankanum fyrir gildistöku þeirra	91

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

1. *Grundvöllur samstæðu*

a) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru félög þar sem bankinn fer með yferráð. Yferráð eru fyrir hendi þegar bankinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarlegar ákvarðanir félagsins og hagnast á starfsemi þess. Yferráð eru alla jafna fyrir hendi þegar bankinn fer með meira en 50% atkvæðisréttar í dótturfélaginu. Við mat á yferráðum er tekið tillit til atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur eða breytanlegur, ef hann er fyrir hendi.

Við gerð ársreiknings samstæðunnar eru reikningsskil dótturfélaganna innifalin í reikningsskilum samstæðunnar, lið fyrir lið, þar sem lagðar eru saman sams konar eignir, skuldir, eigið fé, tekjur og gjöld, og beitt við það aðferðum samstæðureikningsskila. Viðskiptastöður innan samstæðu og allar óinnleystar tekjur og gjöld vegna viðskiptafærslna innan samstæðu eru felldar út, nema hagnaður eða tap af gjaldeyrisviðskiptum. Óinnleyst tap er fellt niður á sama hátt og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekki séu neinar vísbendingar um virðisryrnun. Ef dótturfélag beitir öðrum reikningsskilaaðferðum en þeim sem beitt er í ársreikningi bankans fyrir sambærileg viðskipti og í öðrum tilvikum við svipaðar aðstæður, gerir bankinn viðeigandi leiðréttingar á reikningsskilum þess félags við gerð ársreiknings bankans. Reikningsskil dótturfélaga eru færð í ársreikning bankans frá þeim degi sem yferráð hófust þar til yferráðum lýkur.

Dótturfélög sem bankinn eignast eingöngu í því augnamiði að selja aftur, oft gegnum endurskipulagningu eða endurnýjað eignarhald í kjölfar gjaldþrots viðskiptavinar, þegar bankinn væntir þess að bókfært verð þeirra verði endurheimt að mestu leyti gegnum sölu eru flokkuð sem Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi og metin samkvæmt IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (sjá skýringu 87.14).

Dótturfélög eru tekin með í samstæðu jafnvel þótt þau séu eingöngu yfirtekin með það fyrir augum að verða seld síðar og eru skilgreind sem aflögð starfsemi og er við það beitt kaupaðferð í reikningsskilum (sjá skýringu 87.1b).

b) *Sameining félaga*

Við kaup á dótturfélagum og öðrum félögum er kaupaðferð (e. acquisition method) beitt við reikningsskilin á kaupdegi, þ.e. þegar yferráð flytjast til bankans.

Beiting kaupaðferðar fer fram í eftirfarandi skrefum:

1. Skilgreining á kaupanda: Kaupandinn er það félag sem öðlast yferráð yfir annarri rekstrareiningu.
2. Skilgreining á kaupdegi: Sá dagur sem kaupandinn öðlast yferráð yfir annarri rekstrareiningu.
3. Skráning og mat á aðgreinanlegum eignum sem keyptar eru, yfirteknum skuldum og hlutdeild minnihluta í keyptri rekstrareiningu.
4. Skráning og mat á viðskiptavild eða hagnaði af kaupum.

Bankinn metur viðskiptavild á kaupdegi sem eftirfarandi:

- gangvirði afhents endurgjalds; að viðbætti
- skráðri fjárhæð allra eignahluta án yferráða í keypta félaginu; að viðbættu
- gangvirði þeirrar hlutdeildar sem bankinn átti fyrir í keypta félaginu, ef sameining félaganna var í skrefum; að frádregnu
- hreinu skráðu virði (yfirleitt gangvirði) aðgreinanlegra keyptra eigna og yfirtekinna skulda.

Þar sem viðskiptavild er neikvæð er mismunurinn tekjufærður strax í rekstri.

Endurgjaldið sem bankinn hefur afhent er metið á gangvirði sem er reiknað sem gangvirði á kaupdegi á eignum sem bankinn hefur afhent, skuldbindingum sem bankinn hefur stofnað til við fyrrverandi eigendur keyptu rekstrareiningarinnar og eiginfjárgerningum útgefnum af bankanum, ef einhverjir eru. Kaupverðið felur ekki í sér fjárhæðir sem tengjast uppgjöri fyrri skuldbindinga. Slíkar fjárhæðir eru yfirleitt færðar í rekstrarreikning. Þar sem það á við felur kaupverðið í sér allar eignir eða skuldir sem eru tilkomnar vegna skilyrts endurgjalds, metið á gangvirði kaupdags. Síðari breytingar á gangvirði skilyrts endurgjalds sem flokkað er sem eign eða skuld eru færðar í samræmi við viðkomandi reglur IFRS. Ekki eru færðar breytingar á gangvirði skilyrts endurgjalds sem skilgreint er sem eigið fé.

Þar sem sameining félaga á sér stað í áföngum er sú hlutdeild sem bankinn átti fyrir í keypta félaginu endurmetin á gangvirði á kaupdegi og hagnaður og tap sem af því hlýst fært í rekstur. Fjárhæðir vegna hlutdeildar í hinu yfirtekna félagi fyrir kaupdag, sem áður hafa verið færðar í rekstur, eru endurflokkaðar, eins og um sölu hefði verið að ræða.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Aðgreinanlegar eignir, skuldir og ábyrgðarskuldbindingar hins yfirtekna félags sem uppfylla skilyrði samkvæmt IFRS 3 eru færðar á gangvirði á kaupdegi, nema:

- Frestaðar tekjuskattseignir eða tekjuskattsskuldbindingar eru færðar og metnar í samræmi við IAS 12 Tekjuskattur;
- Eignir og skuldbindingar sem tengjast réttindum starfsmanna eru færðar og metnar í samræmi við IAS 19 Starfskjör;
- Skuldir og eiginfjárgæringar tengdir skiptum bankans á eignarhlutatengdri greiðslu til hins yfirtekna félags eru metnir samkvæmt IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla;
- Eignir sem flokkaðar eru í sölu á kaupdegi í samræmi við IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi, eru metnar í samræmi við þann staðal.

Ef reikningsskilum félaga fyrir sameiningu er ólokið í lok þess reikningstímabils sem sameiningin á sér stað, skráir bankinn bráðabirgðatölur fyrir þá liði sem ekki eru gerð fullnægjandi reikningsskil á. Þessar bráðabirgðafjárhæðir eru leiðréttar á matstímabilinu, eða viðbótar eignir eða skuldbindingar eru færðar, til að endurspeglar nýjar upplýsingar um staðreyndir og kringumstæður sem voru til staðar á kaupdegi og hefðu haft áhrif á fjárhæðir á þeim degi. Matstímabilið er tímabilið frá kaupdegi að þeim degi sem bankinn fær allar upplýsingar um staðreyndir og aðstæður sem voru til staðar frá og með kaupdegi. Matstímabilið er að hámarki eitt ár.

Viðskiptakostnaður, annar en sá sem tengist útgáfu skulda- eða hlutabréfa, sem bankinn stofnar til í tengslum við samruna félaga er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

c) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti afkomu og hreinnar eignar sem bankinn á ekki, hvorki beint né óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi og meðal eigin fjár í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilin frá því eigin fé sem tilheyrir eigendum bankans.

Hlutdeild minnihluta í hreinum eignum felst í fjárhæð þessarar hlutdeildar minnihluta á þeim degi sem upphafleg sameining átti sér stað og hlutdeild minnihluta í breytingum á eigin fé frá sameiningardegi.

Við hverja sameiningu félaga metur bankinn stöðu hlutdeildar minnihluta í hinu yfirtekna félagi á yfirtökudegi sem telst til núverandi eignarhalds og veitir handhöfunum hlutfallslegan skerf af hreinum eignum félagsins ef til slita kemur, annaðhvort á:

- gangvirði; eða
- hlutfallslegum eignarhlut núverandi eigenda í aðgreinanlegum hreinum eignum hins yfirtekna félags.

Allar aðrar stöður hlutdeildar minnihluta eru metnar á gangvirði á kaupdegi þeirra, nema kveðið sé á um annað mat samkvæmt IFRS.

Breytingar á hagsmunum bankans í dótturfélagi sem leiða ekki til missis yfirráða eru færðar sem viðskipti við eigendur. Leiðréttingar á hlutdeild minnihluta eru byggðar á hlutfallslegri fjárhæð hreinna eigna dótturfélagsins. Engar leiðréttingar eru gerðar á viðskiptavild og ekki er færður hagnaður eða tap í rekstur.

d) Yfirráðum lýkur

Þegar bankinn hefur skuldbundið sig við söluáætlun sem felur í sér að yfirráðum ljúki yfir dótturfélagi, eru allar eignir og skuldir þess dótturfélags flokkaðar til sölu í ársreikningi bankans þegar skilyrðum fyrir flokkuninni til sölu er fullnægt (sjá skýringu 87.14). Þetta er án tillits til þess hvort bankinn muni halda eftir hlutdeild í dótturfélaginu eftir sölu.

Þegar bankinn missir yfirráð yfir dótturfélagi, færir hann eignir og skuldir félagsins út úr samstæðureikningi sem og eign minnihluta og aðrar stöður innan eigin fjár sem tengjast dótturfélaginu. Mismunur sem myndast við þessar færslur færir í rekstrarreikning undir liðinn Hreinar fjármunatekjur (gjöld). Ef bankinn heldur eftir hlut í félaginu er sá hlutur endurmetinn á gangvirði á þeim degi sem bankinn missir yfirráð. Þessi áframhaldandi eignarhlutdeild er síðan færð sem fjárfesting í hlutdeildarfélögum eða í samræmi við reikningsskilareglur bankans um fjármálagerninga, eftir því hve bankinn hefur áfram mikil ítök.

Þegar sala dótturfélaga samræmist skilgreiningunni á aflagðri starfsemi (sjá skýringu 87.30), setur bankinn hagnaðinn eða tapið af sölnni fram í rekstrarreikningi undir liðnum Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti.

e) Stýring sjóða

Bankinn stýrir og annast eignir í verðbréfasjóðum fyrir hönd fjárfesta. Reikningsskil þessara félaga eru ekki færð í þessum samstæðureikningi nema þegar bankinn hefur yfirráð yfir félaginu.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

2. Erlendir gjaldmiðlar

a) Gjalddeyrisviðskipti

Liðir sem meðtaldir eru í reikningsskilum hvers félags í eigu bankans eru metnir í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðla á gengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum við dagsetningu efnahagsreiknings eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðla á gengi þess dags. Gengismunur af peningalegum eignum er mismunurinn á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðlinum í ársbyrjun, að teknu tilliti til virkra vaxta og greiðslna á árinu og afskrifuðu kostnaðarverði í erlendum gjalddeyri sem er umreiknað á gengi í árslok.

Ófjárhagslegar eignir og skuldir sem eru metnar samkvæmt upphaflegu kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar með því að nota gengi viðskiptadags. Ófjárhagslegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem eru metnar á gangvirði eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil á stundargengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað.

Gengismunur sem verður til vegna umreiknings er færður í rekstrarreikning (sjá skýringu 87.24).

b) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir af erlendri starfsemi, þar með talin viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar vegna yfirtöku á dótturfélagi, eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil bankans, íslenskar krónur (ISK), á gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld af erlendri starfsemi eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags.

Gengismunur sem hlýst af umreikningi er skráður beint sem þýðingarmunur á sérstakan eiginfjárreikning. Ef hin erlenda starfsemi er dótturfélag sem ekki er að fullu í eigu bankans, er þó viðkomandi hlutfall af þýðingarmuninum fært sem hlutdeild minnihluta í dótturfélögum. Þegar erlend starfsemi er seld með þeim hætti að bankinn missir yfirráð, er uppsöfnuð fjárhæð í þýðingarmun sem tengist þeirri erlendu starfsemi endurflokkuð og færð frá eigin fé yfir í rekstur sem hluti af hagnaði eða tapi af sölu. Þegar bankinn selur aðeins hluta af hlutdeild sinni í dótturfélagi þar sem erlend starfsemi fer fram en heldur áfram yfirráðum, er viðeigandi hlutfall af uppsöfnuðu fjárhæðinni fært aftur í hlutdeild minnihluta í dótturfélögum.

3. Fjáreignir

Til að meta fjáreignir sínar aðgreinir bankinn þær við upphaflega skráningu í eftirfarandi flokka (sjá einnig skýringu 8):

- útlán; eða
- fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning; annaðhvort sem
- fjáreignir til sölu; eða
- fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

a) Útlán

Útlán eru fjáreignir, aðrar en afleiður, með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem ekki eru skráðar á virkum markaði og sem bankinn hefur ekki áform um að selja strax eða í náninni framtíð, aðrar en þær sem bankinn færir í upphaflegri skráningu sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Útlán eru lán sem bankinn veitir viðskiptavinum, þátttaka í lánum frá öðrum lánveitendum og yfirtekin lán vegna fjármögnunarleigu (sjá skýringu 87.10 (b)).

Þegar bankinn kaupir fjáreign og gerir um leið samning um að endurselja eignina (eða efnislega sams konar eign) á föstu verðlagi á tilteknum degi í framtíðinni (bakfærð endurhverf viðskipti), er ráðstöfunin færð sem lán eða krafa og hin undirliggjandi eign er ekki færð í reikningsskilum bankans.

Útlán eru skráð þegar fjármunir eru greiddir út til lántakenda. Útlán eru metin á gangvirði við upphaflega skráningu að viðbættum beinum viðskiptakostnaði. Þau eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til þeirrar fjárhæðar sem lánin eru metin á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbætti eða frádreginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta alls mismunar á upphaflegu fjárhæðinni og innlausnarvirðinu (svo sem vegna afsláttar eða álags við kaupin, þóknana og kostnaðar sem samofin eru virkum vöxtum) og að frádregnu framlagi vegna virðisrýrnunar (sjá skýringu 87.28). Bókfært verð útlána í efnahagsreikningi inniheldur áfallna vexti.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Hagnaður og tap af útlánnum er fært í rekstrarreikning undir liðnum Vaxtatekjur þegar útlán eru afskráðar og undir liðnum Hreinn gengismunur þegar útlán eru endurmetin vegna gengismunar. Tap sem hlýst af virðisrýrnun er fært í rekstrarreikning undir Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána, nema virðisrýrnun og bakfærð virðisrýrnun vegna gengishagnaðar af lánnum í erlendum gjaldmiðlum til viðskiptavina með eignir og greiðsluflæði í krónum sem er færð í rekstrarreikning undir Hreinn gengismunur (sjá skýringar 4.(c), 87.27 og 87.24).

Hátt hlutfall núverandi lána bankans var keypt með miklum afslætti. Útlánatap sem þegar hafði átt sér stað endurspegladist í kaupverðinu og var hluti af væntu framtíðargreiðsluflæði við útreikning virkra vaxta lána. Lán eru skilgreind sem keypt með miklum afslætti þegar gangvirði á kaupdegi er talsvert lægra en eftirstöðvar lánsins samkvæmt skilmálum lánasamningsins. Mismunurinn er útskýrður með alvarlegum fjárhagsvanda skuldarans sem lýsir sér í herra útlánaálagi við mat á gangvirði lánsins, en ekki vegna breytinga á viðskiptaumhverfi eftir að skilyrði lánasamningsins voru samþykkt, þ.e. markaðsvöxtum.

Afsláttur sem varð til við upphaflega skráningu á hinum yfirteknu lánnum og stafar af mismuninum á markaðsvöxtum og nafnvöxtum lánanna er afskrifaður á væntum líftíma fjármálagerningsins. Skemmra tímabil er þó notað ef það er tímabilið sem afslátturinn nær til.

b) Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Bankinn flokkar ákveðnar fjáreignir á gangverði við upphaflega skráningu í gegnum rekstrarreikning þegar slíkt gefur nákvæmari upplýsingar vegna þess að:

- Það eyðir eða minnkar verulega ósamræmi í mati eða skráningu sem annars myndi eiga sér stað við mat fjáreigna eða við skráningu hagnaðar og taps af þeim með ólíkum hætti; eða
- Fjáreignir og afkoma þeirra er metin á gangvirðisgrundvelli, í samræmi við áhættustýringu bankans eða fjárfestingarstefnu, og upplýsingar eru veittar á þeim grundvelli til lykilstjórnenda bankans; eða
- Fjáreignir innihalda innbyggða afleiðu sem hefur veruleg áhrif á sjóðstreymi.

Fjáreignir sem flokkaðar eru samkvæmt ofangreindum skilyrðum eru:

- Lán með föstum vöxtum sem gefin eru út af bankanum þar sem föstum vöxtum hefur verið breytt í breytilega vexti með vaxtaskiptasamningi.
- Skulda- og eiginfjárgerningar sem metnir eru og stýrt er af bankanum með það í huga að hagnast á heildarávöxtun þeirra og sem metnir eru á grundvelli gangvirðis.

Fjáreignir sem bankinn tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi en viðskiptakostnaður færður beint í rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir Hreinar fjármunatekjur (gjöld), að undanskildum áföllnum vöxtum, sem færðir eru undir Vaxtatekjur.

c) Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru fjáreignir sem aðallega eru keyptar til að selja eða til endurkaupa í náinni framtíð, eða til að eiga sem hluta af eignasafni sem stýrt er í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða til stöðutöku. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði, sem ekki eru áhættuvarnargerningar.

Veltufjáreignir eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi en viðskiptakostnaður færður beint í rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir Hreinar fjármunatekjur (gjöld), að undanskildum áföllnum vöxtum, sem færðir eru undir Vaxtatekjur.

4. Fjárskuldir

Að undanskildum fjárhagslegum ábyrgðum (sjá skýringu 87.15) og lánsloforðum (sjá skýringu 87.16), flokkar bankinn fjárskuldir sínar í eftirfarandi flokka til að meta þær (sjá einnig skýringu 8):

- Veltufjárskuldir; eða
- Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Bankinn færir ekki fjárskuldir sem skráðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

a) Veltufjárskuldir

Veltufjárskuldir eru fjárskuldir sem aðallega er stofnað til í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða þóknunum vegna miðlunar. Veltufjárskuldir eru skortstöður í eiginfjár- og skuldabréfagerningum og afleiðusamningum á neikvæðu gangvirði sem ekki eru flokkaðar sem fjárhagslegar ábyrgðir og eru ekki áhættuvarnargerningar.

Veltufjárskuldir eru upphaflega skráðar á gangvirði í efnahagsreikningi og viðskiptakostnaður færður beint í rekstrarreikning. Veltufjárskuldir eru síðan metnar á gangvirði og eru gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning undir liðnum Hreinar fjármunatekjur (gjöld) að undanskildum áföllnum vöxtum sem færðir eru undir liðnum Vaxtagjöld.

b) Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjárskuldir sem ekki eru afleiður og bankinn flokkar ekki sem veltufjárskuldir. Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af innstæðum, lántökum og víkjandi lánnum.

Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum áföllnum viðskiptakostnaði og síðan á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til fjárhæðarinnar sem fjárskuldin er metnar á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbætttri eða frádreginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta á öllum mismun milli upphaflegrar fjárhæðar og innlausnarfjárhæðarinnar (svo sem vegna afsláttar eða álags við útgáfu, þóknana og kostnaðar sem samofin eru aðferð virkra vaxta). Áfallnir vextir eru hluti af bókfærðu virði fjárskuldanna í efnahagsreikningi.

5. Ákvörðun um gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Nokkrar af reikningsskilaaðferðum og skýringum bankans krefjast gangvirðismats vegna mælinga og/eða skýringa. Gangvirði er það verð sem fengist fyrir að selja eign eða greitt væri fyrir að flytja skuldbindingu í skipulegum viðskiptum á milli þátttakenda á markaði á reikningsskiladegi (þ.e. sóluverð).

Bankinn metur gangvirði fjáreigna og fjárskuldbindinga út frá tilboðsverði á virkum markaði fyrir þann fjármálagerning þegar það er aðgengilegt. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð er aðgengilegt og tiltækt reglulega og ef þetta verð endurspeglar raunveruleg og regluleg viðskipti. Gangvirði byggist á nýjasta greinda markaðsverði á uppgjörstegi. Bankinn ákvarðar gangvirði allra annarra fjármálagerninga með öðrum verðmatsaðferðum.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar bankinn gangvirði með verðmatsaðferð. Markmiðið með verðmatsaðferð er að fá fram gangvirðismælingu sem endurspeglar það verð sem fengist fyrir að selja eignina eða yrði greitt fyrir að flytja fjárskuldina í skipulegum viðskiptum milli þátttakenda á markaði á þeim degi sem mælt er. Verðmatsaðferðir taka til allra þátta sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og eru í samræmi við viðtekna aðferðir við verðlagningu fjármálagerninga. Gangvirði endurspeglar lánaáhættu fjármálagerningsins og felur í sér leiðréttingar til að taka tillit til útlánaáhættu bankans og mótaðilans þegar við á. Bankinn finstillir og prófar reglubundið verðmatsaðferðina með því að styðjast við verð í nýlegum, þekktum markaðsviðskiptum með sama fjármálagerning, án breytinga eða leiðréttinga, eða á grundvelli annarra tiltækra og þekktra markaðsgagna.

Allar gnótt- og skortstöður eru metnar á síðasta lokaverði eins og það var skráð á viðkomandi verðbréfamarkaði. Áreiðanlegustu gögnin um gangvirði fjármálagerninga við upphaflegt mat er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé stutt samanburði við önnur þekkt og nýleg markaðsviðskipti með sama gerning (þ.e. án breytinga eða leiðréttinga) eða byggt á verðmatsaðferðum þar sem breytur innihalda einungis gögn frá þekktum mörkuðum. Þegar slík gögn eru fyrirbyggjandi skráir bankinn mismuninn á viðskiptaverði og gangvirði í rekstrarreikning undir liðnum Hreinar fjármunatekjur (gjöld) við upphaflega skráningu fjármálagerningsins. Í þeim tilfellum þar sem notuð eru gögn sem ekki eru frá greinanlegum mörkuðum er mismunurinn á viðskiptaverðinu og virðinu samkvæmt verðmatsaðferðinni, ef einhver er, skráður í rekstrarreikning undir liðnum Hreinar fjármunatekjur (gjöld), eftir því hvaða staðreyndir og aðstæður eiga við um viðskiptin hverju sinni og eigi síðar en þegar gögnin verða þekkt eða þegar fjármálagerningurinn er innlestur, fluttur eða seldur.

a) Virðislikön

Bankinn mælir gangvirði með því að nota þrepaskiptingu gangvirðis sem endurspeglar þær forsendur sem notaðar eru við mælingarnar. Nánar er fjallað um þrepaskiptingu gangvirðis í Skýringu 10.

Meðal verðmatsaðferða eru núvirðis- og fjárstreymislikön, samanburður við svipaða fjármálagerninga þar sem þekkt verð á markaði er fyrir hendi, Black-Scholes-verðlagningarlikön og önnur virðislikön. Forsendur sem eru meðal annars notaðar í verðmatsaðferðum eru áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir, áhættuálag og aðrir þætti sem eru notuð við að meta afvöxtunarstuðla, verð skuldabréfa og gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla, ásamt flökti á verðum og fylgni milli þeirra.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Bankinn notar almennt viðurkennd virðislíkön til að ákvarða gangvirði algengra og einfaldari fjármálagerninga, svo sem vaxtaskipta- og gjaldmiðlaskiptasamninga þar sem aðeins eru notuð þekkt markaðsgögn og þar sem lítil þörf er á úrskurði og mati af hálfu stjórnenda. Þekkt verð eða forsendur líkana eru yfirleitt tiltæk á markaðnum fyrir skráð skulda- og hlutabréf, afleiður sem verslað er með á verðbréfamarkaði og einfaldar afleiður utan verðbréfamarkaðar svo sem vaxtaskiptasamninga. Ef þekkt verð eða forsendur líkana eru tiltæk dregur úr þörfinni á mati stjórnenda og það dregur einnig úr óvissunni sem tengist ákvörðun gangvirðis. Mismunandi er eftir afurðum og mörkuðum hvort þekkt verð eða forsendur líkana séu tiltæk og það er háð breytingum sem stafa af sérstökum atvikum og almennum aðstæðum á fjármálamörkuðunum.

Fyrir flóknari fjármálagerninga notar bankinn eigin líkön sem venjulega eru þróuð út frá viðurkenndum virðislíkönum. Það kann að vera að sumar eða allar forsendur þessara líkana séu ekki þekkt markaðsgögn, en í þeim tilfellum eru forsendur fengnar út frá markaðsverði eða gengi, eða áætluð á grundvelli forsendna. Virðið sem fæst úr líkani eða með öðrum verðmatsaðferðum er leiðrétt svo að þar sé tekið tillit til fjölmargra þátta, eftir því sem við á, vegna þess að verðmatsaðferðir geta ekki með fullnægjandi hætti endurspeglað alla þá þætti sem þátttakendur á markaði taka með í reikninginn þegar þeir stofna til viðskipta. Leiðréttingar á virði eru skráðar með þeim hætti að með þeim sé gert ráð fyrir áhættu í líkaninu, mun á kaup- og sölutilboðum, lausafjáráhættu sem og öðrum þáttum, að því marki sem bankinn telur að þriðji aðili á markaðnum myndi taka tillit til þeirra við verðmat í viðskiptunum. Stjórnendur telja að þessi leiðrétting á mati sé nauðsynleg og viðeigandi til þess að fjármálagerningar séu réttilega fram settir á gangvirði í efnahagsreikningi.

Yfirleitt er þörf á mati stjórnenda við val á viðeigandi virðislíkönum, ákvörðun um áætlað sjóðstreymi þess fjármálagernings sem metin er, ákvörðun um líkur á greiðslufalli gagnaðila og fyrirframgreiðslum og val á viðeigandi afvöxtunarskilyrðum.

Mat gangvirðis sem fæst úr líkönum er leiðrétt fyrir öllum öðrum þáttum, svo sem lausafjáráhættu eða óvissu í líkönum, að því marki sem bankinn telur að þriðji aðili á markaðnum myndi taka tillit til þeirra við verðmat í viðskiptunum. Gangvirði endurspeglar útlánaáhættu fjármálagerningsins og felur í sér leiðréttingar til að taka tillit til útlánaáhættu bankans og gagnaðilans þar sem við á. Við mat á afleiðum sem kynnu að breyta flokkun frá því að vera eign til þess að vera fjárskuldbinding eða öfugt svo sem vaxtaskiptasamningum, er í gangvirðinu tekið tillit til bæði leiðréttingar á útlánvirði (e. credit valuation adjustment (CVA)) og leiðréttingar á innlánvirði (e. debit valuation adjustment (DVA)) þegar þátttakendur á markaði hafa hliðsjón af þessu við verðlagningu afleiðnanna.

Forsendur og tölugildi líkana eru fínstillt með hliðsjón af sögulegum gögnum og útgefnum spám og, þar sem hægt er, núverandi eða nýlegum þekktum viðskiptum með mismunandi fjármálagerninga og með hliðsjón af tilboðum miðlara. Þetta fínstillingarferli er í eðli sínu huglægt og leiðir af sér margvíslegar hugsanlegar forsendur og mismunandi áætlanir á gangvirði. Stjórnendur þurfa því að skera úr um hvað helst eigi við.

b) Virðisumgjörð

Bankinn hefur skipulagt umgjörð eftirlits með tilliti til mælingar á gangvirði. Þessi umgjörð felur í sér markaðsáhhættudeild bankans sem er óháð stjórnendum framlínudeilda og gefur skýrslu til áhættustjóra og sem ber heildarábyrgð á því að sannprófa á sjálfstæðan hátt niðurstöður viðskipta- og fjárfestingarstarfsemi og allar mikilvægar mælingar á gangvirði. Sérstakt eftirlit felur meðal annars í sér mat á líkönum og skoðun mikilvægra óþekktra forsendna. Lokaákvörðunin um gildi matsins er í höndum fjárfestingarráðs bankans.

6. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram, þ.e. skráning fer fram á þeim degi sem bankinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, að undanskildum lánum, sem eru skráð þann dag sem handbært fé er greitt út til lántakenda. Keyptar fjáreignir eru skráðar á viðskiptadegi þegar tekið er við fjáreign og fjárskuldir eru greiddar. Við sölu fjáreigna afskráir bankinn eignina á viðskiptadegi, skráir allan hagnað og tap af sölu og skráir viðskiptakröfu kaupandans.

Bankinn skráir veltufjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi þegar bankinn verður sammingsaðili fjármálagernings. Bankinn skráir fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði á þeim degi sem til þeirra var stofnað. Bankinn afskráir fjárskuld þegar sammingsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær felldar niður eða þeim lýkur.

Bankinn afskráir fjáreignir við eftirfarandi aðstæður:

- Þegar sammingsbundnu sjóðstreymi af fjáreignunum lýkur, eða
- Þegar bankinn flytur réttindin til að taka við sammingsbundnu sjóðstreymi af fjáreignunum í viðskiptum þar sem:
 - Bankinn flytur alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreignunum, eða
 - Bankinn flytur hvorki né á áfram efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreignunum og hann heldur ekki yfirráðum yfir fjáreignunum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Sérhver hlutur í fluttum fjáreignum sem uppfyllir skilyrði fyrir afskráningu og bankinn býr til eða heldur eftir er skráður sem aðgreind eign eða skuld. Við afskráningu fjáreignar er mismunurinn milli bókfærðs verðs eignarinnar (eða þess bókfærða verðs sem er ráðstafað til þess hluta hinnar fluttu eignar), og samtölu (i) móttekis endurgjalds (þar á meðal sérhver ný eign sem fengist hefur að frádreginni sérhverri nýrri skuld sem stofnað er til) og (ii) alls uppsafnaðs hagnaðar eða taps sem hafði verið skráð í aðra heildarafkomu, skráður í rekstrarreikning.

Bankinn á viðskipti þar sem hann yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikningi, en heldur eftir annaðhvort allri áhættu og ávinningi eignanna sem yfirfærðar eru, eða hluta þeirra. Ef öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, er yfirfærð eign ekki afskráð í efnahagsreikningi. Flutningur eigna þar sem haldið er eftir öllum eða verulegum hluta allrar áhættu og ávinnings felur meðal annars í sér endurhverf viðskipti og verðbréfalán.

Bankinn afskráir ekki af efnahagsreikningi verðbréf sem bankinn selur samkvæmt endurkaupasamningi á tilgreindum degi í framtíðinni (endurhverf viðskipti) á föstu verði eða á söluverði auk ágóða lánveitanda. Bankinn skráir móttekið fé sem skuldbindingu í efnahagsreikningi. Mismunurinn á sölu- og kaupverði er færður sem vaxtakostnaður á líftíma samnings með aðferð virkra vaxta.

Verðbréfalán og lánaviðskipti eru venjulega tryggð með verðbréfum eða handbæru fé. Flutningur verðbréfa til mótaðila er eingöngu tilgreindur í efnahagsreikningi ef áhætta og ágóði vegna eignar eru líka flutt. Útgreitt lausafé eða lausafé móttekið sem veð er skráð sem eign eða skuld.

Í viðskiptum þar sem bankinn heldur yfirráðum yfir eigninni en hvorki heldur eftir né flytur efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi, heldur bankinn áfram að færa eignina í samræmi við áframhaldandi þátttöku sína, að teknu tilliti til þess að hve miklu leyti hann er óvarinn fyrir breytingum á verðmæti fluttu eignarinnar.

Verulegar breytingar á skilmálum fyrirbyggjandi fjáreigna eða skipti á þeim fyrir nýjar með verulega breyttum skilmálum leiða til þess að bankinn afskráir upphaflegu fjáreignirnar og skráir nýjar fjáreignir á gangvirði. Sjá einnig skýringu 87.28(a) með tilliti til skuldbreyttra lána.

7. *Jöfnun fjáreigna og fjárskulda*

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin sýnd í efnahagsreikningi ef, og aðeins ef, bankinn hefur lagalegan rétt til jöfnunar fjárhæðanna og hann áformar annaðhvort að gera upp á nettógrunni eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

8. *Afleiðusamningar*

Afleiður sem bankinn notar í viðskiptum geta verið í formi sjálfstæðra samninga eða innbyggðar í aðra samninga. Í þeim tilfellum metur bankinn hvort nauðsynlegt sé að aðgreina innbyggðu afleiðurnar og færa þær eins og þær væru sjálfstæðir samningar. Sú væri raunin ef fjárhagslegir eiginleikar og áhætta innbyggðu afleiðnanna eru ekki nátengd fjárhagslegum eiginleikum og áhættu samninganna sem afleiðurnar eru hluti af; sjálfstæðir samningar með sömu skilmála og innbyggðu afleiðurnar myndu falla undir skilgreininguna á afleiðu í reikningshaldi og bankinn flokkar hvorki sameinuðu samningana sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir né skráir þá á gangvirði í rekstrarreikning.

Afleiður sem ekki eru flokkaðar sem eiginfjárgæringar bankans eru flokkaðar sem fjáreignir eða fjárskuldir, metnar á gangvirði og skráðar í efnahagsreikning sem eignir eða skuldir, eftir því hvort gangvirði þeirra á uppgjörstæði er jákvætt (eignir) eða neikvætt (skuldir). Þegar bankinn þarf að aðgreina innbyggðu afleiðurnar og færa þær eins og þær væru sjálfstæðir samningar, færir bankinn gangvirði innbyggðu afleiðnanna í sama lið í efnahagsreikningi og þá samninga sem þeir eru hluti af.

Bankinn beitti ekki áhættuvarnarreikningsskilum árið 2013, né á samanburðarárinu. Í samræmi við það færði bankinn allar afleiðufjáreignir og afleiðuskuldir sínar sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir í samræmi við skýringar 87.3(b) og 87.4(a).

9. *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem bankinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarlegar ákvarðanir félaganna, án þess að hafa yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir ákvörðunum þeirra. Veruleg áhrif eru venjulega til staðar þegar bankinn hefur yfir að ráða á bilinu 20% til 50% atkvæða, þar með talinn mögulegan atkvæðisrétt ef hann er til staðar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er bókfærð með hlutdeildaraðferð og er í upphafi færð á kostnaðarverði. Viðskiptavild sem verður til við kaupun, að frádregnu hugsanlegu virðisrýrnunartapi, er innifalin í fjárfestingunni. Bókfært virði fjárfestingarinnar er leiðrétt fyrir breytingum sem verða á eignarhlut bankans í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins og virðisrýrnun, ef einhver er (sjá skýringu 87.28(b)). Þar af leiðandi er hlutur bankans í heildarhagnaði og heildartapi hlutdeildarfélaga, frá þeim degi sem veruleg áhrif hans hefjast fram að þeim degi sem verulegum áhrifum lýkur, hluti af samstæðureikningi bankans. Verði hlutdeild bankans í tapi hlutdeildarfélags hærrí en eignarhlutur hans, er bókfært virði þess hlutdeildarfélags lækkað niður í núll og frekara tap er ekki skráð nema að því marki að lagalegar eða afleiddar skuldbindingar hafi fallið á bankann, eða greiðslur hafi verið inntar af hendi fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Ef hlutdeildarfélag skilar í kjölfarið hagnaði færir bankinn hlutdeild sína í hagnaði þegar hlutdeild hans í hagnaði er orðin jöfn hlutdeild hans í óuppgerðu tapi.

Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum sem eru flokkaðar til sölu eru ekki færðar með því að nota hlutdeildaraðferð heldur í samræmi við reikningsskilaaðferðirnar sem greint er frá í skýringu 87.14.

10. Leigusamningar

Bankinn flokkar leigusamninga eftir efni þeirra og því að hve miklu leyti áhætta og ávinningur sem tengist eignarhaldi eignanna færast yfir til leigutakans. Leigusamningar eru skilgreindir sem rekstrarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu færast ekki efnislega frá leigusala til leigutaka. Leigusamningar eru skilgreindir sem fjármögnunarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu færast efnislega frá leigusala til leigutaka.

a) Bankinn sem leigutaki

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningum þar sem bankinn er leigutaki eru gjaldfærðar línulega á samningstímanum.

b) Bankinn sem leigusali

Þar sem bankinn er leigusali í fjármögnunarleigu, færir bankinn fjármögnunarleigukröfu sem jafngildir hreinni fjárfestingu í leigunni undir liðinn Lán til viðskiptavina í efnahagsreikningi. Bankinn beitir reikningsskilaaðferðum sínum um afskráningu og virðisrýrnun lána einnig á fjármögnunarleigukröfur sínar. Bankinn færir fjármagnstekjur af fjármögnunarleigu í rekstrarreikningi undir liðinn Vaxtatekjur á leigutímanum til að fá fram samfellda arðsemi hinnar hreinu fjárfestingar í leigunni á tímabilinu.

Þegar bankinn er leigusali í samningum sem teljast vera lögformlegir eignaleigusamningar en eru efnislega lánasamningar flokkar bankinn þá sem útlán.

11. Fjárfestingareignir

Þegar bankinn heldur ákveðnum eignum, t.d. landi eða byggingu eða byggingarhluta eða hvoru tveggja, sem fjárfestingu til öflunar leigutekna, til verðmætaaukningar eða hvort tveggja, er eignin flokkuð sem fjárfestingareign og er upphaflega metin á kostnaðarverði, þar með talinn viðskiptakostnaður. Fjárfestingareignirnar eru síðan metnar á gangvirði, sem endurspeglar markaðsaðstæður á uppgjorsdegi. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn Aðrar rekstrartekjur. Bankinn átti engar fjárfestingareignir á árinu 2013, né á samanburðarárinu.

Eignir sem eru leigðar til móðurfélags síns eða annars dótturfélags teljast ekki til fjárfestingareigna í samstæðureikningi vegna þess að eignin er nýtt af eiganda frá sjónarhorni samstæðunnar þótt frá sjónarhorni félagsins sem á hana sé eignin meðhöndluð sem fjárfestingareign í einstökum reikningsskilum leigusalans.

Þegar bankinn yfirtekur eign sem var upphaflega veðsett sem trygging sem fullnaðargreiðsla á veðláni, er eignin flokkuð á grundvelli fyrirhugaðrar nýtingar hennar. Þegar eignin er yfirtekin eingöngu í því augnamiði að selja hana í náinni framtíð, er hún metin á kostnaðarvirði eða söluvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

a) Skráning og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

b) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur muni renna til bankans og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Ákvörðun um að leggja við bókfært virði eignar kostnað sem síðar fellur til er byggð á því hvort viðkomandi rekstrarfjármunur, allur eða að hluta, hefur verið endurnýjaður eða ekki, eða hvort eðli kostnaðarins þýðir að hann sé nýr rekstrarfjármunur. Allur annar kostnaður er færður í rekstur sem gjöld eftir því sem til hans stofnast.

c) *Afskriftir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru tiltækir til notkunar, að undanskildu landi sem er ekki afskrifað. Hver hluti hins afskrifaða þáttar varanlegra rekstrarfjármuna ásamt kostnaði sem er umtalsverður í hlutfalli við heildarkostnað þáttarins er afskrifaður sérstaklega. Afskriftarfjárhæð hvers aðgreinanlegs varanlegs rekstrarfjármunar er ákvörðuð eftir að niðurlagsverð hans hefur verið dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í rekstur miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar. Áætlaður nýtingartími er eftirfarandi:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar	6-12 ár
Vélar og tæki	4 ár
Bifreiðar	3 ár

Afskriftaraðferðin, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og leiðrétt ef við á.

13. *Óefnislegar eignir*

a) *Viðskiptavild*

Bankinn færir viðskiptavild aðeins sem eign þegar hún verður til vegna sameiningu fyrirtækja. Viðskiptavild vegna kaupa á hlutdeildarfélögum er ekki skráð sérstaklega sem eign heldur innifalin í bókfærðu verði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum í efnahagsreikningi. Fjallað er um mat viðskiptavildar við upphaflega skráningu í skýringu 87.1(b).

Viðskiptavild er úthlutað frá kaupdegi á fjárskapandi einingar og hún er síðan metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Bankinn framkvæmir virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni árlega og oftast ef vísbending er um að hún kunnist að hafa rýrnað.

b) *Hugbúnaður*

Hugbúnaður sem bankinn kaupir er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri afskrift og virðisrýrnun.

Kostnaður vegna hugbúnaðar sem er þróaður innan bankans er færður sem eign þegar bankinn getur sýnt fram á ætlun sína og getu til að fullkomna þróun og notkun hugbúnaðarins með þeim hætti að hún muni skapa efnahagslegan ávinning í framtíðinni og getur með áreiðanlegum hætti metið kostnaðinn við að ljúka þróunarvinnunni. Eignfærður kostnaður af hugbúnaði sem er þróaður innan bankans felur í sér allan kostnað sem beinlínis tilheyrir þróun hugbúnaðarins og eignfærðan fjármagnskostnað og er afskrifaður á nýtingartímanum. Hugbúnaður sem er þróaður innan bankans er eignfærður á kostnaðarverði að frádreginni afskrift og virðisrýrnun.

Síðari kostnaður vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðarávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Hugbúnaður er afskrifaður línulega í rekstrarreikningi á áætluðum nýtingartíma hans, frá þeim degi sem hann er tilbúinn til notkunar. Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar fyrir yfirstandandi tímabil og samanburðartímabilið er fjögur ár.

14. *Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi*

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er flokkuð til sölu og sýnd í sérstökum liðum eigna og skuldamegin í efnahagsreikningi ef bankinn væntir þess að hann muni endurheimta bókfært virði þeirra við sölu frekar en með áframhaldandi notkun. Til að þetta eigi við þarf eignin að vera tilbúin til sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um eðlileg viðskiptakjör og líklega sölu.

Áður en eignin er flokkuð til sölu, eru eignir og skuldir metnar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaaðferðir samkvæmt IFRS. Þar á eftir eru fastafjármunir til sölu metnar á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist, að undanskildum frestuðum tekjuskattseignum, fjáreignum og fjárfestingareignum sem eru metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir bankans sem eiga við þær eignir. Eftir að hafa verið flokkaðar til sölu eru óefnislegar eignir og varanlegir rekstrarfjármunir ekki lengur afskrifaðir og fjárfestingar í hlutdeildarfélögum ekki lengur færðar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu eru metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir bankans sem eiga við þær skuldir.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Fastafjármunir til sölu og eignir og skuldir aflagðrar starfsemi eru sýndar aðgreindar frá öðrum eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Hlutdeild minnihluta í fastafjármunum sem eru flokkaðir til sölu er sýnd innan eigin fjár í samræmi við skilyrðin í IAS27 og er ekki flokkuð sem skuld.

Virðisrýrnun vegna aflagðrar starfsemi er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild og síðan hlutfallslega til lækkunar þeirra eigna sem eftir standa nema að engri virðisrýrnun er úthlutað til birgða, fjáreigna, tekjuskattsinneignar og fjárfestingareigna.

Virðisrýrnun sem myndast við upphaflega skráningu fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi og hagnaður eða tap sem myndast við endurmat eftir upphaflega skráningu er færð í rekstrarreikning. Ekki er færður hagnaður umfram virðisrýrnun.

Tekjur og gjöld sem stofnað hefur verið til vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi eru færð í rekstrarreikning undir liðinn Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti (sjá skýringu 87.30).

15. *Fjárhagslegar ábyrgðir*

Ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda bankann til að bæta réttþafa tap sem hann verður fyrir vegna vanefnda skuldara á greiðslum á gjalddaga, í samræmi við skilmála skuldageringsins. Fjárhagslegar ábyrgðir eru gefnar út af bankanum til lánastofnana eða annarra samningsaðila viðskiptavinarins svo hann geti sett þær fram sem veð gegn lánveitingu, yfirdrætti eða annarri lánafyrirgreiðslu. Skuldir vegna ábyrgða sem bankinn gefur út eru upphaflega metnar sem gangvirði álagsþóknunar á útgáfudegi og upphaflegt gangvirði er afskrifað línulega á líftíma ábyrgðarinnar. Skuldirnar eru síðan færðar sem óafskrifuð álagsþóknun eða vænt mat á reikningsskiladegi á þeim kostnaði sem fellur á bankann við að gera upp skuldbindingu sem til fellur vegna ábyrgðarinnar, hvort sem hærra reynist. Matið er byggt á sögulegri reynslu og áliti stjórnenda.

Hækkun skuldbindingar vegna ábyrgða er færð í rekstrarreikning. Álagsþóknunin er bókfærð sem tekjur í rekstrarreikningi undir liðnum Hreinar þóknatekjur.

16. *Lánsloforð*

Lánsloforð eru skuldbindingar bankans til að útvega lánsfé samkvæmt fyrirfram tilgreindum skilmálum og skilyrðum. Öll lánsloforð sem bankinn veitir eru utan gildissviðs IAS 39. Bankinn færir aðeins lánsloforð sem slík í efnahagsreikning undir liðnum Aðrar skuldir ef bankinn hefur skuldbundið sig til að veita lán sem væri álitid virðisrýrt eða ef skuldbindingin verður íþyngjandi. Tengd gjöld eru síðan færð í rekstrarreikning. Þóknarir vegna lánsloforða sem bankinn veitir viðtöku eru færð í samræmi við þá reikningsskilaaðferð sem greint er frá í skýringu 87.22.

17. *Skuldbindingar*

Skuldbindingar eru færðar þegar lagaleg eða líkleg greiðsluskylda hvílir á bankanum vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæðin sem færð er sem skuldbinding er besta matið á því endurgjaldi sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingar á uppgjörstigi, að teknu tilliti til áhættu og óvissu sem tengist skuldbindingunni. Þar sem skuldbinding er metin út frá því framtíðargreiðsluflæði sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, er bókfært virði hennar núvirði greiðsluflæðisins. Þegar þess er vænst að hluti eða allur efnahagslegur ávinningur sem þarf til að gera upp skuldbindingu verði endurheimtur frá þriðja aðila og nær öruggt er að endurgreiðslan verði innheimt og hægt er að meta fjárhæð viðskiptakröfunnar á áreiðanlegan hátt er viðskiptakrafan skráð sem eign.

Bankinn færir skuldbindingar fyrir óvissum skuldum sem myndast við samruna ef til staðar er líkleg greiðsluskylda vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti, jafnvel þótt ekki séu líkur á að uppgjör hennar hafi áhrif á efnahagslegan ávinning.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

18. Starfskjör

Allar einingar bankans eru skuldbundnar til að greiða föst framlög til opinberra eða einkarekinna lífeyrissjóða á lög- og sammingsbundnum grunni. Bankinn hefur engar frekari greiðsluskyldur þegar hann hefur greitt þessi framlög. Bankinn færir þessi framlög sem launatengd gjöld þegar þau koma til greiðslu. Bankinn hefur ekki skilgreint eftirlaunakerfi.

Starfslokagreiðslur eru færðar af bankanum sem launakostnaður þegar bankinn er sannanlega skuldbundinn, án raunhæfs möguleika á afturköllun, samkvæmt formlegri ítarlegri áætlun um annaðhvort að binda enda á ráðningu fyrir eðlilegan starfslokadag, eða vegna tilboðs um að veita uppsagnarkjör sem gert var til að hvetja til sjálfviljugrar uppsagnar. Uppsagnarkjör fyrir sjálfviljugar uppsagnir eru færð sem gjöld ef bankinn hefur gert tilboð um sjálfviljuga uppsögn, líklegt er að tilboðinu verði tekið og hægt er að meta fjölda þeirra sem samþykkja með áreiðanlegum hætti.

Starfskjör til skamms tíma fela í sér laun, kaupauka í peningum til skamms tíma, framlög til almannatrygginga, launaðar fjarvistir og ópeningalegar bætur til núverandi starfsfólks. Starfskjör til skamms tíma eru gjaldfærð af bankanum eftir því sem hin tengda þjónusta er veitt. Skuld er færð fyrir fjárhæðina sem gert er ráð fyrir að greidd verði samkvæmt áætlunum um kaupauka í peningum ef bankinn hefur núgildandi lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna fyrri þjónustu sem starfsmaðurinn hefur veitt og hægt er að meta skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

19. Hlutafé

a) Hlutafé

Hlutaféð sem sýnt er í ársreikningi samstæðunnar táknar heildarnafnvirði almennra hluta útgefinna af móðurfélaginu og útistandandi á uppgjörssdegi. Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu almennra hluta er færður sem frádráttur frá eigin fé, að frádragnum öllum skattaáhrifum.

b) Arður af hlutabréfum

Gjaldfallinn arður til hluthafa í móðurfélaginu er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthöfum á aðalfundi móðurfélagsins. Arður til hluthafa í minnihluta í dótturfélagum er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthafafundi dótturfélaganna. Arður sem ákveðinn er eftir uppgjörssdag er ekki færður sem skuld á uppgjörssdegi.

20. Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár og ígildis þess í sjóðstreymisfirliti telst reiðufé, ríkisvixlar, óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og óbundnar innstæður hjá lánastofnunum, skammtímalán til lánastofnana og önnur auðseljanleg skuldabréf á breytilegum vöxtum. Handbært fé og ígildi þess nær yfir eftirstöðvar með minna en þriggja mánaða gjalddaga frá kaupdegi sem fela í sér óverulega áhættu á gangvirðisbreytingu og sem bankinn notar við stýringu lausafjárskuldbindinga til skamms tíma.

21. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra fjáreigna og fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra veltufjáreigna og veltufjárskulda og allra fjáreigna og fjárskulda sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstur, eru skráð í rekstrarreikning á grundvelli reikningsskila á rekstrargrunni.

Aðferð virkra vaxta er aðferð til að reikna afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda (eða safns fjáreigna og fjárskulda) og skipta vaxtatekjum eða vaxtagjöldum yfir viðkomandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem afvaxtar vænt framtíðargreiðsluflæði fjáreignar eða fjárskuldar yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, til bókfærðs virðis fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað bankinn greiðsluflæði með tilliti til allra samningsskilmála fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til vænts útlánataps. Við útreikninginn er tekið tillit til allra þóknana og greiðslna á milli sammingsaðila sem heyra undir hlutfall virkra vaxta, sem og viðskiptakostnaðar, yfirverðs og affalla.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem bankinn gefur sér við upphaflega skráningu fjáreignar og fjárskuldar og bókfært virði þeirra er síðan aðlagð ef áætlanir um greiðslur og innborganir eru endurmetnar. Bókfært virði er endurreiknað með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við upphaflega skráningu. Breytingar á bókfærðu virði eru færðar sem vaxtatekjur eða vaxtagjöld. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjármálagerninga á breytilegum vöxtum, eru venjulega skráð á gildandi markaðsvöxtum að viðbættum afskriftum eða að frádregnu álagi eða afföllum, sem byggjast á upprunalegri ávöxtunarkröfu. Vextir á virðisrýrðar fjáreignir eru reiknaðir á bókfært virði með upphaflegri ávöxtunarkröfu.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld innifela hagnað og tap af afskráðum lánnum og kröfum og fjárskuldum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

22. Hreinar þóknatekjur

Hreinar þóknatekjur ná yfir tekjur og gjöld vegna þóknana. Þóknatekjur og þóknagjöld eru yfirleitt skráð á rekstrargrunni þegar viðkomandi þjónusta er veitt.

Tekjur og gjöld vegna þóknana sem eru óaðskiljanleg frá virkum vöxtum á fjáreign eða fjárskuld eru tekin með við mat á virkum vöxtum.

Þóknunum vegna lánsloforða þar sem líklegt er að dregið verði á útlánið er frestað og þær færðar sem hluti af virkum vöxtum útlánsins. Þegar ekki er gert ráð fyrir að dregið verði á útlánið eru þóknar færðar linulega yfir lánstímabilið.

Þóknarir vegna sambankalána eru færðar sem tekjur þegar ferlinu er lokið og bankinn hefur ekki haldið eftir neinum hluta lánapakkans fyrir sjálfan sig eða hefur haldið hluta af sömu virku vöxtunum og aðrir þátttakendur.

Þóknatekjur og þóknagjöld sem stofnað er til vegna samningaviðræðna, þátttöku í samningaviðræðum, viðskipta fyrir þriðja aðila eins og til dæmis umsýslu á yfirtöku hlutabréfa eða annarra verðbréfa eða kaupa eða sölu fyrirtækja, eru skráð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið.

Þóknatekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum, önnur ráðgjöf og þjónusta eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, eftir því sem þjónustan er veitt.

Þóknatekjur fyrir eignastýringu sem tengist fjárfestingasjóðum eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sama á við um einkabankþjónustu, fjármálaskipulagningu og vörsluþjónustu sem er veitt samfellt yfir lengri tíma. Árangurstengdar þóknarir, eða hluti af þóknunum, eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

23. Hreinar fjármunatekjur (gjöld)

Hreinar fjármunatekjur (gjöld) fela í sér hreinan hagnað af veltufjáreignum og veltufjárskuldum, hreinan hagnað af fjáreignum sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hreinan hagnað af missi yfirráða yfir dótturfélögum.

a) Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum felur í sér allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem bankinn flokkar til sölu, nema vaxtatekjum og vaxtagjöldum (sem færðir eru undir liðnum Vaxtatekjur og Vaxtagjöld, sjá skýringu 87.21), og gengishagnaði og tapi (sem fært er undir liðnum Hreinn gengismunur, sjá skýringu 87.24). Tekjur vegna arðgreiðslna veltufjáreigna eru skráðar í rekstrarreikning þegar réttur bankans til þess að móttaka greiðslu er staðfestur.

Breytingar á gangvirði afleiðna sem flokkaðar eru til veltuviðskipta en sem teljast til efnahagslegra áhættuvarna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eru sýndar í skýringum með ársreikningi samstæðu sem jöfnun á móti hreinum hagnaði af fjáreignum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (sjá skýringu 16).

b) Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði fjáreigna sem bankinn færir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema á vöxtum og vaxtakostnaði (sem færðar eru undir liðnum Vaxtatekjur og Vaxtagjöld, sjá skýringu 87.21), og á gengishagnaði og tapi (sem færðar eru undir liðnum Hreinn gengismunur, sjá skýringu 87.24). Tekjur vegna arðgreiðslna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur bankans til þess að móttaka greiðsluna hefur verið staðfestur.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Hagnaður af fjáreignum sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur einnig í sér breytingar á gangvirði afleiðna sem bankinn flokkar til veltuviðskipta en teljast til efnahagslegra áhættuvarna fjáreigna sem bankinn færir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

24. *Hreinn gengismunur*

Hreinn gengismunur í rekstrarreikningi, felur í sér allan gengismun vegna uppgjörs á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og þýðingarmun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna frávika frá upphaflega skráðu gengi á tímabilinu eða í fyrri reikningskilum.

Hreinn gengismunur felur einnig í sér gengismun vegna þýðingarmunar ófjárhagslegra eigna og skulda sem bankinn færir á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum, en hagnaður og tap af þeim er einnig skráð í rekstrarreikningi.

Í rekstrarreikningi er virðisrýrnun og bakfærslu virðisrýrnunar vegna gengishagnaðar af útlánnum í erlendri mynt til lántaka með greiðsluflæði í íslenskum krónum jafnað á móti gengishagnaði þar sem bankinn gerir ekki ráð fyrir að endurheimta gengishagnað vegna þessara útlána.

25. *Rekstrarkostnaður*

Rekstrarkostnaður samanstendur af launum og launatengdum gjöldum, afskriftum af varanlegum rekstrarfjármunum, afskriftum óefnislegra eigna og öðrum rekstrarkostnaði eins og húsnæðiskostnaði, auglýsingakostnaði og tölvutengdum kostnaði.

26. *Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki*

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er ófrádráttarþær skattur sem lagður var á fjármálafyrirtæki í þeim yfirlýsta tilgangi að skapa tekjur fyrir ríkissjóð til þess að mæta auknum kostnaði vegna gjaldþrota íslensku bankanna í október 2008. Ennfremur er skattinum ætlað að þjóna því hlutverki að draga úr áhættusækni banka. Í kjölfar skuldaleiðréttingaraðgerða ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru síðastliðið haust mun sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki hækka úr 0,1285% í 0,376% frá upphafi árs 2013, reiknaður af heildarskuldbindingum umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi.

27. *Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána*

Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána er sú nettó fjárhæð sem færð er í rekstrarreikning eftir endurmat á áætluðum tekjum af útlánnum. Virðisbreytingin er samsett úr tekjum vegna endurmats á væntu framtíðargreiðsluflæði útlána og gjöldum vegna sértækra virðisrýrnunar lána og virðisrýrnunar á áhættuflokka (sjá skýringu 87.28), en undanskilur virðisrýrnun gengismunar af lánnum í erlendum gjaldmiðlum til viðskiptavina með greiðsluflæði í íslenskum krónum (sjá skýringar 4(c) og 87.24).

a) *Endurmetið framtíðargreiðsluflæði*

Á hverjum uppgjörsdegi metur bankinn stöðu útlána og fyrirframgreiðslna og hvort einhverjar hlutlægar vísbendingar séu um breytingar á væntu greiðsluflæði, til dæmis vegna mismunar á væntum greiðslum og raunverulegum greiðslum, breytinga á verðmæti trygginga og bættrar fjárhagsstöðu lánþega. Ef fjárhæð virðisrýrnunar lækkar á síðara tímabili og hægt er að tengja lækkunina hlutlægt við atburð sem varð eftir að virðisrýrnunin var skráð eða yfirtekin, er áður skráð virðisrýrnun bakfærð. Fjárhæð hvorrar bakfærslu er færð í rekstrarreikning undir liðinn Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána.

Bankinn yfirtók hluta af útlánnum og kröfum með miklum afslætti sem endurspeglar útlánatap. Bankinn tekur vænt útlánatap með í metnu greiðsluflæði við útreikning á virkum vöxtum. Ef bankinn endurmetur greiðslur eða tekjur, leiðréttir hann bókfært virði lána og krafna svo að það endurspeglar raunverulegt og endurmetið greiðsluflæði. Ef einhver breyting er á væntu framtíðargreiðsluflæði, endurreiknar bankinn bókfært virði útlána og krafna sem núvirði endurmetins framtíðargreiðsluflæðis með aðferð virkra vaxta. Mismunurinn á endurmetnu bókfærðu virði þessara lána og bókfærðu núvirði þeirra, sem felur í sér áfallna vexti, verðtryggingu, gengismun og raungreiðslur sem bankinn tekur við, er færður í rekstrarreikning undir liðinn Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána.

Bankinn færir vexti og verðbætur á þessum útlánnum og kröfum á grundvelli bókfærðs virðis þeirra og aðeins að því marki að vextirnir og verðbæturnar séu metin sem innheimtanleg. Vextir og verðbætur eru færð í rekstrarreikning undir Vaxtatekjur.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87 (framhald)

b) Virðisrýrnun á áhættuflokka

Virðisrýrnun á áhættuflokka endurspeglar mat á virðisrýrnun sem hefur orðið en ekki greint á uppgjörstímabilinu. Á árinu 2014 mun bankinn hætta að aðgreina virðisrýrnun í virðisrýrnun á áhættuflokka, virðisrýrnun metin á söfn og virðisrýrnun metin sértækt. Virðisrýrnun verður þá aðgreind í tvo hluta: Virðisrýrnun á áhættuflokka og virðisrýrnun metin sértækt.

28. Virðisrýrnun

Bókfært virði eigna bankans, annarra en tekjuskattsinnagna og fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í gegnum rekstrarreikning, er yfirfarið á hverjum uppgjörstími til að meta hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning í hvert sinn sem bókfært virði efnislegar eða óefnislegar eignar eða fjárskapandi einingar reynist hærra en endurheimtanlegt virði hennar.

Fjáreign eða safn fjáreigna telst hafa rýrnað og virðisrýrnun hefur myndast ef, og aðeins ef, fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar (tapsatburður) og sá tapsatburður (eða atburðir) hefur áhrif á framtíðargreiðsluflæði fjáreignarinnar eða safns fjáreigna sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti. Mögulega er ekki hægt að greina einn sérstakan atburð sem veldur virðisrýrnuninni, heldur er um að ræða samanlögð áhrif nokkurra atburða. Mögulegt framtíðartap er ekki viðurkennt.

a) Virðisrýrnun útlána

Ef fyrir liggja hlutlæg merki um að virðisrýrnun hafi orðið á útlánum eða kröfum er bókfært virði þeirra lækkað til núvirðis áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis á upprunalegum virkum vöxtum með notkun varúðarreiknings. Mögulegt framtíðartap er ekki viðurkennt.

Viðmið sem bankinn notar til að ákvarða hvort fyrir hendi séu hlutlæg merki um virðisrýrnun eru meðal annars:

- Vanskil á samningsbundnum greiðslum á höfuðstól og vöxtum;
- Greiðsluflæðiserfiðleikar lántakandans (til dæmis eiginfjárlutfall eða nettótekjur sem hlutfall af sölu);
- Brot á lánaskuldbindingum eða samningum;
- Upphaf gjaldþrotameðferðar;
- Versnandi samkeppnisstaða lántakandans;
- Lækkandi virði veðs;
- Eignir lækkaðar um áhættuflokk;
- Endurskipulagning og greiðsluúræði.

Stjórnendur bankans meta fyrst hvort hlutlæg merki um virðisrýrnun séu til staðar vegna stærri fjáreigna. Útlán sem ekki eru virðisrýrð sértækt eru metin vegna virðisrýrnunar sem hluti af lánasafni. Sameiginlegt mat útlána í lánasöfnum gerir ráð fyrir að útlán hafi svipuð einkenni með tilliti til útlánaáhættu. Hlutlæg merki um virðisrýrnun lánasafna eru til staðar ef hlutlæg gögn gefa vísbendingar um lækkun á ætluðu framtíðargreiðsluflæði lánasafnsins og ef hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti en ekki hægt að tengja hana við einstök lán í lánasafninu.

Vaxtatekjur af virðisrýrðum lánnum eru færðar á þeim vöxtum sem notaðir eru við útreikning á núvirði framtíðargreiðsluflæðis við mat á virðisrýrnun.

Útreikningur á endurheimtanlegu virði

Endurheimtanlegt virði útlána bankans er reiknað sem núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis. Afvöxtun útlána á föstum vöxtum er gerð með upphaflegri ávöxtunarkröfu. Útlán á breytilegum vöxtum eru afvöxtuð á markaðsvöxtum.

Endurheimtanlegt virði annarra eigna eða fjárskapandi eininga er, hvort sem hærra reynist, nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Við mat á nýtingarvirði er framtíðargreiðsluflæði núvirt miðað við vaxtaþrósentu fyrir skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign eða fjárskapandi einingu. Ef um er að ræða eign sem ekki skapar greiðsluflæði er endurheimtanlegt virði ákvarðað fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

Endanlegar afskriftir útlána

Þegar lán er óinnheimtanlegt er það afskrifað á móti varúðarframlagi útlána. Slík lán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum ferlum hefur verið lokið og fjárhæð tapsins hefur verið ákvörðuð.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja síðari hækkun endurheimtanlegs virðis á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var bókfærð.

Þegar útlán eru yfirtekin með miklum afslætti hefur útlánatap þegar átt sér stað og endurspeglast í kaupverðinu. Slíkt útlánatap er hluti af væntu greiðsluflæði við útreikning virkra vaxta. Allar leiðréttingar á áætluðu greiðsluflæði eftir upphaflega færslu, þ.e. endurheimtur áður færðra afskrifta, eru færðar til hækkunar eða lækkunar á bókfærðu virði lánanna og samsvarandi fjárhæð færð í rekstrarreikning undir liðnum Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána. Hækkanir á metnu framtíðargreiðsluflæði eru fyrst færðar sem bakfærsla á áður færðri virðisrýrnun. Eftirstöðvarnar eru færðar í rekstrarreikning sem tekjur vegna endurmetins greiðsluflæðis útlána.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem notað er til að ákvarða endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er aðeins færð til baka að því marki sem nemur bókfærðu virði eignarinnar án virðisrýrnunar.

Skuldbreyting lána

Ef hægt er reynir bankinn að endurskipuleggja útlán frekar en að ganga að veði. Slíkt kann að fela í sér breytingar á lánstíma og lánaskilmálum. Þegar búið er að semja aftur um skilmála er útlánið ekki lengur talið í vanskilum. Stjórnendur yfirfara reglulega útlán sem endursamið hefur verið um til að ganga úr skugga um að öll viðmið standist og að líklegt sé að framtíðargreiðslur muni berast. Virðisrýrnun útlánanna er áfram metin sértækt eða sem hluti af lánasafni.

Ef samið er aftur um skilmála fjáreignar eða þeim breytt vegna fjárhagslegra erfiðleika viðskiptavinarins eða ný fjáreign kemur í staðinn fyrir þá sem fyrir var, er metið hvort afskrifa beri fjáreignina. Ef greiðsluflæði eignarinnar sem endursamið hefur verið um hefur breyst verulega, þá er álitnið að samningsréttindin til greiðsluflæðisins frá upphaflegu fjáreigninni séu útrunnin. Í því tilfelli er upphaflega fjáreignin afskrifuð og nýja fjáreignin færð á gangvirði. Virðisrýrnunin er metin á eftirfarandi hátt:

- Ef vænt endurskipulagning leiðir ekki til afskriftar fjáreignarinnar, er áætlað greiðsluflæði tekið með í mati á fjáreigninni á grundvelli væntrar tímasetningar og fjárhæða sem afvaxtaðar eru með upphaflegum virkum vöxtum fjáreignarinnar.
- Ef vænt endurskipulagning leiðir til afskriftar fyrir eignarinnar, þá er lítið svo á að vænt gangvirði nýju eignarinnar sé endanlegt greiðsluflæði frá fjáreigninni sem fyrir var. Þessi fjárhæð er afvöxtuð til uppgjörsdags með því að nota upphaflega virka vexti upphaflegu fjáreignarinnar.

b) Virðisrýrnun hlutdeildarfélaga

Þegar hlutlægar vísbendingar eru um að fjárfesting í hlutdeildarfélögum kunni að hafa virðisrýrnað, er allt bókfært virði fjárfestingarinnar metið með tilliti til virðisrýrnunar með því að bera saman endurheimtanlega fjárhæð og bókfært virði hennar. Viðskiptavild sem tekin er með í bókfærðu virði fjárfestingar í hlutdeildarfélagi er ekki færð sérstaklega og er því ekki prófuð sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar samkvæmt skilyrðum fyrir virðisrýrnunarprófun viðskiptavildar.

c) Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna

Bankinn metur árlega hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna annarra en fjárfestingareigna og tekjuskattsineignar. Ef slík vísbending er til staðar metur bankinn endurheimtanlegt virði eignarinnar. Endurheimtanlegt virði viðskiptavildar og annarra ófjárhagslegra eigna sem hafa óskilgreindan líftíma eða eru ekki tilbúnar til notkunar er metið á sama tíma árlega. Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignar eða fjárskapandi einingar reynist hærri en vænt endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun á viðskiptavild er færð í rekstrarreikning undir Virðisrýrnun viðskiptavildar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

29. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur í rekstrarreikningi, felur í sér tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt af áframhaldandi starfsemi, að undanskildum hlut bankans í tekjuskatti af hlutdeildarfélögum bankans sem er færður með hlutdeildaraðferð. Tekjuskattur af aflagðri starfsemi er tekinn með undir liðinn Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti í rekstrarreikningi (sjá skýringu 87.30).

Tekjuskattur er skráður í rekstrarreikningi nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru í yfirlit yfir aðra heildarafkomu eða beint í eigin fé í samræmi við skráningu þess undirliggjandi liðar sem hann tengist.

Tekjuskattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að greiða þurfi af tekjuskattsskyldri afkomu ársins, miðað við skattprósentu sem í gildi er eða sem búið er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi og allar breytingar sem gerðar hafa verið á skatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er reiknaður á grundvelli tímabundins mismunar á gangvirði eigna og skulda eins og það er sýnt í skattskilum annars vegar og reikningsskilum hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Þessi mismunur stafar af því að skattskil eru gerð eftir öðrum reglum en reikningsskil, einkum vegna þess að tekjur, sérstaklega af fjáreignum, eru bókaðar fyrr í reikningsskilum en í skattalegu uppgjöri.

Skatteign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður verði nægjanlegur til að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap. Skatteign er lækkuð að því marki sem dregur úr líkum á að yfirfæranlegt tap muni nýtast.

Frestaður tekjuskattur er metinn miðað við þá skattprósentu sem vænst er að verði beitt á tímabundinn mismun þegar hann er bakfærður með því að nota skattprósentu sem í gildi er eða sem búið er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi.

Skatteign og tekjuskattsskuldbinding eru sýndar aðgreindar frá öðrum eignum og skuldum í efnahagsreikningi, þar sem skattskuldir eru aðgreindar frá skatteign og tekjuskattsskuldbindingu. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingar sem tilheyra fastafjármunum til sölu (sjá skýringu 87.14) eru þó færðar undir liðinn Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi í efnahagsreikningi.

Skatteign er jafnað á móti tekjuskattsskuld í efnahagsreikningi ef bankinn hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna út hinum færðu fjárhæðum og hefur í hyggju annaðhvort að gera upp nettó eða að innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis. Skatteign og tekjuskattsskuldbinding eru jafnaðar út í efnahagsreikningi ef bankinn hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna skatteign á móti tekjuskattsskuldbindingu og skatteignin og tekjuskattsskuldbindingin tengjast sköttum sem lagðir eru á af sama skattyfirvaldi á sömu skattskyldu eininguna eða á aðrar skatteiningar, en þær áforma að gera upp tekjuskattsskuldbindingu og skatteign nettó eða skatteign og tekjuskattsskuldbinding þeirra verða innleystar samtímis.

30. *Aflögð starfsemi*

Bankinn sýnir í sérstakri línu í rekstrarreikningi hagnað eða tap af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti. Til aflagðrar starfsemi teljast dótturfélög sem bankinn hefur yfirtekið eingöngu í því augnamiði að selja þau aftur og sem uppfylla þau skilyrði að vera flokkuð til sölu (sjá skýringu 87.14) frá kaupdegi.

Hagnaður eða tap af aflagðri starfsemi felst í (i) hagnaði eða tapi eftir skatta af dótturfélögum sem bankinn hefur yfirtekið eingöngu í því augnamiði að selja þau aftur, (ii) bókfærðum hagnaði eða tapi eftir skatta af mati á gangvirði að frádregnum sölukostnaði og af sölu dótturfélaga sem bankinn hefur yfirtekið eingöngu í því augnamiði að selja þau aftur og (iii) hagnaði og tapi eftir skatta af sölu á fullnustueignum.

31. *Jöfnun tekna og gjalda*

Bankinn jafnar aðeins tekjum og gjöldum í rekstrarreikningi þegar þess er krafist eða það er leyft samkvæmt IFRS.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

32. *Hagnaður á hlut*

Bankinn sýnir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti sína. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans með vagnu meðaltali fjölda útistandandi almennra hluta á tímabilinu. Þynntur hagnaður er ákvarðaður með því að leiðrétta hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans og vegið meðaltal fjölda útistandandi almennra hluta með tilliti til áhrifanna af öllum þynntum mögulegum almennum hlutum, ef einhverjir eru.

33. *Starfsþættir*

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti bankans sem býður fram vörur og þjónustu sem bera tekjur og tilfallandi gjöld, þar með taldar tekjur og gjöld sem tengjast viðskiptum við aðra starfsþætti bankans. Vörur og þjónusta hvers starfsþátta felur í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Bankastjórn og framkvæmdastjórn meta starfsþætti sérstaklega með tilliti til afkomu og skiptingu auðlinda.

34. *Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem höfðu áhrif á samstæðureikning bankans*

Innleiðing á eftirfarandi nýjum reikningsskilastöðlum og breytingum á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir bankann þann 1. janúar 2013 höfðu eftirfarandi áhrif á samstæðureikning bankans:

- a) IFRS 13 Mat á gangvirði, sem breytti skilgreiningu gangvirðis, setti einn heildstæðan ramma utan um mat á gangvirði og gerir viðtækari kröfur um upplýsingagjöf varðandi mat á gangvirði. Í samræmi við innleiðingarreglur IFRS 13 hefur bankinn beitt IFRS 13 framvirkrt frá 1. janúar 2013. Innleiðing á IFRS 13 hafði ekki veruleg áhrif á gangvirðismat eigna og skulda bankans en leiddi til nýrra upplýsinga sem bankinn veitir í samstæðureikningi sínum, einkum í skýr. 9 og 10. Bankinn hefur birt samanburðarupplýsingar varðandi mat á gangvirði en eingöngu að svo miklu leyti sem þeirra upplýsinga var krafist samkvæmt öðrum reikningsskilastöðlum í samstæðureikningi bankans fyrir árið 2012. Í þeim tilvikum hefur bankinn birt viðeigandi samanburðarupplýsingar í samræmi við þá staðla.
- b) Breytingar á IFRS 7 – Jöfnun fjáreigna og fjárskulda, sem bætti við nýjum kröfum um upplýsingagjöf sem myndi gera notendum reikningsskila kleift að leggja mat á áhrif, eða möguleg áhrif, fyrirkomulags um jöfnun á fjárhagsstöðu einingar, þ.m.t. áhrif réttar til jöfnunar sem tengist bókfærðum fjáreignum og fjárskuldum einingar. Innleiðing þessara breytinga hefur leitt til nýrra upplýsinga sem bankinn birtir í samstæðureikningi sínum, sjá skýr. 11.

35. *Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir bankann þann 1. janúar 2013 en höfðu engin áhrif á samstæðureikning bankans*

Eftirfarandi nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi þann 1. janúar 2013 höfðu engin áhrif á samstæðureikning bankans:

- a) Breytingar á IAS 1 – Framsetning liða í annarri heildarafkomu;
- b) IAS 19 Starfskjör (breytt 2011);
- c) Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (útgefnar í maí 2012).

36. *Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem bankinn hefur innleitt fyrir gildistöku þeirra*

Bankinn hefur ekki innleitt fyrir gildistöku neina nýja reikningsskilastaðla eða breytingar á reikningsskilastöðlum sem taka gildi eftir 1. janúar 2013.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

37. *Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem taka gildi fyrir bankann fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar sem ekki hafa verið innleiddir af bankanum fyrir gildistöku þeirra*

Eftirfarandi nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum taka gildi fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar og hafa ekki verið innleiddir af bankanum fyrir gildistöku þeirra:

- a) IFRS 10 Samstæðureikningar, sem kemur í stað reglna um samstæðureikninga í IAS 27 Samstæðureikningar og aðgreindir reikningar (breytt 2008) og SIC-12 Samstæðureikningsskil – Einingar um sérverkefni. IFRS 10 inniheldur endurskoðaða skilgreiningu á yferráðum, sem felur í sér þrjá þætti: (i) vald yfir félaginu, (ii) áhættu af eða rétt til breytilegrar arðsemi af aðkomu að félaginu, og (iii) getu til að beita valdi sínu yfir félaginu til að hafa áhrif á fjárhæð arðsemi fjárfestis. IFRS 10 inniheldur ítarlegar leiðbeiningar um beitingu til að taka á því hvernig bregðast skuli við flóknum aðstæðum, þ.m.t. leiðbeiningar um hvernig ákvarða eigi hvenær fjárfestir, sem fer með minnihluta atkvæðisréttar í félagi, hefur í reynd vald yfir félaginu. IFRS 10 inniheldur aðferðir IAS 27 (2008) um gerð samstæðureikningsskila. Þrátt fyrir þetta krefst IFRS 10 þess að móðurfélög sem eru fjárfestingareiningar meti fjárfestingar sínar í tilteknum dótturfélögum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í stað þess að sameina þau í samstæðureikningi. IFRS 10 mun gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu sem er þó háð tilteknum tilslökunum við innleiðingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing á IFRS 10 hafi veruleg áhrif á samstæðureikning sinn.
- b) IFRS 11 Fyrirkomulag um samrekstur, sem kemur í stað IAS 31 Hlutdeild í samrekstri, og setur meginreglur um reikningsskil allra eininga sem eiga hlutdeild í fyrirkomulagi sem er undir sameiginlegum yferráðum. Samkvæmt IFRS 11 ber að flokka og færa fyrirkomulag um samrekstur annaðhvort sem samrekstur eða samrekstrarfélög. Á hinn bóginn, samkvæmt IAS 31 eru þrjár tegundir af fyrirkomulagi um samrekstur: samrekstrarfélög, eignir undir sameiginlegum yferráðum og rekstur undir sameiginlegum yferráðum. Þar að auki gerir IFRS 11 kröfu um að samrekstrarfélög séu færð samkvæmt hlutdeildaraðferðinni en samkvæmt IAS 31 geta samrekstrarfélög verið færð annaðhvort samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eða miðað við hlutfallsleg reikningsskil. Samkvæmt IFRS 11 er fyrirkomulag um samrekstur flokkað eftir réttindum og skuldbindingum aðila að fyrirkomulaginu. Samrekstur verður til þegar samrekstraraðili á rétt á eignum og skuldbindingum tengdum fyrirkomulaginu og þar af leiðandi færir hann hlutdeildina sína í eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Samrekstrarfélag verður til þegar samrekstraraðili á rétt á hreinum eignum fyrirkomulagsins og þar af leiðandi færir hann hlutdeildina sína samkvæmt hlutdeildaraðferðinni. IFRS 11 mun gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu sem er þó háð tilteknum tilslökunum við innleiðingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing á IFRS 11 hafi veruleg áhrif á samstæðureikning sinn.
- c) IFRS 12 Upplýsingar um hagsmuni í öðrum félögum, sem inniheldur allar kröfur um upplýsingagjöf vegna fjárfestinga í dótturfélögum, fyrirkomulagi um samrekstur, hlutdeildarfélögum og sérsniðnum félögum sem eru ekki sameinuð í samstæðureikningi. Kröfurnar um upplýsingagjöf í IFRS 12 eru almennt viðtækari en kröfur gildandi reikningsskilastaðla. Upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt IFRS 12 verða að gera notendum reikningsskila einingar kleift að leggja mat á (a) eðli hagsmuna einingar í öðrum félögum og áhættu sem fylgir þeim, og (b) áhrif hagsmuna í öðrum félögum á fjárhagsstöðu, fjárhagslega afkomu og sjóðstreymi einingarinnar. IFRS 12 mun gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu sem er þó háð tilteknum tilslökunum við innleiðingu. Bankinn væntir þess að innleiðing á IFRS 12 muni leiða til þess að hann þurfi að birta fleiri upplýsingar í samstæðureikningi sínum.
- d) IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstrarfélögum (breytt 2011), sem kemur í stað IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum (breytt 2003), og kveður á um reikningsskil fyrir fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og setur fram reglur um beitingu hlutdeildaraðferðarinnar við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum og samrekstrarfélögum. Stærsti hluti breytinganna sem gerðar voru á IAS 28 árið 2011 eru til komnar vegna þess að við staðalinn hefur verið bætt reglum er varða samrekstrarfélög. Grundvallarnálguninni á reikningsskilum fyrir hlutdeildarfélög sem eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferðinni hefur ekki verið breytt. Því er í IAS 28 (2011) gerð krafa um að félag með veruleg yferráð yfir eða sameiginleg yferráð yfir félagi færi fjárfestinguna í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrarfélaginu samkvæmt hlutdeildaraðferðinni, nema þegar fjárfestingin uppfyllir tilteknar undanþágur. IAS 28 (2011) skýrir að heimilt sé að meta annaðhvort alla fjárfestinguna í hlutdeildarfélagi eða hluta hennar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat (eða IFRS 9, Fjármálagerningar, ef innleiddur), að vissum skilyrðum uppfylltum. IAS 28 (2011) inniheldur nákvæmari reglur varðandi fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstrarfélögum sem uppfylla skilyrði til að flokkast sem til sölu í samræmi við IFRS 5, Fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi. IAS 28 (2011) mun gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing á IAS 28 (2011) hafi veruleg áhrif á samstæðureikning sinn.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

- e) IFRIC 21 Álögur, sem veitir leiðbeiningar um hvenær eigi að færa í reikningsskilum skuldir um að greiða álögur sem ríkið leggur á, aðrar en tekjuskatt. IFRIC 21 skýrir að sá skuldbindandi atburður sem leiðir til skuldar um að greiða álögur kemur til vegna þeirrar starfsemi sem veldur greiðslu álögunnar, eins og hún er skilgreind í viðkomandi löggjöf. Þannig ber að færa skuld um að greiða álögu jafnóðum ef skuldbindandi atburðurinn á sér stað yfir tímabil. Hins vegar, ef skuldbindandi atburðurinn felst í því að tiltekinni lágmarksstarfsemi er náð, þá ber að færa samsvarandi skuld þegar lágmarksstarfseminni er náð. IFRIC 21 skýrir að eining hefur ekki núverandi skuldbindingu um að greiða álögu sem verður lögð á vegna þess að einingin mun starfa á framtíðartímabili. Ef IFRIC 21 verður samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing á IFRIC 21 hafi veruleg áhrif á samstæðureikning sinn.
- f) Breytingar á IAS 32 – Jöfnun fjáreigna og fjárskulda, sem skýra að félag hefur sem stendur framfylgjanlegan rétt til jöfnunar samkvæmt lögum, ef sá réttur (i) er ekki háður framtíðaratburði og (ii) er framfylgjanlegur bæði í daglegum rekstri og í tilviki vanskila, greiðsluþrots eða gjaldþrots einingar og allra mótaðila. Breytingarnar munu gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing þessara breytinga hafi veruleg áhrif á samstæðureikning sinn.
- g) Breytingar á IAS 36 – Upplýsingagjöf um endurheimtanlega fjárhæð ófjárhagslegra eigna, sem taka á upplýsingagjöfni um endurheimtanlega fjárhæð virðisrýðra eigna ef sú fjárhæð byggir á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Breytingarnar munu gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing þessara breytinga hafi veruleg áhrif á samstæðureikning sinn.
- h) Breytingar á IAS 39 – Skipti á mótaðilum í afleiðusamningum og áframhald áhættuvarnarreikningsskila, sem veita tilslökun frá því að hætta beitingu áhættuvarnarreikningsskila þegar skipti sem verða á mótaðilum í afleiðusamningi, sem hefur verið tilgreindur sem áhættuvarnargerningur, uppfylla ákveðin skilyrði. Breytingarnar munu gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing þessara breytinga hafi áhrif á samstæðureikning sinn þar sem bankinn beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.
- i) Breytingar á IAS 19 – Réttindatengd eftirlaunakerfi: framlög starfsmanna, sem taka á framlögum starfsmanna eða þriðja aðila í réttindatengdum eftirlaunakerfum. Markmið breytinganna er að einfalda reikningsskilin vegna framlaga sem eru óháð fjölda starfsára starfsmanna, til dæmis, framlög starfsmanna sem reiknast í samræmi við fast hlutfall af launum. Ef breytingarnar verða samþykktar af Evrópusambandinu munu þær gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2015, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing þessara breytinga hafi áhrif á samstæðureikning sinn þar sem bankinn hefur engin réttindatengd eftirlaunakerfi fyrir starfsmenn sína.
- j) Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (tímabil 2010-2012 og 2011-2013), sem samanstanda af ýmsum breytingum á níu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem eru ekki áriðandi en samt nauðsynlegar. Ef breytingarnar verða samþykktar af Evrópusambandinu munu þær gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2015, með framvirkri beitingu almennt. Bankinn væntir þess ekki að innleiðing þessara breytinga hafi áhrif á samstæðureikning sinn.
- k) IFRS 9 Fjármálagerningar, kemur í stað þeirra hluta IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat, sem snúa að flokkun og mati á fjáreignum og fjárskuldum og áhættuvarnarreikningsskilum. Eftirfarandi eru meginatriði IFRS 9:
- Þess er krafist að fjáreignum sé skipt í tvo matsflokka: fjáreignir sem verða metnar á gangvirði eftir upphaflega færslu og fjáreignir sem verða metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eftir upphaflega færslu. Ákvörðunin verður að vera tekin við upphaflega færslu. Flokkunin ræðst af viðskiptalíkani einingar fyrir stjórnun fjármálagerninga hennar og eiginleikum sammingsbundins sjóðstreymis gerningsins.
 - Gerningur er metinn á afskrifuðu kostnaðarverði eftir upphaflega færslu eingöngu ef hann er skuldagerningur og ef bæði markmið viðskiptalíkans einingar er að halda í eignina til að innheimta sammingsbundið sjóðstreymi og ef sammingsbundið sjóðstreymi eignarinnar felur í sér eingöngu afborganir höfuðstóls og vexti. Allir aðrir skuldagerningar munu verða metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
 - Allir eiginfjárgerningar munu verða metnir á gangvirði eftir upphaflega færslu. Eiginfjárgerningar sem haldið er til veltuviðskipta verða metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fyrir alla aðra eiginfjárgerninga verður hægt að taka óafturkallanlega ákvörðun við upphaflega færslu um það hvort innlestur og óinnlestur hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum verða færð í gegnum aðra heildarafkomu frekar en í gegnum rekstrarreikning. Hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum verður ekki millifært síðar í rekstrarreikningi. Hægt verður að taka þessa ákvörðun fyrir hvern og einn gerning fyrir sig. Arður verður færður í rekstrarreikning svo lengi sem hann felur í sér arðsemi á fjárfestingu.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

87. (framhald)

- Afleiður sem eru innbyggðar í samningum þar sem grunnsamningurinn er fjáreign sem fellur undir gildissvið staðalsins munu ekki verða aðskildar. Þess í stað mun þurfa að ákvarða hvort meta eigi blandaða fjármálagerninginn í heild sinni á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði.

- Almenn séð, ber að færa fjárhæð gangvirðisbreytinga vegna breytinga á lánsfjárhættu skulda, sem eining tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, í aðra heildarafkomu, og aðeins eftirstandandi fjárhæð heildarhagnaðar eða taps er færð í rekstrarreikning. Óheimilt verður að millifæra fjárhæðir sem hafa verið færðar í aðra heildarafkomu yfir í rekstrarreikning síðar en heimilt verður að millifæra þær innan eigin fjár. Ef færsla hagnaðar eða taps á aðra heildarafkomu leiðir hins vegar til, eða eykur, reikningshaldslegt misræmi í rekstrarreikningi þá ber að færa alla gangvirðisbreytinguna í rekstrarreikning. Þar að auki verður allur hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum áfram færð í rekstrarreikning vegna lánsloforða og fjárhagslegra ábyrgðarsamninga sem eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

- Reglur áhættuvarnarreikningsskila eru látnar fylgja meira áhættustýringu, sem gerir einingum kleift að endurspeglar áhættustýringarstarfsemi sína betur í reikningsskilum. Það gerir það að verkum að notendur reikningsskila fái betri upplýsingar um áhættustýringu og áhrif áhættuvarnarreikningsskila á reikningsskil. Nálgun áhættuvarnarreikningsskila í IFRS 9 er byggð meira á meginreglum, þar sem tekið er á ósamræmi og veikleikum í reglum um áhættuvarnarreikningsskil í IAS 39. Þó leyfir IFRS 9 einingum að beita reglum IAS 39 um áhættuvarnarreikningsskil í stað reglna IFRS 9.

Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) hefur ákveðið að fjarlægja 1. janúar 2015 sem gildistökudag fyrir IFRS 9 og hefur ákveðið til bráðabirgða að gildistökudagurinn verði ekki fyrr en 1. janúar 2017. Bankanum verður heimilt að innleiða IFRS 9 í heild sinni eða að hluta til, í samræmi við þá valkosti sem staðallinn býður upp á sem stendur, eingöngu ef staðallinn verður samþykktur af Evrópusambandinu í framtíðinni. Við innleiðinguna á IFRS 9 gæti bankinn valið um hvort hann endurgeri fyrri tímabil eða ekki og þyrfti þá að birta tilteknar upplýsingar um yfirfærsluna frá IAS 39 til IFRS 9. Bankinn ætlar ekki að innleiða IFRS 9 fyrir gildistöku hans og er í því ferli að meta möguleg áhrif hans á samstæðureikning sinn. Miðað við eðli starfsemi bankans, verði staðallinn samþykktur af Evrópusambandinu, er gert ráð fyrir að hann hafi víðtæk áhrif á samstæðureikning bankans á því tímabili sem hann verður innleiddur.

Viðauki óendurskoðað: Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera leiðandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem bankanum ber að starfa samkvæmt, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna.

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti eftirlitsskyldra aðila ásamt viðeigandi lögum og reglum. Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samkeppnislög nr. 44/2005 sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi bankans. Viðeigandi löggjöf má nálgast á vefsíðu Alþingis.¹ Bankinn fer enn fremur eftir reglum og tilmælum Fjármálaeftirlitsins og reglum NASDAQ OMX Iceland hf. sem aðgengilegar eru á vefsíðum þeirra.²

Viðurkenning sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Bankinn er staðráðinn í að viðhalda góðum stjórnarháttum sem samræmast bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna og standa vörð um hagsmuni bankans. Í takt við framangreint markmið réð bankinn óháðan aðila til að gera úttekt á stjórnarháttum bankans og gekkst að því loknu undir formlegt mat Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem fól í sér viðtækt mat á starfsháttum stjórnar, undirnefnda stjórnar og stjórnenda bankans. Í kjölfar matsins hlaut bankinn viðurkenninguna *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum* frá Rannsóknarmiðstöðinni, í febrúar 2014.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 ber bankanum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn bankans fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í mars 2012 (4. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir nefndar leiðbeiningarnar). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs.³

Stjórnarhættir bankans samræmast ákvæðum leiðbeininganna í öllum meginatriðum. Bankinn vikur frá leiðbeiningunum í tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.2., 2.5., 2.10., 5.1., 5.C.1. og 6.2. Hér verður gerð grein fyrir ástæðum frávikanna og til hvaða úrræða hefur verið gripið í tilefni af þeim.

Grein 1.2. í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að formaður stjórnar og tilskilinn meirihluti stjórnarmanna skuli vera viðstaddir hluthafafundi, ásamt bankastjóra. Jafnframt segir að sé æskilegt að endurskoðandi félagsins og ekki færri en einn nefndarmaður allra undirnefnda sé viðstaddur hluthafafundi ef við á. Bankinn hefur fylgt þessu til hlítar hvað aðalfundi bankans varðar en ekki á öðrum fundum hluthafa þar sem bankinn hefur ekki talið það nauðsynlegt enda eru hluthafar í bankanum aðeins tveir talsins.

Grein 2.5. í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að stjórnin skuli meta óhæði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum. Stjórn bankans hefur framkvæmt þetta mat á fyrsta fundi stjórnar eftir að nýjrir stjórnarmenn hafa tekið þar sæti. Framangreint mat verður framvegis framkvæmt fyrir aðalfund bankans.

Grein 2.10 í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að stjórn bankans samþykki skriflega stefnu um samfélagslega ábyrgð og siðareglur. Framkvæmdastjórn bankans samþykkti siðareglur fyrir bankann í janúar 2011. Bankinn hefur ávallt talið það ábyrgðarhlutverk að starfa í sátt við samfélag sitt og hefur frá upphafi lagt sitt af mörkum til að efla nærumhverfi sitt með því að styðja við fjölbreytt starf á sviði menningar, iðrótta og félagsmála, auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni. Bankinn hefur t.d. í sex ár verið aðili að alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð. Árlega er gefin út skýrslan Íslandsbanki í samfélaginu: Global Compact og er hún aðgengileg á vef bankans. Stjórn bankans gerir ráð fyrir að setja sér formlega stefnu um samfélagslega ábyrgð.

Grein 5.1. í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir birtingu starfsreglna undirnefnda á vefsíðu félagsins. Undirnefndir stjórnar starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn í samræmi við starfsreglur stjórnar sem birtar eru á vefsíðu bankans. Greint er frá hlutverki þeirra og ábyrgð á heimasíðu bankans, sem stjórn bankans hefur talið fullnægjandi í þessu samhengi.

Grein 5.C.1. gerir ráð fyrir að stjórn félagsins geti ákveðið að skipa sérstaka tilnefningarnefnd. Stjórn bankans hefur ekki talið ástæðu til að skipa sérstaka tilnefningarnefnd.

Umfram það sem þegar er birt á vefsíðu bankans gerir grein 6.2. í leiðbeiningunum ráð fyrir að á vefsíðu félagsins séu birtar upplýsingar um stjórnarháttayfirlýsingar félagsins s.l. 3 ár; framboð til stjórnar félagsins; og dagskrár hluthafafunda. Ársskýrslur og ársreikningar bankans sem birtir eru á vefsíðu bankans innihalda upplýsingar um stjórnarhætti fyrri ára og hefur bankinn ekki talið þörf á að endurútgefa þær sérstaklega. Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins og dagskrár hluthafafunda hafa ekki verið birtar á vefsíðu bankans og bankinn því talið tilhlýðilegra, þar sem hluthafar eru aðeins tveir, að upplýsingum sé sérstaklega beint til þeirra.

¹ www.althingi.is

² www.fme.is og www.nasdaqomxnordic.com

³ www.vi.is

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Stjórn bankans hefur eftirlit með framkvæmd stefnu bankans, virkni eftirlits með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu, áhættustýringar.

Framkvæmdastjórn, áhættunefnd, efnahagsnefnd og fjárfestingarráð bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegri leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans.

Í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 starfar innri endurskoðunardeild innan bankans sem er sjálfstæð frá öðrum deildum bankans. Innri endurskoðun veitir bankanum sjálfstæða, hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf varðandi það hvort ferli bankans varðandi áhættustýringu, innra eftirlit og stjórnarhætti, samkvæmt ákvörðun og framsetningu stjórnenda, séu fullnægjandi. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun á samstæðugrundvelli.

Bankanum ber að starfrækja regluvörslu, annars vegar sem fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfiðskipta og hins vegar sem útgefandi skráðra fjármálagerna. Regluvörður er skipaður af bankastjóra og er skipun hans staðfest af stjórn og þaðan hefur regluvarsla umboð sitt, í samræmi við 130. gr. laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007. Hlutverk regluvarðar er að fylgjast með og meta, með reglubundnum hætti, ráðstafanir bankans í tengslum við verðbréfiðskipti, og að þær séu ávallt í samræmi við viðeigandi lög.

Í samræmi við samþykktir bankans og lög um fjármálafyrirtæki skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi bankans til fimm ára í senn. Á aðalfundi bankans 2010 var Deloitte hf. kosið sjálfstætt endurskoðunarfélag bankans.

Enginn eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað að bankinn hafi brotið lög eða reglur á árinu 2013.

Ákvarðanatökulykill Íslandsbanka

Stjórn bankans innleiddi árið 2012 ákvarðanatökulykil fyrir starfsemi bankans með því að kortleggja allar meiriháttar ákvarðanir sem hugsanlegt væri að bankinn vilji grípa til við ákveðnar aðstæður og skilgreinir rétt ferli við töku þeirra. Ákvarðanatökulykillinn setur ákveðin skilyrði fyrir töku allra meiriháttar ákvarðana og skilgreinir hver sé best fallinn til ákvarðanatökunnar og að þær séu teknar á grundvelli bestu fánlegu upplýsinga á hverjum tíma.

Gildi Íslandsbanka, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi bankans eru kjarni fyrirtækjamenningarinnar sem mótar hegðun, hugarfarar og viðmót starfsmanna bankans. Gildi bankans krefjast þess að starfsmenn bankans séu faglegir, stundi öguð vinnubrögð, fari eftir ferlum og fylgi málum eftir til enda – fagleg, jákvæð og framsýn.

Til að viðhalda og styrkja trúverðugleika og orðspor bankans tóku allir starfsmenn þátt í að móta siðareglur bankans. Þeim er ætlað að stuðla að góðum starfs- og viðskiptaháttum, auka traust og leiðbeina starfsfólki við dagleg störf. Siðareglurnar, sem voru samþykktar af framkvæmdastjórn í janúar 2011, má finna á vefsíðu bankans.

Bankinn leggur sitt af mörkum til að efla nærumhverfi sitt með því að styðja við fjölbreytt starf á sviði menningar, íþróttar og félagsmála, auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni. Verkefni bankans á sviði samfélagslegrar ábyrgðar eru byggð á stefnu sem nær til fjögurra lykilþátta; viðskipta, mannauðs, samfélags og umhverfis. Árlega er gefin út skýrslan Íslandsbanki í samfélaginu – Global Compact og er hún aðgengileg á vef bankans. Undanfarin sex ár hefur bankinn verið aðili að alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, UN Global Compact. Sáttmálinn er leiðarvísir að því hvornig fyrirtæki geta sýnt samfélagslega ábyrgð í verki og er hvatning til góðra verka. Stjórn bankans gerir ráð fyrir að innleiða formlega stefnu um samfélagslega ábyrgð.

Stjórn Íslandsbanka, undirnefndir stjórnar og framkvæmdastjórn

Stjórn

Í stjórn bankans sitja níu einstaklingar, og tveir varamenn, sem kosnir eru á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn af hluthafafundi. Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans.

Stjórn bankans fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hlutahafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á mótun stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn skipar bankastjóra og innri endurskoðanda.

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildandi reglur frá 27. ágúst 2013 má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt starfsreglum stjórnar eru fundir stjórnar lögmætir ef fimm stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Stjórnarfundur á árinu 2013 voru 14 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Í samræmi við starfsreglur stjórnar eru tilnefndar sérstakar undirnefndir stjórnar. Nefndirnar starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Lánanefnd stjórnar hætti störfum í ágúst 2013. Undirnefndir stjórnar eru fjórar og eru allar skipaðar stjórnarmönnum.

Endurskoðunarnefnd sem skipuð er fjórum stjórnarmönnum aðstoðar stjórn við að hafa eftirlit með reikningshaldi og endurskoðun á mikilvægum bókhalds- og reikningssskilamálum, skilvirkni innra eftirlits og fyrirkomulagi áhættustýringar og regluvörslu. Fundir endurskoðunarnefndar stjórnar á árinu 2013 voru níu, allir lögmætir.

Áhættunefnd stjórnar sem skipuð er fjórum stjórnarmönnum ber ábyrgð á að endurskoða reglur og aðferðir við áhættustýringu sem notaðar eru af stjórnendum í starfsemi bankans og kynna fyrir stjórn bankans helstu áhættuþætti í rekstri bankans. Áhættunefnd stjórnar ber einnig ábyrgð endurskoðun reglna sem stjórn setur um áhættustýringu. Fundir áhættunefndar stjórnar á árinu 2013 voru sjö talsins, allir lögmætir.

Stefnumótunarnefnd sem skipuð er fimm stjórnarmönnum fylgist með og samþykkir helstu þætti í stefnu bankans og leggur fram vegvísi varðandi innleiðingu stefnunnar. Nefndin ákveður stefnumarkandi fjárhagsleg markmið bankans og áherslur og fylgist með framgangi þeirra. Fundir stefnumótunarnefndar stjórnar á árinu 2013 voru þrjár talsins, allir lögmætir.

Nefnd stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál sem skipuð er fimm stjórnarmönnum aðstoðar stjórn bankans við að fylgjast með þróun og meta reglulega nálgun bankans í góðum stjórnarháttum og árangur stjórnarmanna. Nefndarfundir stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál voru sex talsins á árinu 2013, allir lögmætir.

Nefndarskipan má sjá í töflu hér að neðan.

	Endurskoðunarnefnd stjórnar	Áhættunefnd stjórnar	Stefnumótunarnefnd stjórnar	Nefnd um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál
Friðrik Sophusson				
John E. Mack				
Árni Tómasson				
Dr. Daniel Levin				
Marianne Økland				
María E. Ingvadóttir				
Neil Graeme Brown				
Helga Valfels				
Pórána Jónsdóttir				

Nefndarmaður Formaður nefndar

Árangursmat stjórnar

Starfsreglur stjórnar kveða á um skyldu til að stjórn meti störf sín, verklag og starfshætti eigi sjaldnar en árlega. Þessu mati er ætlað að bæta starfshætti og skilvirkni stjórnarinnar. Við árangursmat er lagt mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Árangursmatið byggir m.a. á sjálfsmati hvers stjórnarmanns, mati á hvort starfreglud hafi verið fylgt til hlítar, stöðumati á sérstökum áherslum varðandi áhættustýringu og innra eftirlit ásamt stikkprufum á eftirfylgni mála sem stjórnin hefur afgreitt.

Upplýsingar um stjórnarmenn

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1943. Hann er með embættispróf frá Lagadeild Háskóla Íslands. Friðrik hefur verið stjórnarformaður frá janúar 2010. Hann er jafnframt stjórnarformaður Hlíðarenda ses. og Úlfjótuvatni sf., og varamaður í stjórn Fondement ehf.

John E. Mack, varaformaður stjórnar, er fæddur árið 1947 og er bandarískur ríkisborgari. Hann er með MBA gráðu frá Virginia Darden School of Business og hagfræðigráðu frá Davidson College. Hann hefur verið stjórnarmaður síðan janúar 2010. Hann situr einnig í stjórn Flowers National Bank, Incapital Holdings, Medley Capital Corporation og Search Light Minerals (SRCH).

Neil Graeme Brown er fæddur árið 1959 og er breskur ríkisborgari. Hann er með M.A. gráðu í klassískum fræðum frá Emmanuel College í Cambridge og er löggiltur endurskoðandi. Hann hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Eigandi og stofnandi Subito Partners, ráðgjafarfyrirtæki við stjórnir og fjárfestingarfélag í London, sem sérhæfir sig í ráðgjöf um fjárfestingar og endurskipulagningu. Hann situr einnig í stjórn Gate D3 Group AG, Magma Finance, AVC NEXT- GEN og Euro Car Parts Limited.

Dr. Daniel Levin er fæddur árið 1963 og er bandarískur og svissneskur ríkisborgari. Hann er með J.D. og Ph.D. gráðu í lögum frá University of Zurich og LL.M gráðu í lögum frá Columbia University. Hann hefur verið stjórnarmaður frá maí 2011. Hann hefur um langt skeið sinnt ráðgjafarstörfum fyrir ríkisstjórnir og alþjóðlegar þróunarstofnanir um þróun fjármagnsmarkaða og fyrir eftirlitsaðila um innleiðingu síða- og stjórnarháttareglna fyrir fjármálafyrirtæki. Hann situr einnig í stjórn CMD Group LLC, Corporation Maldana AG, Liechtenstein Foundation for State Governance, Make Foundation Inc., Securoseal Global Ltd. og Securoseal USA LLC.

Árni Tómasson, er fæddur árið 1955. Hann er með Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi. Hann rekur í dag eigið ráðgjafarfyrirtæki AT ráðgjöf ehf. og situr jafnframt í stjórn félagsins. Hann hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Hann situr einnig í stjórn Gullberg ehf., Skjaldborg Kröfuhafafélag 15 ehf., Skjaldborg Kröfuhafafélag 10 ehf. og Kaffítar ehf.

Marianne Økland er fædd árið 1962 og er norskur ríkisborgari. Hún er með M.Sc. gráðu í fjármálum, hagfræði og stærðfræði frá Norwegian School of Economics and Business Administration. Hún starfar sem framkvæmdastjóri Avista Partners. Hún hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Hún situr einnig í stjórn IDFC og Scorpio Tankers Inc.

María E. Ingvadóttir er fædd árið 1946. Hún er með Cand.Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún er eigandi og framkvæmdastjóri Beggja hagar ehf. sem er ráðgjafarfyritæki á sviði endurskoðunar og stjórnumar. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2012. Hún situr einnig í stjórn Storice ehf., Beggja hagar ehf., Ranna ehf., Oliulindin ehf. og Fjölblandir ehf.

Dr. Þórunna Jónsdóttir er fædd árið 1968. Hún er með doktorsgráðu í stjórnun frá Cranfield University í Bretlandi, MBA gráðu frá IESE Barcelona og meistaraþráðu í lyfjafræði frá Háskóla Íslands, ásamt því að hafa lokið prófi til löggildingar í verðbréfamiðlun. Hún starfar sem forseti viðskiptadeildar við Háskólann í Reykjavík. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2013. Þórunna er framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í Kaliber ehf., Ísarn ehf. og er varamaður í stjórn Klak Innovit ehf.

Helga Valfells er fædd árið 1964. Hún er með MBA gráðu frá London Business School og A.B. gráðu í ensku og hagfræði frá Harvard University. Hún er framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs Atvinnulífsins. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2013. Hún er eigandi og framkvæmdastjóri Árhólmi ehf. og eigandi og varamaður í stjórn Uggi ehf. Hún situr jafnframt í stjórn Mentor ehf., Klak Innovit ehf., Transmit ehf., Gagnavarslan hf., Vesturgarður ehf., og Frumtak GP hf. Hún er varamaður í stjórn AMP ehf., Tölvuský ehf., Info Mentor ehf., Norrænar myndir ehf., Akthelia ehf., Árhólmi ehf. og Íslensk nýsköpun ehf.

Varamenn stjórnar eru þeir **Gunnar Fjalar Helgason**, frá september 2013, og **Jón Eiríksson**, frá janúar 2011.

Allir stjórnarmenn bankans teljast óháðir bankanum og stórum hluthöfum bankans að undanskildum Árna Tómassyni sem telst háður ISB holding ehf. sem er dótturfélag Glitnis banka hf., vegna setu Árna í skilanevnd Glitnis banka hf. frá september 2008 til september 2011.

Framkvæmdastjórn

Bankastjóri er ábyrgur fyrir að annast rekstur bankans í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Það er einnig hlutverk bankastjóra að tryggja að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar regluvörð bankans, framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og nefndarmenn í lykilnefndir framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn, ásamt bankastjóra, stýrir daglegum rekstri bankans í samræmi við stefnu stjórnar. Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af átta einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum: Birna Einarsdóttir, bankastjóri síðan í október 2008; Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs síðan október 2011; Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs síðan September 2010; Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri eignastýringar síðan október 2008; Sverrir Örn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar síðan nóvember 2010; Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri markaða síðan september 2011; Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabanka síðan október 2008; og Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs síðan október 2008.

Bankastjóri og lykilnefndir framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans.

Skipan lykilnefnda framkvæmdastjórnar, er ákveðin af bankastjóra en erindisbréf nefndanna og vinnureglur eru samþykktar af stjórn. Nefndirnar eru:

- Framkvæmdastjórn sem stýrir stefnu bankans varðandi rekstraráhættu á samstæðugrundvelli.
- Áhættunefnd sem fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaáhættu í samræmi við lánastefnu og útlánareglur bankans.
- Efnahagsnefnd sem hefur umsjón og eftirlit með öðrum fjárhagslegum áhættum eins og markaðsáhættu, lausafjárháttu og vaxtaáhættu í fjárfestingarbók.
- Fjárfestingarráð sem tekur ákvarðanir um kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og aðrar tegundir fjárfestinga, t.d. í fjárfestingarsjóðum og fasteignum.

Auk þessa eru fjögur svið sem heyra beint undir bankastjóra; lögfræðideild, mannauðssvið, markaðsdeild og regluvarsla.

Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar

Bankinn er í meirihlutaeigu Glitnis banka hf. sem fer með 95% af hlutfé bankans í gegnum dótturfélag sitt, ISB Holding ehf. Þau 5% sem eftir standa eru í eigu íslenska ríkisins og eru undir stjórn Bankasýslu ríkisins.

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði viðeigandi laga, samþykta bankans og starfsreglna stjórnarinnar. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum og ákvarðanatöku standa vörð um hagsmuni bankans og hluthafa í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og gildandi regluverk um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Hluthafafundur eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fara með æðsta vald í málefnum bankans. Á milli löglega boðaðra hluthafafunda sér stjórnarformaður um samskipti við hluthafa fyrir hönd stjórnar.

Hluthafar geta á hverjum tíma tjáð sig um málefni bankans við stjórn og lagt fyrirspurnir til stjórnar til umræðu.